KRISTLEIFUR HALLDÓRSSON

*Klaustursbleikja með kóngakrabbasalati*

matur helgin

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS





BRYNDÍS JAKOBSDÓTTIR

*„Ég var viss um að platan yrði skotin í kaf“*

FÖSTUDAGUR

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. júlí 2008 — 194. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Yosoy kvikmynduð



Kvikmyndafélagið Pegasus hefur keypt kvikmyndaréttinn að skáldsögunni Yosyo eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur.

FÓLK 46

### Sambandið 100 ára



Landbúnaðarsambandið heldur upp á 100 ára stórafmælið með pompi og prakt.

TÍMAMÓT 26

### Þrennir tónleikar á þremur dögum

Bang Gang kom fram í St. Tropez í gær, eru í París í kvöld og troða upp á Seyðisfirði á morgun

FÓLK 35

### Sigur og tap



FH og ÍA kepptu bæði í UEFA-bikarnum í gær. FH vann á heimavelli en ÍA fékk skell í Finnlandi.

ÍÞRÓTTIR 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**MILDAST SYÐST** Í dag verða norðan 3-10 m/s. Yfirleitt bjart með köflum sunnan til og vestan en skýjað og sums staðar væta fyrir norðan og austan. Hiti 5-16 stig, mildast til landsins syðra.

VEÐUR 4

# Leikskóli í Firðinum reistur á fornminjum

**Deildarstjóri hjá Fornleifavernd ríkisins segir líklegt að fornleifar séu undir nýlegum leikskóla í Hafnarfirði. Bærinn hefur líklega brotið þjóðminjalög.**

**FORNLEIFAR** Fornleifavernd ríkisins hefur fengið kvörtun vegna tveggja færanlegra kennslustofa við leikskólann Hvamm í Hafnarfirði. Talið er að stofurnar standi ofan á fornleifum en stoðir undir húsin ná um hálfan annan metra niður í jörð.

Agnes Stefánsdóttir, deildarstjóri hjá Fornleifavernd, segist hafa skoðað málið og verið sé að safna gögnum um það. „Mér sýnist líkur vera á því að þetta séu fornleifar,“ segir Agnes.

Jónatan Garðarsson, dagskrárgerðarmaður og söguáhugamaður, var sá sem kom auga á þetta. „Þetta er að sjálfsögðu slæmt. Farið er yfir gamla bæjartröð sem hét Suðurtraðir og lá upp að gamla Jófríðarstaðabænum. Traðirnar eru mörg hundruð ára gamlar,“ segir Jónatan.

Hjá bænum háðu Þjóðverjar og Englendingar bardaga þar sem barist var um hafnir Hafnarfjarðar. Seinna var þar býli sem Bjarni riddari Sívertsen, oft kallaður faðir Hafnarfjarðar, keypti.

„Það hefði verið hægt að byggja við skólann án þess að skemma þessar minjar sem tengjast náið sögu Hafnarfjarðar,“ segir Jónatan, en hann hefur árum saman farið með ferðahópa um minjar Hafnarfjarðar og traðirnar hafa verið meðal þeirra áfangastaða sem hann hefur farið á.

Greint var frá óánægju íbúa í Staðarhvammi vegna byggingar við leikskólann Hvamm í Fréttablaðinu í síðustu viku. Þegar Jónatan sá fréttina hann að verið væri að byggja yfir fornminjarnar og fór á staðinn. „Búið er að moka burt hluta af tröðunum og setja grófa möl yfir. Það er ekki hægt að laga þetta,“ segir Jónatan.

Samkvæmt þjóðminjalögum þarf að fá samþykki Fornleifaverndar til að granda fornleifum. Brot gegn því varðar sektum og allt að þriggja ára fangelsi.

vidirp@frettabladid.is



**ÞÆGUR Á AFMÆLISDAGINN** Ögmundur Jónasson, þingmaður og formaður BSRB, hélt upp á 60 ára afmæli sitt að heimili sínu í gær. Ögmundur er þekktur fyrir að vera harður í horn að taka í stjórnarandstöðunni en þótt gestir væru úr öllum flokkum var engu nema samstöðu fyrir að fara í gær og allir samglöddust honum. Hér árnar frú Vigdís Finnbogadóttir honum heilla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Herbert Guðmundsson ljóstrar upp áratugagömlu leyndarmáli úr poppheimum:

# Trommari Stones á plötu Herberts

**TÓNLIST** „Já, Charlie Watts er þarna á nokkrum lögum á plötunni Dawn of the Human Revolution,“ segir Herbert Guðmundsson, tónlistarmaður með meiru.

Leyndarmál, sem farið hefur verið með sem mannsmorð í tónlistarbransanum í kvartöld, er nú gert opinbert. Charlie Watts, trommari Rolling Stones, spilar í nokkrum lögum á plötu Herberts, Dawn of the Human Revoluton, sem kom út árið 1985 meðal annars á stórsmelli Hebba: Can't Walk Away. Hvernig má þetta vera?

Þegar Hebbi vann við að hljóðblanda plötuna í London í október árið 1984 í félagi við íslenskan hljóðmann ónefndan þá fannst þeim sem vantaði almennilegt trommusánd. „Hljóðmaðurinn sagðist eiga þennan rosalega feita og þétta og sneril og sagði hann vera frá þessum manni kominn. Og við notuðum hann í nokkur lög. Sennilega í Can´t Walk Away, örugglega í Wild Town og einhver rokklög önnur,“ segir Herbert. Þá var það svo að Stones höfðu verið að taka upp í þessu saman hljóðveri. Áður en þeir mættu til leiks höfðu Watts mætt til að stilla trommur sínar, en hann er einmitt frægur fyrir sérstæðan hljóm snerіltrommu sinnar. Tökur frá því höfðu orðið eftir í hljóðverinu og þær notaði Hebbi - sem ekki hefur þorað að segja frá þessu fyrr en nú af ótta við málssókn.

- jbg/sjá síðu 46



**EIÐUR SMÁRI** Skilar dágóðri upphæð til uppeldisfélaga sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Uppeldisbætur félaga:

# Eiður skilar ÍR átta milljónum

**FÓTBOLTI ÍR er meðal félaga sem grætt hefur myndarlega á uppeldisstarfi sínu. Félagið fékk samtals tæpar átta milljónir króna þegar Eiður Smári Guðjohnsen var seldur frá Chelsea til Barcelona og Valur tæpar sjö milljónir.**

**„Það þurfa allir að halda vöku yfir rétti sínum,“ segir Gísli Gíslason sem telur að félög gætu sum hver hafa misst af fúlgum fjár fyrir að þekkja ekki til hins flókna reglukerfis.** - hþh / íþróttir 42

Starf ríkissáttasemjara:

# Ásmundur hættir

**TÍMAMÓT** Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari hefur ákveðið að láta af störfum 1. nóvember næstkomandi. „Það má segja að þetta sé alveg ástæðulaust,“ segir hann spurður um ákvörðunina. „Það er ekkert sem kallar á þetta annað en að mér finnst þetta góður tími til að hætta, nú þegar ákveðin skil eru á milli verkefna. Ég er einfaldlega að hætta að vinna og get því gefið mér og minni fjölskyldu meiri tíma.“



**ÁSMUNDUR STEFÁNSSON**

Ásmundur er 63 ára og hefur gegnt starfinu í fimm ár. Hann tók þá við af Þóri Einarssyni.

Aðspurður hvort vinnulotan síðustu misserin hafi tekið á svarar hann: „Nei, síður en svo. Ég hef svo sem ekki forðast vinnutarnir í gegnum ævina. Þetta hefur verið ljúft og yndislegt.“ - jse










## SPURNING DAGSINS



*Sylvía, eru þessi fatalög alveg fatal lög?*

„Það er lítill tilgangur í að setja lög sem ekki er hægt að framfylgja.“

Bifhjólafólki er gert að klæðast viðurkenndum lágmarkshlífðarfatnaði samkvæmt fatalögum. Nokkurrar óánægju gætir meðal bifhjólafólks vegna þessa. Sylvía Guðmundsdóttir er formaður Sniglanna.

Fyrir ári stóð úrvalsvísitalan í 9.016 stigum en hefur lækkað um helming:

# Helmingslækkun á einu ári

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan hefur lækkað um 53 prósent frá því 18. júlí í fyrra þegar hún var í methæðum. Þá mældist hún 9.016 stig. Nú ári síðar stendur vísitalan í 4.157 stigum og hefur ekki verið lægri í þrjú ár.

Flest félög hafa lækkað umtalsvert á þesssu tímabili. Exista hefur lækkað mest, um tæplega 83 prósent. Atlantic Petroleum hefur hækkað mest, um tæp 39 prósent.

„Við gerum ráð fyrir því að markaðurinn verði rólegur út árið og vísitalan standi í 4.000 stigum í árslok,“ segir Sveinn Þórarinsson sérfræðingur hjá greiningu Glitnis. Hann bendir á að veltan sé lítil og verðmyndun óskilvirk.

Sveinn bendir á að markaðir muni líklega ekki taka við sér fyrr en óvissunni um lántöku ríkissjóðs er útrýmt eða jákvæðar fréttir berast af fjármögnun íslensku bankanna. **-bþa**

**MESTU LÆKKANIR**

| Félag | Lækkun |
|---|---|
| Exista hf. | -83,9% |
| FL GROUP | -78,15% |
| Teymi | -72,9% |

**MESTU HÆKKANIR**

| Félag | Hækkun |
|---|---|
| Atlantic Petroleum | 38,76% |
| Tryggingamiðstöðin | 19,44% |
| Alfesca | 16,64% |




Skipulagsstofnun ákvarðar:

# Gjástykki fer í umhverfismat

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun hefur ákveðið að borun á rannsóknarholu í Gjástykki skuli fara í umhverfismat, eins og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra óskaði eftir.

Stofnunin segir að borunin kunni að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið og hana skuli því meta. Gjástykki er eitt fjögurra jarðhitasvæða sem rannsökuð eru vegna hugsanlegs álvers Alcoa á Bakka.

Iðnaðarráðuneytið skilaði áliti sínu til Skipulagsstofnunar þann 8. júlí, eftir þriggja mánaða töf, að sögn RÚV. Aðrir hafi skilað áliti sínu innan tveggja vikna. **- kóp**

Sjósund á Grikklandi:

# Yfir hundrað drukknað í ár

**GRIKKLAND** Frá því í júníbyrjun hafa 106 manns drukknað við strendur Grikklands en það eru fleiri en nokkurs staðar annars staðar í Evrópu. Gríska dagblaðið Ta Nea greinir frá þessu í gær.

Nikos Jovanidis, yfirmaður í grísku sjóbjörgunarsveitinni, segir ástæðuna meðal annars að einungis um 40 prósent Grikkja séu syndir. Einnig fari of margir í sjóinn stuttu eftir að hafa tekið vel til matar síns eða jafnvel neytt áfengis.

Meðal þeirra sem drukknað hafa á þessu tímabili eru um 20 börn undir 14 ára aldri. Síðustu tvo áratugi hafa tæp sex þúsund manns drukknað við strendur landsins. **- jse**



**FRÁ GARÐSTÖÐUM** Bílasafnið á Garðstöðum hefur verið talið mikil óprýði fyrir hreppinn en nú er þar unnið verk sem fegrar landið, að sögn framkvæmdastjóra Hringrásar. Innan rúmlega árs eiga aðeins að vera eftir 60 bílhræ en þau eru nú nokkur hundruð.

# Vilja að bílasafnari fái umhverfisverðlaun

**Hreinsun á bílakirkjugarðinum á Garðsstöðum við Ísafjarðardjúp hefur leitt af sér starfsemi sem endurvinnslan Hringrás vill tilnefna til umhverfisverðlauna. Ráðgert er að einungis 60 bílhræ verði þar haustið 2009 en fyrir þremur árum voru þau 560.**

**UMHVERFISMÁL** Málefni bílasafnsins á Garðstöðum við Ísafjarðardjúp hafa tekið nokkrum stakkaskiptum að undanförnu. Að sögn Ómars Más Jónssonar, sveitarstjóra Súðavíkurhrepps, var búið að gera samkomulag við Þorbjörn Steingrímsson, eiganda Garðsstaða, um að fækka bílhræjum niður í 60 fyrir haustið 2009 en þau voru 560 árið 2005.

„Nú er bara svo komið að verð á brotajárni hefur hækkað svo hann hefur getað selt þetta og menn koma langt að til að sækja þetta, ekki nóg með það heldur er hann farinn að taka við brotajárni frá bændum í grenndinni til að koma því í vinnslu,“ segir Ómar.

„Við eigum gott samstarf við Þorbjörn og í raun myndum við hjá Hringrás vilja tilnefna hann til umhverfisverðlauna fyrir þetta starf sitt svo einhver fái það nú sem er í raun og veru að því að fegra umhverfið,“ segir Einar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Hringrásar.



**ÓMAR MÁR JÓNSSON**

„Hann sorterar þetta fyrir okkur; tekur rafgeyma úr bílum, tekur dekkin af og pressar bílhræin svo hagkvæmt sé að flytja þetta, þannig að hann er að vinna verk sem við myndum annars þurfa að gera svo vissulega greiðum við honum fyrir það.“

Þorbjörn segir að fjöldi annarra hafi sýnt því áhuga að fá brotajárn hjá sér. „Það er minna framboð af því núna svo að eftirspurnin er meiri,“ segir hann.

Hvorki Ómar né Þorbjörn segjast vissir um hversu mörg bílhræ séu nú á Garðstöðum en heilbrigðisfulltrúi mun fara þangað í næstu viku til að gera úttekt á svæðinu og athuga hvernig gangi með sett markmið. Síðast voru þau talin árið 2006 en þá voru þau 469. Bæði Þorbjörn og Ómar eru bjartsýnir á að markmiðið náist á tilsettum tíma. En hvað tekur þá við?

„Leyfið sem hann fær fyrir að hafa þarna 60 bílhræ er háð því að hann verði með leyfi fyrir starfsemi þarna eins og til dæmis bílapartasölu,“ segir Ómar. Þorbjörn telur hugsanlegt að sú verði lendingin. **jse@frettabladid.is**

Íbúðalánasjóður:

# Reglugerðar enn beðið

**EFNAHAGSMÁL Mánuður er liðinn frá því að ríkisstjórnin tilkynnti um breytingar á Íbúðalánasjóði. Fjármálastofnanir bíða enn eftir reglugerð sem gerir þeim kleift að skipta á íbúðabréfum fyrir ríkistryggð skuldabréf.**

**„Enn hefur ekki reynt á tillögur ríkisstjórnarinnar þar sem undirbúningurinn var mikið meira verk en gert var ráð fyrir í upphafi,“ segir Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs. Samkvæmt heimildum Markaðarins er tíðinda að vænta á næstunni.**

**-bþa / sjá síðu 18**



**SALIM HAMDAN** Jemeninn er fangi í Guantanamó-fangabúðum Bandaríkjamanna. NORDICPHOTOS/AFP

Guantanamó-fangi:

# Fer ekki fyrir almennan dóm

**BANDARÍKIN,AP Bandarískur herdómari hefur hafnað kröfu lögfræðinga Salims Hamdan um að stöðva réttarhöld yfir Hamdan fyrir sérstökum gerðardómi fyrir fanga í Guantanamó-fangabúðunum.**

**Lögfræðingarnir telja brot gegn jafnræðisreglu að Hamdan fái ekki að flytja mál sitt fyrir almennum dómstóli eða herdómstóli.**

**Hamdan er ákærður fyrir að styðja hryðjuverk, en hann var bílstjóri bin Ladens. Hann getur átt yfir höfði sér lífstíðardóm verði hann fundinn sekur.** **- gh**




**JUST FOOD TO GO** Nýr veitingastaður á Laugarásvegi 1.

Nýjung á Íslandi:

# Tilbúnir réttir seldir eftir vigt

**MATUR** „Þetta er það eina sem okkur fannst vanta í veitingahúsaflóruna,“ segir Stefán Stefánsson sem var að opna matsölustaðinn Just Food to go ásamt konu sinni. Þar er hægt að kaupa sér tilbúinn mat sem seldur er eftir vigt.

Stefán leggur áherslu á hollustu og býður ekki upp á neitt brasað, engan skyndibitamat né aukaefni. Hann er bæði með venjulegan heimilismat og veitingahúsarétti og fólk getur einnig keypt af honum veisluþjónustu. **-mþþ / sjá allt**




Bensínlítrinn kostar tvöfalt meira en mjólkurlítrinn:

# Bensín og mjólk kostuðu það sama

**NEYTENDAMÁL** Sú var tíðin að mjólkurlítrinn og bensínlítrinn kostuðu álíka margar krónur. Bensínlítrinn fór til dæmis ekki að kosta meira en mjólkurlítrinn fyrr en árið 1993. Á árunum 1993 til 1995 héldust mjólkin og bensínið tiltölulega vel í hendur og ekki var marktækur munur á verðinu.

Eftir 1998 hefur bensínið síðan rokið fram úr mjólkinni og bensínlítrinn er nú 94 prósentum dýrari en mjólkurlítrinn.

Eftirtektarverðast varðandi mjólkurlítrann er líklega að hann lækkaði úr 82 krónum niður í 63 krónur á árinu 2005 en hækkaði aftur í 78 krónur árið eftir og hefur hækkað síðan.

Árið 1989 var bensínlítrinn töluvert ódýrari en mjólkin, eða 19 krónum og árið 1987 kostaði bensínlítrinn aðeins 34 krónur.

Bensínlítrinn hefur lækkað um 6,2 krónur á tveimur dögum. Lækkun á flestum stöðvum var fimm krónur í gær og 1,20 krónur í fyrradag. Í gær kostaði bensínlítrinn um 170 krónur á flestum stöðvum en ódýrast 168,90 hjá Atlantsolíu. Ástæðan er lækkandi heimsmarkaðsverð og miklar sviptingar í efnahagsmálum í Bandaríkjunum. Ódýrasti lítrinn af nýmjólk úti í næstu búð kostar hins vegar 87 krónur. **- vsp**



## Verið velkomin á Bifröst

# Fjölskylduhátíð í dag

## Komið við á Bifröst og upplifið slagkraft sögunnar

Skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna kl. 11 - 16 undir stjórn Eddu Björgvinsdóttur, leikara og meistaranema

11.00 Fjölskylduhátíð hefst – móttökunefnd fagnar gestum.

11.30 Gjörningur – LEIKFÉLAG STAFHOLTSTUNGNA birtist gestum í Hriflu.

12.00 Gönguferð á Grábrók – góð hreyfing og ævintýri fyrir alla fjölskylduna.

12.30 ARNA KRISTÍN EINARSDÓTTIR flautuleikari gleður áheyrendur í Kringlunni.

12.45 Gönguferð að Hreðavatni – gamla rútan ferjar gesti í átt að fjársjóðsleit í Jafnaskarðsskógi.

13.00 Hljómleikar í Hriflu – BANDIÐ BAK VIÐ EYRAÐ

13.15 Gönguferð í Paradísarlaut og að Glanna – óvæntar uppákomur á leiðinni, gamla rútan ferjar gesti áleiðis.

13.30 Karlakórinn SÖNGBRÆÐUR syngur sig inn í hjörtu gesta í Hriflu.

14.00 Draugar fortíðarinnar birtast í Hátíðarsalnum þar sem gestir þiggja þjóðlegar veitingar ... og baka sínar vöfflur sjálfir!

14.30 SIGRÍÐUR AÐALSTEINSDÓTTIR óperusöngkona syngur ljúf lög í Hriflu við undirleik Viðars Guðmundssonar.

15.00 VOCES MASCULORUM sönghópurinn frumflytur Bifrastarlagið undir stjórn Jónasar Þóris – í Hriflu.

15.30 ÚTILEIKHÚSIÐ LOTTA sýnir atriði úr leikritinu Galdrakarlinn í Oz á túninu við Skógarsel.

16.00 KVEÐJUSTUND og þakkir fyrir ánægjulegan dag.

Fjölskyldumarkaður. Á Háskólatorginu bjóða sveitungar og nemendur ýmsa skemmtilega muni til sölu.

Kiðlingar. Litlir jarmandi gestir á Háskólatorginu.

Listasmiðja. Mynd- og leiklist undir berum himni.

Hestar. Börnum boðið á hestbak – í fylgd fullorðinna.

Gjörningar. Í boði nemenda og leikhópa.

Sögusýning. Í kennslustofunum Rauðbrók og Grábrók.

Myndlistarsýning. Listamenn sýna verk sín á göngum skólans.

Gönguferðir. Þeir sem hafa áhuga á leiðsögn um fegurstu svæði Borgarfjarðar skrá sig í móttökutjaldinu.

Happdrætti. Lukkunúmer er á hverju dagskrárblaði.

Gisting. Fosshótel býður gistingu á Bifröst á sérstöku afmælistilboðsverði.




WWW.BIFRÖST.IS

FRUMGREINADEILD | VIÐSKIPTADEILD | LAGADEILD | FÉLAGSVÍSINDADEILD

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

## GENGIÐ 17.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 76,62 | 76,98 |
| Sterlingspund | 153,36 | 154,10 |
| Evra | 121,46 | 122,14 |
| Dönsk króna | 16,28 | 16,376 |
| Norsk króna | 15,057 | 15,145 |
| Sænsk króna | 12,800 | 12,874 |
| Japanskt jen | 0,7261 | 0,7303 |
| SDR | 125,38 | 126,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
155,694

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vinningstillaga í keppni um byggingu Listaháskólans við Laugaveg sýnir rúmlega 13.000 fermetra byggingu:

# LHÍ krefst breytingar á deiliskipulagi

**MIÐBÆRINN** „Við þurfum að óska eftir breytingu á ríkjandi deiliskipulagi,“ segir Hjálmar Helgi Ragnarsson, rektor Listaháskólans.

Hjálmar kynnti í gær sigurtillögu +Arkitekta í samkeppni um nýjan Listaháskóla við Laugaveg.

Tillagan gerir ráð fyrir að öll gömul hús á reitnum víki, utan eitt, Laugavegur 41, sem á að friða.

„Formaður skipulagsráðs lagði það sérstaklega að okkur að gæta götumyndarinnar og það teljum við okkur hafa gert,“ segir Hjálmar og bendir á að hæð hússins sé í samræmi við önnur hús við götuna og að gangstétt fyrir utan húsið verði breiðari.

„En það dettur engum í hug að í götumynd Laugavegar séu bara 19. aldar hús. Ef það er heilagt að þessi gömlu hús standi þarna þá þýddi það að húsið þyrfti að vera yfirþyrmandi stórt,“ segir hann.

Spurður hvort geti verið að Listaháskólinn sé einfaldlega of stór fyrir reitinn, segir rektor hans: „Ég myndi þá frekar segja að borgin væri of lítil fyrir skólann. Ef svo er þá eru til önnur bæjarfélög sem hafa boðið okkur að koma. Það skilja allir þörfina á að finna Listaháskólanum góðan stað,“ segir hann.

Tillagan gerir ráð fyrir rúmlega 13.000 fermetra húsi, með viðbótarstækkunarmöguleikum við Hverfisgötu. **- kóþ**



**VÆNTANLEGUR LISTAHÁSKÓLI** Nýjum Listaháskóla var í gær líkt við Tollstjórahúsið og við Landsbankahúsið að Laugavegi 77. MYND/SAMSON PROPERTIES



**UNNIÐ DAG OG NÓTT** Framkvæmdirnar við Miklubraut eru vel á veg komnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Unnið dag og nótt:

## Tafir á vinnu við Miklubraut

**UMFERÐ** Framkvæmdum við gerð nýrrar akreinar við Miklubraut lýkur væntanlega um miðjan ágúst. Er það um tveimur vikum síðar en áætlað var, samkvæmt Garðari Þorbjörnssyni hjá verktakafyrirtækinu Urð og grjóti sem hefur yfirumsjón með framkvæmdunum.

Garðar segir starfsmenn sína vinna dag og nótt við framkvæmdirnar, sem fela einnig í sér endurnýjun á umferðarljósum á brautinni. „Það er vilji fyrir því að klára þetta áður en skólar hefjast,“ segir Garðar. Hann segir bið eftir efni frá útlöndum orsaka seinkunina. **- kg**

### LÖGREGLUFRÉTT

**Eðla úti á götu**

Birkir Örn Skúlason, 11 ára drengur í Keflavík, sá um eins metra langa eðlu úti á götu þar í bæ á þriðjudag. Kallaði hann á lögreglu sem kom á vettvang og tók dýrið eftir nokkurn eltingaleik en eðlan leitaði skjóls meðal annars inni í bretti á bíl. Eðlunni var fargað.

# Bæjarstjóri segir lögregluna fjársvelta

**Bæjarstjóri Hafnarfjarðar segir það ekki vera hlutverk sveitarfélaga að grípa til hverfagæslu eins og í nokkrum nágrannasveitarfélögum. Bæjarstjóri Garðabæjar segist ekki hafa séð árangurinn af sameiningu lögregluembætta.**

**LÖGGÆSLA** „Innbrot og skemmdarverk eiga ekki að líðast en það er hægt að útfæra það á ýmsa vegu hvernig hjá því er komist. Við höfum hingað til lagt áherslu á nágrannagæslu, því góður granni er besta forvörnin,“ segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ.

Seltjarnarnes kom sér upp svokallaðri hverfagæslu árið 2005. Í því felst að hverfagæslumenn keyra um hverfi Seltjarnarnesbæjar nokkrum sinnum á dag. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir innbrot og skemmdarverk. Nú hafa Kópavogur og Mosfellsbær ákveðið að fylgja fordæmi Seltjarness. Hafnarfjörður og Garðabær hafa enn ekki tekið ákvarðanir varðandi þetta.

„Við höfum verið í viðræðum bæði við lögregluna og einkafyrirtæki um aukna þjónustu í sveitarfélaginu,“ segir Gunnar. Atvinnu- og tækniþróunarnefndar Garðabæjar er að fjalla um þessi mál að sögn Gunnars og mun leggja fram tillögu um hvernig auka megi öryggi íbúa fyrir haustið.

„Löggæslan á höfuðborgarsvæðinu er í fjársvelti og þar liggur hundurinn grafinn í vandræðum löggæslunnar. Ég hef ekki séð þann árangur sem sameining lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu átti að skila.“

Gunnar segir það stóra ákvörðun að taka upp hverfagæslu og sveitarstjórnir reyni í lengstu lög að forðast að greiða fyrir verkefni sem ríkið á að sjá um. „Hins vegar finnst mér að sveitarfélögin eigi að hafa sem flest verkefni á sinni könnu því starfsemi ríkisins er oft svo hægvirk í málum sem þessum.“



**LÖGREGLAN** Bæjarstjórarnir tveir viðra báðir hugmyndir um að löggæsla ætti að vera á vegum sveitarfélagana. FRÉTTABLAÐIÐ/EGGERT



**LÚÐVÍK GEIRSSON**



**GUNNAR EINARSSON**

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir ekki standa til að koma upp hverfagæslu í Hafnarfirði. „Það er ekki sveitarfélaganna að grípa til svona viðbótareftirlits. Ríkisvaldið fer með löggæsluna í landinu og á að tryggja góða löggæslu í sveitarfélögunum.“

Hafnarfjörður var á sínum tíma mótfallinn sameiningu lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu. Lúðvík segir löggæslu hafa hrakað síðan ákveðið var að loka lögreglustöðinni í Hafnarfirði á kvöldin og um helgar.

„Þjónustan er ekki eins snör og viðtæk eins og þegar lögreglan var undir sýslumanninum. Ef ríkið getur ekki ráðið við löggæsluna þá ætti að huga að því að löggæslan fari til sveitarfélaga,“ segir Lúðvík. **vidirp@frettabladid.is**

Skoðanakönnun Capacent:

## Fleiri leggjast gegn Helguvík

**UMHVERFISMÁL** Fleiri landsmenn eru á móti álveri í Helguvík en ekki, miðað við niðurstöður skoðanakönnunar Capacent, sem birtar voru í gær.

Af þeim sem svöruðu segjast 41,6 prósent mótfallin álverinu, en 36 prósent hlynnt. Taka 22,4 prósent ekki afstöðu.

Könnunin var gerð fyrir Vinstri græna og segir formaður þeirra, í samtali við Vísi, niðurstöðurnar sýna að „skýr meirihlutavilji“ sé fyrir því að ekki verði gengið lengra í stóriðjuátt. Yngra fólk og tekjuminna er andvígara álverinu en eldra fólk og konur frekar en karlar. **- kóþ**

Kennarar samþykktu kjörin:

## Síðustu félögin innan BHM

**KJARAMÁL Tæplega 78 prósent félagsmanna í Félagi háskólakennara samþykktu kjarasamninga sína. Um 73 prósent félagsmanna í kennarafélagi KHÍ samþykktu sína samninga. Þrjátíu prósent þátttaka var hjá KHÍ en tæp 42 prósent hjá háskólakennurum.**

**Félögin voru þau síðustu innan Bandalags Háskólamanna, BHM, til að klára atkvæðagreiðslur sínar. Það gerðu þau síðastliðinn miðvikudag. Kjarasamningarnir gera ráð fyrir 20.300 króna launahækkun á alla launþega. Félagsmenn stéttarfélags lögfræðinga voru þeir einu sem höfnuðu samningi sínum hjá BHM. - vsp**

### STJÓRNMÁL

**Samfylking væri komin í ESB**

Samfylkingin, sæti hún ein í ríkisstjórn, væri nú þegar búin að sækja um aðild að ESB. Þó er gleðiefni að Sjálfstæðisflokkurinn sé að fikra sig í átt til Evrópu. Þetta segir í tilkynningu ungra jafnaðarmanna.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**ÁGÆTAR HELGARHORFUR**

Það er ekki að sjá annað en fram undan sé fín helgi í veðrinu. Vindur verður skaplega hægur og víða ágætlega bjart, síst þó reyndar austan til á laugardeginum og vestan til á sunnudag. Auk þessa hlýnar nokkuð víðast hvar ekki síst norðan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 20° |
| Stokkhólmur | 21° |
| Gautaborg | 20° |
| Helsinki | 20° |
| Eindhoven | 19° |
| Amsterdam | 20° |
| London | 22° |
| Berlín | 21° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 17° |
| París | 21° |
| Basel | 20° |
| Barcelona | 27° |
| Alicante | 29° |
| Algarve | 30° |
| Tenerife | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Hagkaup býður *mesta vöruúrvalið!*

**OPIÐ** til **20** alla daga







**Kjúklingalundir**




**Svínalundir**
- Íslandgrís, kryddlegnar




**Lamba kótilettur** kryddlegr
- úr kjötborði




**Nauta club steik**
- úr kjötborði

## Yfir 50 tegundir af BBQ sósum í Hagkaupum












Gildir til 20. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Telur þú skynsamlegt hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að semja við einkafyrirtæki um hverfisgæslu?*

| | |
|---|---|
| Já | 47% |
| Nei | 53% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Styður þú aðgerðir Ásmundar Jóhannssonar sem veitt hefur án veiðileyfa?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Maður sem stunginn var í Danmörku mætir ekki fyrir dóm í fíkniefnamáli:

# Ragnar Davíð finnst ekki

**DÓMSMÁL** Ákæra hefur verið þingfest á hendur hálfþrítugum karlmanni, Ragnari Davíð Bjarnasyni, fyrir vörslu fíkniefna. Ragnar hefur hins vegar ekki mætt fyrir dóm og tekið afstöðu til sakarefnisins þar sem ekki hefur tekist að hafa uppi á honum.

Málið snýst um vörslu á um fimmtíu grömmum af amfetamíni og fimmtán grömmum af kókaíni, sem Ragnar hafði í fórum sínum við handtöku.

Ragnar hefur tvívegis ratað í fjölmiðla á árinu. Í fyrra skiptið var sagt frá því að hann hefði verið stunginn sjö sinnum í verslun í Kaupmannahöfn. Árásarmaðurinn var ekki hnepptur í gæsluvarðhald þar sem lögregla taldi Ragnar hafa ögrað honum með ítrekuðu kynþáttaníði.

Fyrir skömmu var síðan sagt frá því í DV að Ragnar hefði ráðist í annarlegu ástandi vopnaður hnífi inn á heimili Sæmundar Pálssonar og veist að honum. Sæmundi hafi tekist að snúa hann niður og handjárna með aðstoð lögreglu.

Að sögn Drafnar Kærnested, fulltrúa hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, hefur ekki tekist að hafa uppi á Ragnari til að láta hann mæta fyrir dóm. Hann sé þó talinn vera á Íslandi. **- sh**




**BUBBABÚÐ** Ragnar Davíð var stunginn sjö sinnum af starfsmanni Bobbys Kiosk í Kaupmannahöfn í maí.
MYND / ÓLAFUR RAGNAR ÓLAFSSON

Þúsundir pílagríma ganga:

# Rússar minnast keisarans

**RÚSSLAND, AP Tugir þúsunda Rússa tóku þátt í göngu í gær í tilefni þess að níutíu ár eru liðin síðan rússneska keisarafjölskyldan var myrt af bolsévikum.**

**Keisarinn Nikulás annar var skotinn í leynd í borginni Jekatirinburg í Úralfjöllum ásamt eiginkonu sinni, systur og fjórum börnum. Bolsévikar höfðu fáeinum mánuðum áður steypt keisaranum í byltingu sem markaði upphaf áratuga stjórnar kommúnista í Rússlandi.**

**Pílagrímar og prestar voru áberandi í göngunni. Rússneska kirkjan gerði keisarafjölskylduna að dýrlingum árið 2000. - gh**



**STRÆTÓ** Vagnstjóri segist hafa staðnæmst en engan séð í skýlinu.

Strætisvagn á leið á Akraness:

## Keyrði fram hjá konu og barni

**SAMGÖNGUR** Strætisvagn á leið upp á Akranes ók fram hjá Sigríði Magnúsdóttur og fjögurra ára syni hennar við Esjuna í gær. „Vagninn ók ekki einu sinni í innkeyrsluna að skýlinu," sagði Sigríður.

„Þegar ég hringdi í Strætó fékk ég þau svör að vagnstjórinn hefði stoppað við skýlið og að farþegi gæti vottað frásögn hans." Sjálf sá hún aðeins einn farþega í vagninum en að sögn vagnstjóra voru þeir fimm. Sigríður, sem var á leið í fjölskylduboð á Akranesi, varð að láta sækja sig í skýlið þar sem næsti vagn átti ekki að koma fyrr en tveimur tímum síðar. **- hþj**

Ríkissaksóknari Afganistans:

## Sagt upp fyrir forsetaframboð

**AFGANISTAN, AP Hamid Karsaí Afganistansforseti hefur látið reka ríkissaksóknara Afganistans, Abdúl Jabal Sabet, eftir að Sabet tilkynnti að hann ætlaði að bjóða sig fram í forsetakosningunum á næsta ári. Karsaí stefnir einnig á framboð.**

**Skrifstofa forsetans segir að hlutleysi í stjórnmálum sé saksóknara mikilvægt og að tilkynning Sabets hafi í raun jafngilt uppsögn.**

**Sabet varð ríkissaksóknari fyrir tveimur árum. Hann lofaði að berjast gegn spillingu, en lítið hefur gengið í þeim efnum. - gh**

# Vilja ekki klæðast eins og spýtukarlar á bifhjólum

**Meðlimir Harley-Davidson-klúbbsins á Íslandi hafa án árangurs leitað eftir að koma að reglugerð um hlífðarfatnað bifhjólafólks. Lögregluvarðstjóri segir erfitt að fylgja nýju lögunum eftir.**

**SAMGÖNGUR** Við viljum ekki að gerð sé krafa um að allir séu pakkaðir inn eins og spýtukarlar," segir Jakob Jakobsson, gjaldkeri Harley-Davidson-klúbbsins á Íslandi.

Mikill kvíði og reiði ríkir að sögn Jakobs meðal bifhjólamanna vegna breytinga á umferðarlögum sem skylda þá til að klæðast viðurkenndum lágmarkshlífðarfatnaði við aksturinn eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Jakob er einnig ósáttur við að meðlimir klúbbsins hafi ekki fengið að koma að reglugerð, sem nú er í smíðum í samgönguráðuneytinu og ákvarðar hvað teljist viðurkenndur búnaður, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið eftir því leitað.

„Skrifum okkar til ráðuneytisins hefur ekki verið svarað og nefndir á okkar vegum hafa ekki fengið að ganga á fund ráðherra," segir Jakob.

„Það er ómögulegt að setja íþyngjandi ólög á okkur öll án þess að ræða fyrst við þverskurð af bifhjólanotendum."

Jakob gagnrýnir að einungis Sniglarnir hafi verið með í ráðum við undirbúning frumvarps að lögunum og reglugerðinni vegna þeirra.

„Bifhjólaklúbbar í landinu skipta tugum og fjöldi þátttakenda í mörgum þeirra slagar hátt upp í fjölda virkra félagsmanna Sniglanna."

### UMDEILDAR BREYTINGAR Á LÖGUM

- Bifhjólamönnum er samkvæmt frumvarpinu gert skylt að nota viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað.
- Með hlífðarfatnaði er átt við jakka, buxur, hanska og skó en í staðinn fyrir buxur og jakka getur komið heill samfestingur úr leðri eða öðru slitsterku efni sem er framleiddur fyrir notkun á bifhjólum.
- Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um hvaða kröfur eru gerðar til hlífðarfatnaðar. Verið er að vinna að reglugerð þess efnis í samgönguráðuneytinu.



**LÍFSSTÍLL** Meðlimir Harley-Davidson-klúbbsins á Íslandi eru á annað hundrað talsins og líta á iðkunina sem lífsstíl.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jakob segir mikilvægt að greina á milli mismunandi bifhjólanotenda.

„Við erum alls ekki að segja að menn eigi að hjóla hlífðarlausir en viljum að okkar búnaður verði viðurkenndur. Við hjólum í ýmsum fötum, sumir í leðurfötum, með opna hjálma og létta hanska og við teljum það fullnægjandi fyrir okkar aksturstíl."

„Við teljum að menn eigi að klæðast göllum sem standast öryggiskröfur," segir Árni Friðleifsson, varðstjóri hjá umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík.

„Það gæti hins vegar reynst erfitt að fylgja lögunum eftir þar sem til eru gallar af mörgum tegundum og ómögulegt að sjá á þeim hverjir uppfylla ákveðnar kröfur."

Árni segir lögregluna að sjálfsögðu leggja áherslu á að menn séu vel búnir. „Bifhjólamenn eru mjög illa varðir og í raun er búnaðurinn það eina sem getur bjargað þeim ef að til slyss kæmi."



**ÁRNI FRIÐLEIFSSON** Varðstjóri hjá umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík segir lögreglumenn aka um á bifhjóli klædda leðurfatnaði með öryggisbrynju innan undir.

helgat@frettabladid.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

➔ flugfelag.is

# Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.




**Alltaf ódýrast á netinu**
**www.flugfelag.is**

Verð á iPod-spilurum:

# Smæðin hækkar verðið

Fjallað var um hátt verð á 80 gígabæta iPod-spilurum í fríhöfninni í Fréttablaðinu í gær vegna bréfs sem barst frá Baldri J. Baldurssyni. Tækin í verslun Elko í fríhöfninni kosta 31.999. Hinsvegar má fá sama spilara í Dixons-versluninni í fríhöfnum á Englandi fyrir 21.133 krónur. Forsvarsmenn Elko sögðu ástæðuna vera hátt innkaupsverð.

Baldur sendi Neytendavaktinni annað bréf: *Ef fullyrðing Elkó um hátt innkaupsverð hjá Apple á Íslandi er rétt, standast ekki fullyrðingar Apple-umboðsins á Íslandi þess efnis að hátt verð á iPod-spilurum í verslunum hérlendis sé einungis vegna hárra tolla og gjalda hins opinbera.*

Engin slík gjöld eru lögð á fríhafnarverslun og því spyr Baldur: *Hver er raunverulega valdur að háu verði á iPod-spilurum á Íslandi? Apple-umboðið eða Elkó?*

Sigríður Olgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Apple á Íslandi, segir einmitt tolla hefta Apple í verðlagningu í sínum verslunum.

„Það er ekki mikil álagning hjá okkur og við erum að reyna að vinna í því að fá flokkun iPod-spilara breytt en þeir eru skilgreindir sem upptökutæki en ekki afspilunartæki." Sigríður segir fyrirtækið vera með ýmis mál hjá lögfræðingum hvað þetta varðar. „Þegar okkur verður kleift að flytja inn iPhone þá verður síminn ódýrari en iPod með snertiskjá þrátt fyrir að síminn sé í raun mun veigameira tæki." Sigríður bætir því við að Apple í Bandaríkjunum selji umboðsaðilum tækin á mismunandi verði vegna ólíkrar markaðsstærðar. Samkvæmt upplýsingum frá Apple eru iPod-spilarar í Dixons-versluninni á lægra verði en innkaupsverð umboðsins er.



**IPHONE OG IPOD TOUCH** iPhone-síminn, til vinstri, verður ódýrari en iPod með snertiskjá þegar hann kemur á íslenskan markað vegna tollaflokkunar.



**HELGA ÞÓREY JÓNSDÓTTIR** Staðgengill dr. Gunna sem er í fríi.

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

# Betri tilboð!

netto




40% afsláttur

LAMBALÆRI M/FERSKUM KRYDDJURTUM
**1.299 kr/kg**
~~2.168~~ kr/kg



40% afsláttur

GOÐA LÆRISNEIÐAR M/SALTI OG PIPAR
**1.587 kr/kg**
~~2.645~~ kr/kg



40% afsláttur

FERSKUR GRÍSAHNAKKI
**1.099 kr/kg**
~~1.834~~ kr/kg



30% afsláttur

HAMBORGARAR
2x175g
**398 kr**
~~568~~ kr




25% afsláttur

PYLSUR 10 STK. Í PAKKA
**269 kr/pk**
~~540~~ kr/pk




GRILLBRAUÐ
2 TEGUNDIR
**299 kr**




30% afsláttur

FORMIDABLE PASTA
7 TEGUNDIR



43% afsláttur

MYLLU SNÚÐUR PAKKAÐUR
**97 kr/stk**
~~170~~ kr/stk




50% afsláttur

NETTÓ SAMLOKUBRAUÐ
**98 kr/pk**
~~195~~ kr/pk

TILBOÐIN GILDA 17. - 20. JÚLÍ

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað er mikil verðbólga á Evrusvæðinu?
2. Hvað heitir kvótalausi sjómaðurinn sem fiskar samt?
3. Hvað var Björn Bjarnason að banna á Þingvöllum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Obama og McCain halda kosningabaráttu sinni áfram í Bandaríkjunum:

# Sjóðir gildna meira hjá Obama

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama safnaði 52 milljónum Bandaríkjadala í kosningasjóði sína í júní og hefur aðeins einu sinni náð að afla meira fés í einum mánuði. Þetta er meira en helmingi hærri upphæð en John McCain fékk í sína sjóði, en samt var þetta metmánuður í söfnuninni hjá McCain.

Fjáröflun forsetaframbjóðenda í Bandaríkjunum er lykilatriði í kosningabaráttu þeirra og virðist skipta meira máli nú en nokkru sinni fyrr.

Obama hefur hafnað opinberum fjárstuðningi til framboðs síns, en honum hefðu, rétt eins og McCain, staðið til boða 84 milljónir dala úr opinberum sjóðum eftir að Demókrataflokkurinn hefur formlega útnefnt hann forsetaefni sitt. Obama er fyrstur forsetaframbjóðenda í Bandaríkjunum til að hafna þessum styrk, sem fyrst var byrjað að veita eftir að Watergate-hneykslið hafði hrakið Richard Nixon úr forsetastólnum árið 1974.



**Á KJÓSENDAVEIÐUM** Sjálfboðaliðar á vegum Obama aðstoða konu fyrir utan kjörbúð í Durham í Norður-Karólínu við að fylla út skráningareyðublöð fyrir kosningarnar í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Báðir hafa þeir Obama og McCain á síðustu viku lagt áherslu á að afla sér fylgis meðal Bandaríkjamanna af rómönskum uppruna. Obama hefur einnig lagt sérstaka áherslu á að sanna sig í utanríkismálum.

Obama er á leiðinni til Evrópu og Mið-Austurlanda í næstu viku og hefur í aðdraganda þeirrar ferðar óspart beint spjótum sínum að bæði George W. Bush forseta og McCain vegna stefnu þeirra gagnvart Íraksstríðinu. -gb

Trúarráðstefna á Spáni:

## Sádar sameina trúarbrögðin

**SPÁNN, AP** Nú stendur yfir trúarráðstefna á Spáni sem konungur Sádi-Arabíu, Abdúlla, stendur fyrir. Ráðstefnunni er ætlað að koma saman leiðtogum múslima, kristinna og gyðinga til að bæta samskipti trúarbragðanna.

Aðeins á að ræða trúarleg málefni á ráðstefnunni en ekki stjórnmál, eins og stríðið í Írak eða deilu Ísraela og Palestínumanna.

Gagnrýnt hefur verið að Sádi-Arabar standi fyrir ráðstefnu um umburðarlyndi í trúmálum, enda trúarreglur mjög strangar í Sádi-Arabíu. - gh



**VÖRUBÍLL** Stór hluti atvinnubílstjóra í Bandaríkjunum er frá rómönsku Ameríku.

Bílstjórar þurfa að tala ensku:

## Sektaður vegna lélegrar ensku

**BANDARÍKIN, AP** Mexíkómaðurinn Manuel Castillo, vörubílstjóri til tuttugu ára, hefur verið sektaður um jafnvirði tæplega fjörutíu þúsunda króna fyrir að tala ekki nægilega góða ensku.

Samkvæmt lögum í Bandaríkjunum, þar sem Castillo býr, verða bílstjórar að tala ensku nægilega vel til að geta átt samskipti við lögregluþjóna.

Umferðaryfirvöld í Bandaríkjunum hafa nú lagt til að verklegt bílpróf þurfi að taka á ensku. Það myndi einkum hafa þýðingu fyrir marga atvinnubílstjóra frá rómönsku Ameríku, sem margir hverjir hafa reitt sig á aðstoð túlka við töku bílprófs. - gh

# Áhugi fyrir sóttkví í NATO-mannvirkjum

**Viðræður hafa átt sér stað um möguleikann á því að koma upp aðstöðu fyrir sóttvarnalækni í NATO-mannvirkjum á gamla varnarsvæðinu. Þar yrði sóttkví og lyfjageymslur. Áhugi til staðar jafnt hjá utanríkisráðuneytinu sem Landlækni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Áhugi er fyrir því innan utanríkisráðuneytisins og Landlæknisembættisins að sóttvarnalæknir fái aðstöðu í NATO-mannvirkjum á gamla varnarsvæðinu á Miðnesheiði, sem unnt væri að nýta sem sóttkví og geymslur undir lyf og aðrar neyðarbirgðir ef upp kæmu skæðar og óvæntar farsóttir.

„Við höfum áhuga á að nýta þetta," segir Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnasviði hjá Landlækni. „Þetta er vel staðsett, alveg við flugvöllinn þar sem fólk kemur til landsins og við þyrftum auðvitað að geta sorterað úr. Ef það koma flugvélar frá löndum þar sem farsóttin geisar þá þarf aðstöðu til að átta sig á því hverjir geta verið smitandi, hverjir eru hugsanlega veikir og þess háttar."

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins, Landlæknis, almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra og heilbrigðisráðuneytisins hafa farið í vettvangsferð á svæðið til að skoða aðstæður. Guðrún segir mat manna hafa verið að NATO-mannvirkin gætu verið „ágætislausn".

Slík sóttkví yrði notuð til að seinka því að farsóttir bærust til landsins og hefta útbreiðslu sótta ef þær bærust hingað. Guðrún tekur bráðalungnabólgu (HABL) sem dæmi um slíka farsótt, en hún geisaði um heiminn fyrir fimm árum. Guðrún tekur þó fram að aldrei yrði hægt að stöðva fólk og kanna ástand þess að ástæðulausu.



**MIÐNESHEIÐI** Ekki er ljóst um hvaða mannvirki ræðir, en einkum munu það vera geymslurými. NATO hefur afnotarétt af eignunum eins og sakir standa. FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR

Guðrún segir að umrædd mannvirki hafi verið nýtt þegar viðbrögð við heimsfaraldri inflúensu voru æfð í desember síðastliðnum. Þau hafi gefist vel.

Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, fór í umrædda skoðunarferð. Hann tekur einnig vel í hugmyndina. „Þarna er um að ræða málefni sem varðar almannahagsmuni og öryggishagsmuni sem við teljum að fari mjög vel með þeirri starfsemi sem er þarna á svæðinu," segir hann.

Pétur vill ekki tjá sig um málið að öðru leyti og áréttar að málið sé enn í undirbúningsferli. Ekkert hafi enn verið ákveðið. Hann vill ekki gefa upp um hvaða NATO-mannvirki ræðir, en einkum séu það þó alls kyns geymslurými.

Atlantshafsbandalagið hefur óskoraðan afnotarétt af eignum sem eru á eignaskrá (e. asset inventory) bandalagsins. Því þurfa íslensk yfirvöld að láta afskrá mannvirki af eignaskránni til að ráðstafa þeim að vild, eða þá að vinna málið í samráði við NATO.

stigur@frettabladid.is



**BYGGING TÓNLISTARHÚSS** Samtök iðnaðarins beita sér fyrir því að stærri verkkaupar verðbæti samninga við verktaka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verðbætur á eldri samninga:

## Verktakar ekki einir um ábyrgð

**VINNUMARKAÐUR „Við höfum verið að tala við stóra verkkaupa um að þeir verðbæti samninga," segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.**

**Hann segir að í mörgum tilfellum sé framkvæmdatími mjög langur og forsendur verksamninga breytist. Gengi krónunnar, olíuverðshækkanir og fleira hafi gert mörgum verktökum erfitt fyrir með að standa við gerða samninga.**

**„Vegagerðin hefur svarað því ákalli með jákvæðum hætti og Reykjavíkurborg er að skoða þetta. Við vonumst til að þetta gangi eftir því okkur finnst það ósanngjarnt að verktakinn sé einn látinn bera ábyrgð á þessum þáttum."** -ovd

**NEPAL**

### Deilt um forseta

Þrír stærstu flokkar Nepals hafa ekki getað komið sér saman um forsetaefni og munu kjósa forseta á laugardaginn. Konungsveldi var lagt niður fyrr á árinu í Nepal og vinnur nú nepalska þingið að því að endurskrifa stjórnarskrána og koma á starfhæfri stjórn.



**PENNY WONG** Loftslagsmálaráðherra Ástralíu segir áætlunina skref í áttina að „lítið mengandi hagkerfi framtíðarinnar". FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mengunarskattur í Ástralíu:

## Mengendur skattlagðir

**ÁSTRALÍA, AP Áströlsk stjórnvöld ætla að gera fyrirtækjum að kaupa mengunarheimildir losi þau gróðurhúsalofttegundir yfir ákveðnu marki.**

**Mengunargjaldið er liður í áætlun stjórnvalda til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um fjörutíu prósent fyrir árið 2050 miðað við árið 2000.**

**Stjórnvöld segja mengunargjaldið skilvirkustu og hagfræðilega skynsamlegustu leiðina til að draga úr mengunninni.**

**Landbúnaður verður í fyrstu undanþeginn gjöldunum og eldsneytisskattar verða lækkaðir til að hindra frekari hækkanir á eldsneytisverði.** - gh

Tillaga skipulagsráðs um uppbyggingu á umdeildum lóðum við Laugaveg 4 og 6:

# Torfusamtökin fagna nýjum tillögum

**BORGARMÁL** „Fólki líst mjög vel á þetta innan samtakanna," segir Snorri Freyr Hilmarsson, formaður Torfusamtakanna. Nýja tillagan að Laugavegi 4 og 6 var samþykkt á borgarráðsfundi 9. júlí síðastliðinn.

Við gerð tillögunnar var götumynd neðri hluta Laugavegar frá fyrri hluta 20. aldar höfð að leiðarljósi. Gert er ráð fyrir góðu verslunar- og þjónustuhúsnæði í húsunum og milli húsanna verður tengibygging sem tengir húsin saman.

„Þessi tillaga gengur mun lengra en við hefðum þorað að vona í þá átt að varðveita húsin," segir Snorri og hann segist fagna því að töluvert meira verslunarrými verði þarna. Hann segir Torfusamtökin hafa lagt fram sína eigin hugmynd á sínum tíma.

„Við lögðum fram ákveðnar hugmyndir um að halda í þessi hús og gera verslunarrými á sama tíma. Hugmyndin var eins konar málamiðlun og nýja skipulagið gengur lengra en við þorðum að setja fram. Við erum því mjög ánægð með það," segir Snorri.

Þegar rífa átti gömlu húsin við Laugaveg 4 og 6 sköpuðust miklar umræður um friðun húsanna. Torfusamtökin voru þar í fararbroddi þeirrar fylkingar. -vsp



**NÝJA SKIPULAGIÐ** Hér sést nýja skipulagið á Laugavegi 4 og 6. Varðveisla gömlu ásýndar húsanna er höfð að leiðarljósi.

# 500 Vildarpunktar

*í viðbót við mestu mögulegu vildarsöfnun sem er í boði*




*Ef þú verslar með Icelandair American Express hjá Olís* ***fyrir 5.000 kr. eða meira færðu 500 Vildarpunkta í viðbót*** *við mestu mögulegu vildarsöfnun sem er í boði í dag.*

*Nýttu þér vildarpunktatilboð Olís og Icelandair American Express. Tilboðið gildir frá 18.7.-27.7.*

## *Kortið sem kemur þér út*

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Sæktu um besta kortið fyrir þig á **www.americanexpress.is** eða í síma 575 5900



**VIÐ FORSETAHÖLLINA Í KARTÚM** Súdönsk kona gengur fram hjá vopnuðum verði fyrir utan forsetahöllina í Kartúm, þar sem Bashir forseti hefur verið ákærður fyrir þjóðarmorð í Darfúrhéraði. NORDICPHOTOS/AFP

Réttarhöldin á Spáni vegna sprengjuárásanna í Madríd vorið 2004 á enda:

# Sýknudómur staðfestur

**SPÁNN, AP** Hæstiréttur Spánar staðfesti í gær sýknudóm yfir einum sakborninganna sem grunaðir voru um sprengjuárásirnar í Madríd vorið 2004. Auk þess sýknaði rétturinn fjóra aðra menn af öllum ákærum, en þyngdi dóma yfir nokkrum og dæmdi einn sekan sem áður hafði hlotið sýknudóm.

Egyptinn Rabei Osman var í upphafi talinn einn þriggja höfuðpaura málsins. Hann var ásamt Marokkómönnunum Jamal Zougman og Othman el Gnaoui grunaður um að hafa skipulagt árásirnar á neðanjarðarlestir í Madríd, sem urðu nærri 200 manns að bana.

Osman var í gær sýknaður af einu ákærunni sem á endanum var lögð fram á hendur honum, nefnilega fyrir að tilheyra hryðjuverkasamtökum. Hann hafði áður hlotið átta ára fangelsisdóm á Ítalíu fyrir sömu sakir og hæstiréttur úrskurðaði því að ekki mætti dæma hann tvisvar fyrir sama afbrotið.

Niðurstaðan er því sú að sautján menn af alls 28 sakborningum hlutu dóma fyrir aðild að árásunum. Réttarhöldunum er þar með væntanlega lokið, þótt fjarlægur möguleiki sé enn á því að einhverjum málanna verði vísað til stjórnarskrárdómstóls. - gb



**RABEI OSMAN** Var talinn einn þeirra sem skipulögðu árásirnar þann 11. mars 2004, en sýknudómur hans var staðfestur í hæstarétti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útlendingastofnun:

# 24 ára reglunni ekki framfylgt

**ÚTLENDINGAR 24 ára reglunni svokölluðu hefur ekki verið fylgt eftir hér á landi. Sú umræða sem nú fer fram í Danmörku, á því ekki við hér á landi, segir staðgengill forstjóra Útlendingastofnunar.**

**Danska útlendingaeftirlitið er sakað um að upplýsa ekki um undanþágu frá því að útlendingar þurfi að vera 24 ára, þegar þeir giftast dönskum ríkisborgurum, vilji þeir flytja til landsins. „Þetta var sett inn í okkar lög 2004, en var ekki fylgt í framkvæmd,“ segir Ragnheiður Böðvarsdóttir hjá Útlendingastofnuninni. Reglan hafi þótt of altæk.** - kóþ



**ROBERT MURAT** Murat var grunaður um tengsl við hvarf Madeleine. NORDICPHOTOS/AFP

Bendlaður við hvarf Madeleine:

# Murat fær skaðabætur

**LONDON, AP** Bretinn Robert Murat hefur tekið boði ellefu breskra dagblaða um greiðslu að jafnvirði rúmlega níutíu milljóna króna skaðabóta.

Dagblöðin, þar á meðal Sun, Daily Mirror og Daily Mail, birtu sögur þar sem Murat var ranglega bendlaður við hvarf stúlkunnar Madeleine McCann í Portúgal á síðasta ári. Auk greiðslu skaðabótanna munu þau birta afsökunarbeiðnir.

Foreldrar McCann höfðu áður fengið miklar skaðabætur vegna umfjöllunar breskra fjölmiðla þar sem þau voru bendluð við hvarf stúlkunnar. Madeleine er enn saknað og enginn hefur verið ákærður í málinu. - gh

Landsnet og Landgræðslan:

# Samstarf um uppgræðslu

**LANDGRÆÐSLA Landsnet og Landgræðsla ríkisins halda áfram samstarfi um uppgræðslu sunnan Langjökuls. Dreift verður áburði og sáð í 240 hektara í sumar, samkvæmt fréttatilkynningu.**

**Landsnet hefur unnið með Landgræðslunni að uppgræðslu og stöðvun jarðvegseyðingar í nágrenni háspennulína á aférttinum sunnan Langjökuls síðan 2006. Nú í sumar verður kröftunum beint að brýnum verkefnum við Tjaldafell og nýju svæði til móts við vegamót línuvegar og Kaldadalsvegar.** - kg

Fjórtán orkustyrkir veittir:

# Styrkir rúmlega 25 milljónir

**STYRKIR** Iðnaðarráðuneytið hefur veitt fjórtán styrki, samtals að upphæð 25,1 milljón króna, til rannsókna og kynningar á innlendum orkugjöfum og hagkvæmri orkunotkun.

Hæsti styrkurinn var fjórar milljónir og rann til fyrirtækisins Alice á Íslandi ehf. Fyrirtækið rannsakar nýtingu fallorku vatns í fiskeldi með svokölluðum jektorum í stað rafknúinnar vatnsdælu.

Alls bárust 26 umsóknir um samtals 147,3 milljónir króna. -vsp

# OR setur 200 milljónir í umhverfisbætur á Hellisheiði

**Orkuveitan setur 200 milljónir í að lagfæra umhverfi Hellisheiðarvirkjunar. Gígaröðin efst á heiðinni verður endurgerð. Stuðst er við loftmyndir frá árinu 1950. „Mótvægisaðgerðir,“ segir Jakob Friðriksson hjá OR.**

**UMHVERFISMÁL** Orkuveita Reykjavíkur áætlar að eyða um 200 milljónum króna í umhverfisbætur á Hellisheiði í sumar og fram á haustið.

Stuðst verður við loftmyndir frá sjötta áratugnum til að endurhlaða gígaröðina efst á heiðinni, meðal annars Gíghnjúk, en úr gígunum hefur verið tekin möl og gjall í áratugi. Eftir standa opin sár og námur.

Bæta á fyrir margra ára umhverfisspjöll ýmissa verktaka og mun lagning Suðurlandsvegar eiga stóran hlut í þeim.

Talsmenn Orkuveitunnar (OR) leggja áherslu á að ekki sé verið að bæta fyrir syndir hennar, heldur fyrri tíma skemmdir. Þó megi tala um þetta sem mótvægisaðgerð við aðrar framkvæmdir fyrirtækisins á svæðinu.

„Við komum að málum á heiðinni eitthvað í kringum árið 2000 og byrjuðum með tilraunaborholur. Þá hafði verið malartekja þarna í áratugi,“ segir Jakob Friðriksson, framkvæmdastjóri hjá OR.

Einnig á að grafa upp vegslóða sem hafa verið lagðir í gegnum tíðina á heiðinni og fækka þeim.

Í sár kringum vegina verður sáð ófrjóu „golfvallagrasi“, sem grípur í sig frjó úr plöntum og víkur svo fyrir þeim.

Í stuttu máli sagt á að koma yfirborðinu að mestu leyti til fyrra horfs. En þetta er meðal annars mótvægisaðgerð við stór rör OR, sem verða ekki hulin. Einnig eru stöðvarhús fyrirtækisins áberandi á svæðinu.

„Hellisheiðarvirkjun var byggð svolítið flott og áberandi og er sýnileg í náttúrunni. Næsta kynslóð virkjana verður allt öðruvísi.



**RASK Á HELLISHEIÐI** Nú stendur til að færa umhverfið sem næst því horfi sem það var í á sjötta áratugnum. Rörin verða þó ekki hulin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**JAKOB SIGURÐUR FRIÐRIKSSON**

Hverahlíðarvirkjun verður til dæmis með huldum lögnum að hluta til og byggð þannig að hún falli að landslagi,“ segir Jakob.

Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR og bætir við að verkefnið sé spennandi. Markmiðið sé að skila landinu í betra ásigkomulagi en það var áður en OR kom að því.

„Og við ætlum að hafa sérstaka ráðstefnu í haust um hvernig farið er að því að endurheimta land eftir framkvæmdir,“ segir Hjörleifur.

klemens@frettabladid.is

## PABBI ÁSTU BYRJAÐI

Ásta Þorleifsdóttir, varaformaður stjórnar OR, segist afar ánægð með aðgerðirnar.

„Það þarf að lagfæra skandalinn þarna,“ segir hún og rifjar upp að faðir hennar, Þorleifur Einarsson jarðfræðingur hafi fyrstur manna barist fyrir lagfæringum á svæðinu: „Og nú dytti engum í hug að taka skóflu úr ósnertum gíg,“ segir hún.



Ríkið bætir tjón vegna Suðurlandsskjálfta sem tryggingar bæta annars ekki:

# Flókin verkefni bíða úrlausnar

**JARÐSKJÁLFTI** „Við erum að opna móttöku á erindum þar sem fólki er boðið að koma með mál sem eru annars ekki bætt af tryggingum,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvar vegna Suðurlandsskjálfta.



**ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON**

Ólafur segir þetta sambærilegt við það sem gert var eftir skjálftana árið 2000. Meðal erinda nefnir Ólafur Örn niðurrif og förgun ónýtra húsa, ótryggð innbú, ótryggðar frárennslis- og rotþær og fleira.

„Við erum að hefja kerfisbundna skráningu á þessu. Ríkisstjórnin, í samvinnu við sveitarfélögin á svæðinu ætlar svo að koma til móts við þetta fólk eins og hægt er en hvert mál verður metið fyrir sig. Þetta er náttúruvá sem Íslendingar taka á sameiginlega.“

Í tilkynningu frá Þjónustumiðstöðinni segir að afgreiðslutími hvers erindis velti á umfangi þess og ljóst sé að mörg flókin verkefni bíði úrlausna. Því megi búast við að talsverður tími líði þar til afgreiðslu allra mála er lokið.

Þar segir einnig að byrjað verði að taka á móti erindum mánudaginn 21. júlí næstkomandi í þjónustumiðstöðinni í Tryggvaskála á Selfossi.

Hjá Viðlagatryggingu fengust þær upplýsingar að íbúar 23 húsa hefðu ekki getað snúið aftur í hús sín þar sem þau væru dæmd óíbúðarhæf. Segir Ólafur Örn þá einstaklinga vera 15 talsins í nokkuð endanlegt húsnæði. - ovd



**EFTIR SKJÁLFTANN** Miklar skemmdir urðu á íbúðarhúsnæði eftir jarðskjálftann á Suðurlandi. Á Selfossi og í Hveragerði hrundu lausir munir úr hillum og mátti litlu muna að fólk slasaðist í hamaganginum.


ÚTSALA
42” PLASMA
VERÐ ÁÐUR 153.900
139.900
ÚTSALA
42PC51
42” LG plasma sjónvarp
15% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 153.900
129.900
ÚTSALA
37LC55
37” LG LCD sjónvarp
14% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 139.900
119.900
ÚTSALA
32LC56
32” LG LCD sjónvarp
Cambridge heimabíómagnarar, stereo magnarar og geislaspilarar
50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HÁTÖLURUM
Aego M hvítir og svartir tölvu- og ipod hátalarar
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 29.900
14.950
ÚTSALA
41% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 16.900
9.900
ÚTSALA
HIF-6880USMPT
Roadstar minisamstæða
VERÐ ÁÐUR 29.900
24.900
ÚTSALA
HT302SD
LG heimabíó
17% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 13.900
7.900
ÚTSALA
DVXI980HDB
Scott HDMI spilari
43% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 2.250
4.490
ÚTSALA
50% AFSLÁTTUR
9681
Þráðlaust auga
45% AFSLÁTTUR
DLP17D3
17” LCD sjónvarp
VERÐ ÁÐUR 54.900
29.900
ÚTSALA
MP-F63/G1
MP3 spilari 1GB
37% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 10.900
6.900
ÚTSALA
50% AFSLÁTTUR
SNÚRUR OG TENGI
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-14
LG
Lífið er gott

## „ORÐRÉTT“

### Slitnir handleggir

**„Það var eins og búið væri að slíta af mér báða handleggina.“**

BENEDIKT HJARTARSON EFTIR AÐ HANN LAUK SUNDI YFIR ERMARSUND Á SEXTÁN KLUKKUSTUNDUM.
**Morgunblaðið, 17. júlí.**

### Skýr prinsipp

**„Ég afgreiði aldrei dópista; hér eru bara venjulegar fyllibyttur.“**

HJÁLMAR HERMANNSSON, EIGANDI KAFFI STÍGS, SEM HEILBRIGÐISYFIRVÖLD VILJA SVIPTA VÍNLEYFI.
**Fréttablaðið, 17. júlí.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** AUÐUR HARALDS RITHÖFUNDUR

## Varð næstum fyrir fjallabíl

„Ég er stödd í Bónus að skoða vöruskortinn,“ segir Auður Haralds rithöfundur. „Nú sé ég til dæmis alls kyns kryddleginn grillmat svo fullan af msg að ef rotturnar bara líta á það þá detta þær niður dauðar. Í heilli hillu er bara grillmatur. Allan desember og langt fram í janúar geturðu bara keypt reyktar stórsteikur og á sumrin bara grillkjöt, en það er gott úrval af pylsum,“ segir Auður.

„Ég kom aðallega til þess að kaupa rjóma, vegna þess að desilítri af honum inniheldur dagsskammtinn af A vítamíni. Ég fæ mér rjóma á hverjum degi með einhverju. Ég er að reyna að drepa mig á kólesteróli og nikótíni og mér finnst þessir menn ekki vera að standa við sitt. Þetta gengur ekkert! Maður er svikinn hér eins og annars staðar. Þetta er ekki rétta leiðin til sjálfsmorðs,“ segir Auður og hlær. „Svo hef ég reyndar heyrt að fólk sem hjólar geti reykt meira og borðað meira kólesteról en aðrir.“ Auður hjólar flestra sinna ferða og segist hafa séð aukningu í hjólum undanfarið, bæði komi þau undan steinum á sumrin og svo hafi bensínverðið líklega eitthvað með það að gera.



„Já, þeim hefur fjölgað en það er ekkert auðveldara að hjóla. Laugavegurinn er í maski og yfirleitt svo troðinn af jeppum og fjallabílum. Mér finnst að þeir ættu kannski að fara að setja hámarksstærð á bifreiðar á Laugaveginum, sem drög að göngugötu. Ég varð nefnilega næstum því fyrir fjallabíl um daginn. Hann sá mig ekki, hann er auðvitað svo hátt uppi að hann sá ekki mig á hjólinu,“ segir Auður að lokum.

## VEÐURSTOFAN

■ Veðurstofa Íslands vaktar, greinir, upplýsir, rannsakar, veitir ráðgjöf og spáir fyrir um hegðan náttúrunnar. Hún tryggir einnig söfnun og vörslu gagna og þekkingar um langtímaþróun veðurfars og annarra umhverfisþátta. Hún vaktar hættu á ofviðri, snjóflóðum, aurskriðum, jarðskjálftum, eldgosum, sjávarflóðum og ísingu, svo og hafísútbreiðslu. Veðurstofan sendir líka út viðvaranir, spá og aðrar upplýsingar.
Veðurstofan var stofnuð árið 1920 þegar Íslendingar tóku við veðurathugunum af Dönum. Fyrstu árin var veðurspám dreift til símstöðva þar sem þær voru hengdar upp fyrir almenning.

## SJÓNARHÓLL
EVRÓPUSAMBANDSAÐILD



**FROSTI JÓNSSON** stjórnarformaður Samtakanna ´78.

### Þróunin í átt að Evrópu

„Ég er frekar Evrópusinnaður og vil skoða það mál af alvöru. Ég held að það kæmi sér vel fyrir okkur sem þjóð að vera með í samfélagi þjóðanna. Við eigum endilega að ganga í Evrópusambandið og taka upp evruna,“ segir Frosti Jónsson, stjórnarformaður Samtakanna ´78, um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Frosti telur aukinn meðbyr vera með aðildarumsókn meðal Íslendinga. Telur hann efnahagslegar aðstæður og kröfur atvinnulífsins meðal líklegra skýringa á því.

Hann telur að Ísland muni ganga í sambandið „Mér sýnist þróunin vera í þá veruna að samvinna Íslands við aðrar Evrópuþjóðir eigi eftir að eflast og aukast og að það sé rökrétt,“ segir hann.

# Sextán tíma yfir Ermarsundið

**Eftir rúmar 16 klukkustundir og um 48 þúsund sundtök tók Benedikt Hjartarson land við Frakklandsstrendur á miðnætti í fyrradag eftir að hafa spyrnt frá Englandsströnd. Sjö klukkustundum áður en hann náði landi var hann við það að hætta en harður skipstjóri kom í veg fyrir það.**

„Þegar mér bárust þær fregnir að ég hefði misst af höfðanum var mér skapi næst að hætta en skipstjóri sagðist myndu fórna ár í hausinn á mér ef ég dirfðist að fara um borð,“ segir Benedikt. Það var ekki nema von að hann yrði svekktur að ná ekki að taka land á Gránefjahöfða (Cap de Grinez) því það þýddi að hann yrði að synda 20 kílómetrum lengra.

Benedikt er fyrsti Íslendingurinn til að synda yfir Ermarsundið en síðasta sumar gerði hann sína fyrstu tilraun en varð að hætta þegar fáir kílómetrar voru til lands. En var hann ekki hræddur um að sama sagan myndi endurtaka sig? „Við getum sagt sem svo að þegar ég fór fyrst taldi ég að það væri aðeins hlutskipti annarra að mistakast. Að þessu sinni vissi ég að ég sjálfur ætti það líka til,“ segir hann og bætir við að kannski hafi þessi auðmýkt gert gæfumuninn. „Ég synti ævintýralega hratt þegar ég átti nokkra kílómetra eftir að þessu sinni og reyndar sprengdi ég mig. Svo þegar ég var að drattast þetta áfram fann ég allt í einu fyrir botninum. Ég hugsaði bara um að synda nógu langt inn svo ég yrði örugglega ekki hankaður á því að hafa ekki synt nógu langt. Svo loks gat ég skakklappast í land eins og haugdrukkinn vesalingur og ekki tók betra við þegar ég ætlaði að fara að sofa en sjóriðan var svo mikil að loftið í svefnherberginu virtist vera á fleygiferð svo ég gat ekkert sofið.“

Í gær fór Benedikt á barinn White Horse í strandbæ nokkrum við Ermasundið og ritaði nafn sitt á vegg en sú hefð hefur skapast að þeir sundgarpar sem þrauka það yfir sundið riti nafn og tímann sem það tók þá að fara yfir. Segir Benedikt að miðað við þá leið sem hann fór sé tíminn vel ásættanlegur.

En hvaða markmiði stefnir hann nú að? „Það eru alla vega níu ár í næstu vitleysu,“ segir hann en vissulega má gera ráð fyrir því að afreksmenn haldi upp á sextíu ára afmælið með einhverju stórvirki.

jse@frettabladid.is



**ÍSLENDINGUR KOMINN YFIR SUNDIÐ** Benedikt Hjartarson segist hafa verið eins og haugdrukkinn þegar hann náði landi austan við Gránefjahöfða í Frakklandi um miðnætti í fyrradag. Þannig var upplitið á fyrsta Íslendingnum sem lagt hefur að baki Ermarsundið syndandi. MYND/INGÞÓR BJARNASON



**Á SUNDI** Einhvern tímann var freistandi að hætta en þá hefði ekki betra tekið við því skipstjórinn sem öllu ræður bregst hart við slíku. MYND/INGÞÓR BJARNASON





**KOMINN Í KLÚBBINN** Hefð er fyrir því að Ermarsundsgarpar skrái sig á vegg á strandkránni White Horse og Benedikt lét sitt ekki eftir liggja. MYND/INGÞÓR BJARNASON





VIKA 24

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA



Algirdas Slapikas:

### Aftur til Litháen

„Ég fór til Litháen og var í 10 daga,“ segir Algirdas ánægður með fyrri hlutann af sumarfríi sínu sem hann tók í júnílok. „Það er alltaf gaman að hitta aftur vini og ættingja. Svo var það mikil upplifun fyrir Gerardas son okkar að fara út í garð hjá afa og ömmu en þar eru ræktuð kirsuber, jarðarber, epli, gúrkur, tómatar og margt fleira. Svo varð faðir minn 60 ára og vitaskuld var haldin stórveisla.“

Eftir ferðina vann Algirdas hörðum höndum í tvær vikur en nú er hann aftur á leiðinni til Litháen að klára fríið sitt.

Rachid Benguella:

### Treystir sérfræðingunum

Rachid bjó um tíma á Spáni svo hann þekkir notkun evru nokkuð vel. Hann segir efnahag landa ólíkan og taka verði tillit til þess. „Efnahagssérfræðingar þekkja betur en ég hvort það hentar Íslendingum að taka upp evru. Menn geta haft þá skoðun að við eigum að taka þátt í evrunni eins og aðrar Evrópuþjóðir. Ég held að upptaka evru hafi breytt miklu í Evrópu. Sum ríki högnuðust á þessu en ég er nokkuð viss um að einhver ríki töpuðu einnig á þessu. Að mínu mati ætti upptaka evru þó að geta aukið stöðugleika hér á landi.“





Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

### Kaka og Om Shanti om

„Á mánudagskvöldið bauð ég nokkrum vinum mínum í mat. Þema kvöldsins var Bollywood svo við borðuðum indverskan mat og horfðum á frábæra indverska kvikmynd sem heitir Om Shanti Om. Hún fjallar um endurholdgun, ást og morð. Um miðja mynd gerðum við hlé á myndinni til að borða, ekki eins indverskan mat en annars gómsæta hjónabandssælu. Við skemmtum okkur svo vel að við erum þegar farin að skipuleggja næsta Bollywood-kvöld.“

Junphen Sriyoha:

### Loksins er mamma komin

Junphen er afar kát um þessar mundir enda er móðir hennar komin hingað til lands að heimsækja hana. „Þetta hefur verið mikið pappírsumstang að fá hana en nú er hún komin,“ segir hún. „Ég er reyndar að vinna um þessar mundir en fríið nálgast og þá ætla ég að sýna henni landið. Við munum að öllum líkindum fara í Jökulsárlón og skoða síðan aðra fallega staði.“

Junphen hefur einnig verið að koma sér betur fyrir. „Ég fann nýtt herbergi eftir mikla leit. Nú er ég komin í mun stærra herbergi en ókosturinn er sá að það er í Árbænum svo það er lengra til vinnu,“ segir Junphen en hún vinnur í Fjarðarkaupum í Hafnarfirði.



# Ég mæli hiklaust með IQ-CARE

**Eftir að ég fékk mér IQ-CARE hef ég ekki fundið til í bakinu!**

*Sölvi Fannar Viðarsson*
*Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar*



# SUMARTILBOÐ





## Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

| Multimemo | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| 120x200 | 269.900 | **179.900** |
| 160x200 | 389.900 | **239.900** |
| 180x200 | 409.900 | **249.900** |

| Swissflex 145 | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 299.900 | **169.900** |
| 180x200 | 309.900 | **179.900** |

**Takmarkað magn**

## COE leðurrúmstæði

fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930** Verð áður 109.900

**40-50%** afsláttur af völdum svefnherbergishúsgögnum

## Chiropractic Luxury á tilboði

Queen 153x203 með botni og fótum
Tilboð **181.300**
Verð áður 289.000






AKUREYRI

**Svefn & heilsa** ★★★★★




REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00**

www.svefn.is


BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
40%
AFSLÁTTUR
NÝ SUMARUPPSKERA 2008
PIRI PIRI KJÚKLINGUR
Holta ferskar piri-piri kjúklingabringur
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
Nýjar íslenskar kartöflur daglega í verslunum Bónus
CONSUL BANANAR Í BÓNUS 18 TONN Í BOÐI
Bananar Consul 139 kr./kg.
139
40%
AFSLÁTTUR
Holta ferskir klipptir kjúklingavængir
299 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.
Andrex
hello Softie
our softest ever
3 FREE ROLLS
White
WC PAPPÍR
12 RÚLLUR Á VERÐI 9
Coca-Cola
KS
2359
KS ferskt lambafillet 2359 kr./kg.
KS
988
KS lambalæri frosið 988 kr./kg.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30


BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
45% AFSLÁTTUR
KRYDDAÐUR KJÚKLNGUR
Bónus kryddaður 1/1 kjúklingur í álbakka
495 kr./kg. MERKT VERÐ 899 KR.
Ferskur Holtakjúklingur
SKINNLAUSAR BRINGUR
40% AFSLÁTTUR
KJÚKLINGABRINGUR
Holta-ferskar kjúklingabringur
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.
STÓRI TÚLI GRILLBORGARAR XL
BBQ
498
STÓRI TÚLI Hamborgarar 140g 2 stk.
BBQ-sósa, ostur, stór brauð: 498 kr.
BÓNUS
498
Bónus ungnautahamborgarar 4 stk m/brauði
498 kr.
Nautaveisla
Ungnautahakk
798
Ferskt nautaveisluhakk
798 kr./kg.
VEITI
FÍNT SAMLOKUBRAUÐ
129
Myllu fínt samlokubrauð
770g 129 kr.
598
Coke kippa
6 flöskur x 1 ltr
598 kr.
ÍSLANDS NAUT
1598
Íslandsnaut- kryddaðar nautakótilettur
1598 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
SS
30% AFSLÁTTUR
SS grill lambalærissneiðar kryddlegnar
1763 kr./kg. MERKT VERÐ 2518 KR./KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

**FBL-GREINING: EVRAN, SAMEIGINLEG MYNT EVRÓPURÍKJA**

# Lokaskref í löngu ferli

Evran er sameiginlegur gjaldmiðill 15 af 27 ríkjum Evrópusambandsins. Hún var fyrst tekin í notkun í bankaviðskiptum árið 1999 en seðlar og myntir komu í umferð í ársbyrjun 2002. Er hún af mörgum talin einn af stóru sigrum Evrópusinna og er talið að um 320 milljónir íbúa Evrópusambandslandanna noti evrur daglega í viðskiptum sínum.

**Hvaða ríki nota evrur sem sinn gjaldmiðil?**
Árið 1999 tóku ellefu ríki upp evru sem sameiginlegan gjaldmiðil í bankaviðskiptum. Það voru Belgía, Þýskaland, Írland, Spánn, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Austurríki, Portúgal og Finnland. Grikkland bættist í hópinn árið 2001 og 1. janúar 2002 voru evruseðlar og myntir voru teknar í notkun í aðildarlöndunum. Árið 2007 bættist Slóvenía í hóp evrulandanna og fyrr á þessu ári bættust Kýpur og Malta í hópinn. Þá vinna níu aðildarlönd Evrópusambandsins að upptöku evrunnar. Þau eru Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Tékkland og Ungverjaland. Þau eru meðal nýrri aðildarlanda sambandsins og uppfylla enn sem komið er ekki skilyrði fyrir upptöku.

Sérstök undanþága var veitt Bretlandi og Danmörku sem eru hluti af Evrópusambandinu og innri markaði þess en notast ekki við evrur. Þá var upptöku evru hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í Svíþjóð árið 2003 og var landinu veitt undanþága til þátttöku í myntbandalaginu án upptöku evru. Smáríkin San Marínó, Mónakó og Vatikanið hafa tekið upp evru á grundvelli myntbandalaga við Evrópusambandslöndin. Evran er einnig mikið notuð af öðrum ríkjum eins og nágrannaríkjum evrulandanna og fyrrum nýlendum þeirra.

**Hvað er Efnahags- og myntbandalag Evrópu?**
Öll ríki Evrópusambandsins eru þátttakendur í Efnhags- og myntbandalagi Evrópu (European Monetary Union, EMU). Því mætti lýsa sem dýpri efnahagslegum samruna ríkjanna en innri markaðnum sem myntbandalagið er þó byggt á. Þess má geta að Ísland er hluti af innri markaðnum með aðild sinni að EES en ekki hluti af EMU. Upphaf EMU má rekja til fundar leiðtogaráðs Evrópusambandsins í Madríd í júní 1989 þar sem þeir komu sér saman um þriggja skrefa áætlun um samræmingu á efnahags- og peningamálastefnu aðildarríkjanna. Lokaskref áætlunarinnar var upptaka evrunnar en samkomulagið varð síðar hluti af Maastricht-sáttmála ESB sem tók gildi árið 1993.



Efnahags- og myntbandalag Evrópu er næststærsta gjaldmiðilssvæði í heimi á eftir Bandaríkjadal.

**Hvað gerir Seðlabanki Evrópu**
Seðlabanki Evrópu hefur aðsetur í Frankfurt í Þýskalandi en bankinn fer með yfirstjórn peningamála á evrusvæðinu og ákveður vaxtastig evrunnar. Helsta verkefni bankans er að halda verðbólgu í skefjum en frá upphafi evrunnar hafa helstu markmið um stöðugleika, lága vexti og hóflega verðbólgu að mestu staðist.

**Af hverju evra?**
Þrýstingur á aukinn pólitískan- og efnahagslegan samruna Evrópusambandslandanna knúði á um upptöku evrunnar. Þá vonuðust ríkin til að efla hagvöxt sinn með auknum fjárfestingum milli landanna með sameiginlegum gjaldmiðli. Evran var því talin efnahagslega og pólitískt skynsamleg aðgerð. Aukinn verðstöðugleiki, gegnsæi í verðlagi, aukin samkeppni, minni gengissveiflur og minni viðskiptakostnaður var meðal þess sem horft var til þegar vegnir voru kostir sameiginlegrar myntar. Að auki veitir sameiginlegur gjaldmiðill Evrópusambandins meiri vikt í alþjóðamálum.

Heimild: Vefir Framkvæmdastjórnar Evrópusambandins og Fastanefndar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir Ísland og Noreg.




**FRÉTTASKÝRING: Sjávarútvegur og byggðamál**

# Kvótaframsal talið stuðla víða að fólksfækkun

**Framsal veiðiheimilda hefur haft víðtæk áhrif á byggðaþróun í landinu, að mati Haraldar Líndals Haraldssonar, hagfræðings hjá Nýsi. Hann vann skýrslu um tengsl stjórnar fiskveiða og byggðaþróunar á landinu fyrir Byggðastofnun árið 2001, líkt og greint var frá í Fréttablaðinu í gær. Skiptar skoðanir eru á meðal hagfræðinga og benda sumir á að umfang landvinnslu sé aðalskýringin.**



**ÍSAFJÖRÐUR** Hagfræðingar eru sammála um að sjávarútvegi á Ísafirði hafi hnignað og rétt sé að hafa áhyggjur af stöðunni. Menn eru þó ekki sammála um hvort kvótasframsali eða hnignun landvinnslu sé fyrst og fremst um að kenna.
MYND/VILMUNDUR HANSEN

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er kveðið á um samskonar úttekt og Haraldur vann. Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir að á næstu vikum verði skipuð nefnd til að vinna úttektina. Í úttekt Haralds er ótvírætt kveðið upp úr með að stjórnkerfi fiskveiða hafi haft áhrif á byggðaþróun.

Í skýrslu Haralds kemur fram að á árunum 1982 til 1993 fjölgaði fólki á landsbyggðinni um 387. Frá árinu 1994 til 1999 hafi því hins vegar fækkað um 3.990. Þetta rekur Haraldur til frjáls framsals veiðiheimilda.

Hann tekur dæmi af tveimur byggðalögum, Ísafirði og Hnífsdal annars vegar, sem nú eru sameinuð, og Hrísey hins vegar.

Á Ísafirði og í Hnífsdal fjölgaði íbúum um 177 frá 1980 til 1989 og frá árunum 1990 til 1994 fjölgaði þeim um 40. Á árunum 1995 til 2000 fækkaði íbúum hins vegar öll árin og nam samtals fækkun 433 íbúum. Samkvæmt upplýsingar Hagstofunnar hefur íbúum Ísafjarðar fækkað um 285 síðan árið 2000.

Veiðiheimildir í sveitarfélaginu minnkuðu úr 18.394 þorskígildistonnum árið 1992 í 13.267 árið 2000. Árið 1996 voru starfandi sjö fiskvinnsluhús á Ísafirði og í Hnífsdal með 35 manns eða fleiri í vinnu við fiskverkun; samtals 620 manns. Árið 2000 var aðeins eitt þeirra starfandi og tvö ný í sama stærðarflokki orðin til. Hjá þeim unnu 190 manns. Fækkun starfa í fiskvinnslu nemur því 430 störfum.

Haraldur tekur fram að vissulega hafi aðrir þættir haft áhrif á byggðaþróun og nefnir þar sérstaklega snjóflóðin árin 1994 og 1995.

Hvað Hrísey varðar fækkaði íbúum þar úr 277 í árslok 1994 í 188 í árslok 2000. Veiðiheimildir minnkuðu úr 4.038, fiskveiðiárið 1992/1993, í 579 fiskveiðiárið 2000/2001. Stærsti atvinnurekandi eyjarinnar, Snæfell, hætti öllum rekstri í Hrísey 1. febrúar 2000. Samkvæmt heimildum frá Akureyrarbæ, en Hrísey er nú hluti hans, hefur íbúum eyjarinnar fækkað um 22 síðan árið 2000.

Í skýrslunni frá 2001 segir að frjálst framsal hafi leitt til „verulegrar skuldaaukningar í sjávarútvegi, lækkunar launa í fiskvinnslu í samanburði við aðrar atvinnugreinar og fólksflótta af landsbyggðinni [...]“ eins og segir orðrétt í skýrslunni.

Þar kemur fram að árið 1995 voru skuldirnar 108 milljarðar króna. Árið 2000 voru þær orðnar 173 milljarðar. Báðar tölurnar eru á verðlagi ársins 2000. Skuldaaukningin nemur 60,4 prósentum. Þá höfðu skuldir aukist frá 1985 til 1995 um tíu prósent á föstu verðlagi. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni voru skuldir sjávarútvegsins 209 milljarðar árið 2004.



**ÁSGEIR JÓNSSON**



**SVEINN AGNARSSON**

Haraldur sagðist í Fréttablaðinu í gær ekki vera í neinum vafa um afleiðingar kvótakerfisins. „Ég átta mig ekki á hvernig hægt er að hafa aðra skoðun en þá sem kemur þar fram [í skýrslunni]. Þar sem er kvóti og þar sem er fiskur til að vinna, þar er fólk. Takir þú kvótann í burtu hverfa störfin og þar með fólkið.“

Haraldur segir skýrsluna í sjálfu sér ekki hafa verið gagnrýni á kvótakerfið. Alvarlegt sé þó ef menn loki augunum fyrir augljósum afleiðingum kerfisins. „Menn hafa neitað þessum afleiðingum kvótakerfisins og þar af leiðandi hefur ekki verið gripið til neinna aðgerða.“

Ekki eru allir hagfræðingar á eitt sáttir með þetta skýra orsakasamhengi á milli kvótakerfisins og byggðaþróunar. Sveinn Agnarsson, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, sagði á málþingi um sjávarútvegsmál og byggðaþróun, sem Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál stóð fyrir síðastliðið haust, að ekki væri tölfræðilegt samhengi á milli sölu aflaheimilda úr byggðarlögum og fólksfækkunar.

Sveinn sagði hins vegar að samdráttur í landvinnslu á sjávarfangi skilaði sér í fólksfækkun. Það skipti með öðrum orðum mun meira máli hvar fiskurinn væri unninn, en hvar eignarhald veiðiheimildanna væri þegar kemur að byggðaþróun.

Sveinn lýsti yfir sérstökum áhyggjum af Ísafirði, en hann bar saman árin 1998 og 2006. Með öllum fyrirvörum um að byggja eingöngu á samanburði tveggja ára, sagði Sveinn fyllstu ástæðu til að óttast framtíð Ísafjarðar. „Ég hef töluverðar áhyggjur af því að á Ísafirði geti hnignað töluvert[,]“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið þá.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, sagði á sama málþingi að sjávarútvegur gæti ekki og ætti ekki að viðhalda núverandi byggðamunstri. Það miðaðist enda við allt aðrar aðstæður en nú eru uppi, þegar strandsiglingar voru mikilvægari en vegakerfið.



**HARALDUR L. HARALDSSON** Segir skýrslu sína um að frjálst framsal kvóta hafi haft áhrif á byggðaþróun, sem unnin var 2001, standa.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Ásgeir sagði í samtali við Fréttablaðið eftir málþingið að allar tilraunir til að þröngva sjávarútvegi í þann farveg að viðhalda núverandi byggðamynstri myndi hola atvinnugreinina að innan. „Af hverju er það slæmt að fimm stór fyrirtæki eigi 80% af aflaheimildunum? Ef þau geta borgað sæmileg laun, borgað sína skatta, geta skilað sínu og búið til verðmæti er ekkert að því,“ sagði Ásgeir þá.

Þá sagði hann enga skynsamlega ástæðu fyrir banni við fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi. Óþarfi væri að óttast að sjávarútvegsfyrirtæki yrðu stór, kraftmikil og alþjóðleg.

Athugun sú sem kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum, á reynslu kvótakerfisins við stjórn fiskveiða og áhrifum þess á þróun byggða, hefst á næstu vikum. Einar K. Guðfinnsson hefur líst því yfir að hann vilji að henni veði lokið á þessu kjörtímabili. Hann ætli sér, sem sjávarútvegsráðherra, að hafa áhrif á það hvernig sjávarútvegurinn muni þróast í framtíðinni.

Karl V. Matthíasson, þingmaður Samfylkingarinnar og varaformaður sjávarútvegsnefndar, hefur kallað eftir því að sú vinna hefjist sem fyrst. Málið sé það mikilvægt að í raun hefði vinna við það átt að vera hafin.

Í svari sjávarútvegsráðherra til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, vegna athugasemda hennar við kvótakerfið, vísaði ráðherra í þessa vinnu. Að öllu óbreyttu ætti því sú vinna sem marka mun umhverfi sjávarútvegsins inn í framtíðina að hefjast á næstu dögum.



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is


GÁMASALA UM HELGINA!!!
FULLUR GÁMUR AF MONGOOSE ALVÖRU FJALLAHJÓLUM
ÓTRÚLEG VERÐ
aðeins þessa helgi
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
ALVORU FJALLAHJOL
VARIST
EFTIRLÍKINGAR
MONGOOSE
Bestu tilboðin klárast fyrst!
Mongoose Tyax Super
Hörkuhjól með læsanlegum framdempara og vökva diskabremsum.
WWW.GAP.IS
GAP
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-16
15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM Í BÚÐINNI

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.157 **+1,43%**

**Fjöldi viðskipta:** 257
**Velta:** 1.915 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **EXISTA** | 4,80% |
| **SPRON** | 3,33% |
| **EIK BANKI** | 3,09% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ALFESCA** | 0,29% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,86 -0,29 ... Atorka 5,65 +0,00% ... Bakkavör 24,70 +0,82% ... Eimskipafélagið 14,30 +0,00% ... Exista 6,33 +4,80% ... Glitnir 15,10 +1,41% ... Icelandair Group 16,55 +0,61% ... Kaupþing 718,00 +1,27% ... Landsbankinn 23,00 +1,55% ... Marel 86,80 +1,52% ... SPRON 3,10 +3,33% ... Straumur-Burðarás 9,52 +1,39% ... Teymi 1,56 +0,00% ... Össur 87,20 +0,46%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Undirmálslán í rannsókn FBI

Bandarískir fjölmiðlar greindu frá því á fimmtudag að Bandaríska alríkislögreglan (FBI) rannsakaði nú ásakanir um kerfisbundin lögbrot hjá fasteignalánabankanum IndyMac, sem varð gjaldþrota á föstudaginn.

Grunur leikur á að bankinn hafi falsað skjöl og logið að fjárfestum um áreiðanleika lána sem veitt voru til áhættusamra viðskiptavina.

IndyMac sérhæfði sig í svokölluðum „jumbo“ lánum, fasteignalánum sem voru of stór fyrir hálf-opinberu fasteignalánasjóðina Fannie Mae og Freddie Mac, og Alt-A lánum, sem eru sérstök tegund undirmálslána. Gjaldþrot IndyMac var hið næststærsta síðan Ábyrgðarsjóður innlána hóf starfsemi.

Samkvæmt tilkynningu frá Bandarísku alríkislögreglunni er verið að rannsaka 21 banka og fjármálastofnanir sem tengjast hruni undirmálslánamarkaðarins. Meðal þeirra er Countrywide Financial Corp, sem hefur verið stærst á fasteignalánamarkaði í Bandaríkjunum. Að auki eru 1.400 mál gegn fasteignamiðlurum og öðrum sem bíða rannsóknar. **-msh**



**RANNSÓKN HAFIN** Viðskiptavinir Indymac bíða eftir að leysa út innistæður sínar MARKAÐURINN/AFP

## MARKAÐSPUNKTAR

Uppgjörstímabil skráðra félaga í Kauphöll Íslands vegna annars ársfjórðungs hefst í dag. Líkt og fyrri ár ríður Nýherji á vaðið. Undir lok næstu viku og í þeirri þarnæstu hefst tímabilið svo fyrir alvöru, meðal annars með uppgjörum bankanna.

Moody's hefur lækkað lánshæfiseinkunn danska bankans Roskilde Bank úr C- í D vegna fyrirhugaðra afskrifta bankans upp á 880 til 990 milljónir danskra króna á fyrri helmingi þessa árs.

Skuldatryggingarálag bankanna hefur hækkað hratt í júlí og nálgast hæstu gildi sem verið hafa. Greining Glitnis segir álag Kaupþings nú nema 960 punktum og Landsbankans 620 punktum. Skuldatryggingaálag ríkissjóðs sé svo 270 punktar.

# Fagna sölu Somerfield

„Við erum mjög sátt við þessa sölu á Somerfield. Fjárfestingin sem átti sér stað fyrir um þremur árum reyndist mjög góð fyrir Kaupþing sem og alla aðra sem að henni komu,“ segir Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs Kaupþings.

Breska verslanakeðjan Co-Op, samband kaupfélaga í Bretlandi, keypti í vikunni bresku verslunina Somerfield fyrir 1,57 milljarða punda, jafnvirði um 240 milljarða íslenskra króna.

Seljendur eru breski fasteignajöfurinn Robert Tchenguiz, Apax Partners, Barclays Capital auk þess sem Kaupþing tók þátt í afskráningu verslunarinnar síðla árs 2005. Kaupverð þá voru 1,2 milljarðar punda. Miðað við þetta má ætla að salan skili Kaupþingi um 40 milljörðum króna með beinum og óbeinum hætti.

Financial Times segir um söluna í gær að verðið sé mjög ásættanlegt í ljósi stöðunnar á markaðinum enda ljóst að fyrri eigendur hafi tvöfaldað fjárfestinguna á þremur árum að teknu tilliti til sölu eigna og lækkunar skulda. **- jab**



**EIN VERSLANA SOMERFIELD** Robert Tchenguiz og Kaupþing högnuðust um tugi milljarða með sölu á Somerfield. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Horfur taldar heldur bjartari

Gert er ráð fyrir meiri hagvexti í heiminum en áður í endurskoðaðri spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF). Ný spá gerir ráð fyrir 4,1 prósents hagvexti í ár, en sú fyrri 3,7 prósenta. Sjóðurinn gerir ráð fyrir að hagvöxtur á næsta ári verði 3.9 prósent.

Hagfræðingar IMF telja vaxandi verðbólguþrýsting helsta áhyggjuefnið, meðal annars vegna hækkandi verðs á olíu og öðrum hrávörum. Sjóðurinn gerir ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 3,4 prósent í þróuðum hagkerfum, en í apríl gerði sjóðurinn ráð fyrir að verðbólga yrði 2,6 prósent. Þá gerir sjóðurinn ráð fyrir að verðbólga í þróunarlöndum verði 9,1 prósent.

IMF spáir nú 1,3 prósenta hagvexti í Bandaríkjunum í ár og 0,8 prósenta hagvexti 2009. IMF gerir ráð fyrir 1,7 prósenta hagvexti á Evrusvæðinu á næsta ári. **-msh**



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Reglugerðar um Íbúðalánasjóð er enn beðið. Breytingunum var ætlað að gera fjármálastofnunum kleift að fara með veðhæf íbúðabréf til Íbúðalánasjóðs og fá skuldabref í staðinn. MARKAÐURINN/E.ÓL

# Íbúðalánasjóðs-breytinga beðið

**Reglugerðar sem gerir fjármálastofnunum kleift að selja íbúðabréf til Íbúðalánasjóðs er enn beðið. Mánuður er frá því að tilkynnt var um breytingarnar.**

„Enn hefur ekki reynt á tillögur ríkisstjórnarinnar þar sem undirbúningurinn var miklu meira verk en gert var ráð fyrir í upphafi,“ segir Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs.

Þann 19. júní síðastliðinn voru kynntar breytingar á fyrirkomulagi Íbúðalánasjóðs. Nú þegar hafa reglur um hærri hámarkslán og breytingar sem snúa að einstaklingum tekið gildi en hins vegar hafa breytingar sem snúa að fjármálastofnunum ekki tekið gildi.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var reglunum ætlað að auðvelda aðgengi sparisjóða og annarra fjármálastofnana að lausafé.

Samkvæmt reglum Seðlabankans, sem hann setur sér sjálfur, er honum ekki heimilt að kaupa bréf frá sparisjóðunum. Hins vegar geta viðskiptabankarnir farið beint til Seðlabankans með sín bréf þar sem þeir hafa alþjóðlegt lánshæfismat. Reglugerðarbreyting ætti því að hjálpa sparisjóðunum mun meira en viðskiptabönkunum.

Ekki náðist í ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins vegna þessa máls.

**-bjornthor@markadurinn.is**




# Sjónir beinast að atvinnuhúsnæði vestra

**Frekari fasteignaverðlækkana vænst í Bandaríkjunum.**

Vaxandi merki eru um að fjármálastofnanir sem lánað hafa til fyrirtækja sem reka og eiga verslunarhúsnæði kunni að rata í vanda vegna hruns fasteignamarkaða og fjármálakreppunnar vestra. Wall Street Journal greindi frá þessu á forsíðu sinni á miðvikudaginn.

Áhyggjur hafa vaxið eftir að Scott Coles, stjórnandi og eigandi eins stærsta fasteignalánafyrirtækis Arizona, Mortgages Ltd., fannst látinn á heimili sínu fyrr í mánuðinum. Lögregla segir að um sjálfsvíg hafi verið að ræða, en fyrirtæki Coles, sem hafði vaxið hratt undanfarin ár, átti í alvarlegum fjárhagsvandræðum. Félagið hefur nú verið tekið til greiðslustöðvunar.

Hingað til hafa lán með veði í verslunar- og atvinnuhúsnæði ekki lækkað á borð við það sem orðið hefur á húsnæðismarkaði, en lækkandi fasteignaverð og minni hagvöxtur virðast nú vera farin að segja til sín á þessum markaði.

Jón Bjarki Bentsson hagfræðingur hjá greiningardeild Glitnis segir að erfitt sé að gera sér grein fyrir stöðu markaðar með verslunar- og atvinnuhúsnæði á Íslandi, enda séu upplýsingar af skornum skammti. „Það er þó ekki ástæða til að ætla að hér á landi hafi verið bólumyndun á þessum markaði í líkingu við það sem varð í Bandaríkjunum,“ segir Jón.

**- msh**

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E8300 - 45nm
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 384MB Geforce NX9600GSO
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

**129.950**

## AMD TÖLVA 1

- Sempron LE-1150 2.0GHz
- 1GB DUAL DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Vista Home Basic

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

**47.950**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## INTEL TÖLVA 3

- Intel Core2Duo E7200
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 384MB Geforce 9600GSO
- Windows Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

**89.950**

## UPPFÆRSLA B

- Intel Core2Duo E2180
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 256MB Geforce 7100
- innb. 7.1 hljóðk. netk. o.fl

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

**22.950**

## LOGITECH G5 LEIKJAMÚS

Logitech G5 Gaming Grade Optical Mouse stórglæsileg og þægileg mús með fullt af tökkum

**6.450**

## RAZER MÚSAMOTTA

Mantis Speed er mögnuð leikjamotta frá Razer. Stærð 44x35cm

**2.950**

## CREATIVE A300

Creative A300 er 2.1 hátalarakerfi með 2 öflugum hátölurum og stóru bassaboxi

**5.950**

## SENNHEISER HD 201

Sennheiser HD 201 létt og þægileg lokuð heyrnatól sem að ná utan um eyrun

**2.450**

## INTEL TÖLVA 4

- Intel Core2Duo E8400
- 4GB DUAL DDR2 XMS
- 500GB WD - 7200RPM
- 512MB Geforce NX9600GT
- Windows Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

**109.950**

## COLORS IT 8025-C43

Colors It 8025-C43 góður turnkassi með 520W aflgjafa, svartur og silfraður

**6.950**

## SAMSUNG DVD SKRIFARI

Svartur DVDR+R/RW 20x/8x/16x skrifari, DVD-R/RW 20x/6x/16x,CD-R/RW 48x/32x, DL 12x með hugbúnaði

**3.950**

## ACER EXTENSA 5620Z-2A

- 1.6GHz Intel Core Duo
- 2GB DDR2 667MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- 384MB Intel GMA X3100
- 15.4" WideScreen skjár

**77.950**

## 500GB ICYBOX FLAKKARI

Tilbúin Icy BOX hýsing úr áli með 500GB SATA2 disk frá Western Digital, tengist beint í USB2 tengi

**13.950**

## 100GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar

**7.950**

## 2GB MINNISLYKILL

2GB Sandisk Cruzer Micro U3 vandaður og flottur minnislykill fyrir allmenna notkunn Ekkert lok til að tína

**1.750**

## SANDISK 2GB MP3

Flottur 2GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

**4.950**

## 500GB ICYBOX

500GB IcyBox MP302 margmiðlunarspilari, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

**23.950**

## 640GB HARÐUR DISKUR

640GB Western Digital SE16 - SATA II harður diskur, WD640AAKS, 300MB/s, með 16MB buffer, 7.200rpm

**9.750**

## ACER 5920G-60

- 2.2GHz Intel Core2 Duo T7500
- 4GB DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 512MB DDR3 Geforce 9500GS
- 15.4" WideScreen skjár

**139.950**

# @tt.is

*Allt tölvutengt á betra verði*

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700



28 x 95
**179**
kr/lm

ALLT AÐ
**45%**
AFSLÁTTUR AF
**SKJÓL-
GIRÐINGUM**

**ALLAR**
LENGDIR

# Pallaefni

## Gagnvarin fura
meðan birgðir endast

| | | | |
|---|---|---|---|
| 21 x 95 mm<br>621601-2 | **139** kr/m | 98 x 98mm<br>698601-2 | **499** kr/m |
| 28 x 95 mm<br>628601–2 | **179** kr/m | 48 x 123 mm<br>648701-2 | **339** kr/m |
| 48 x 98 mm<br>648601-2 | **259** kr/m | 48 x 198 mm<br>648901-2 | **590** kr/m |
| 48 x 148 mm<br>648801-2 | **389** kr/m | | |



**15.999**
~~17.995~~

**Bútsög**
Fox, 1800W, sagar
90° 75 x 305 mm
- 45° 75 x 210 mm
5159230

## Allt að **45%** afsláttur af skjólgirðingum



**11.590** — 180 x 180 sm, 603400
**4.790** — 90 x 180/90 sm, 603410
**4.990** — 180 x 90 sm, 603165
**11.700** — 180 x 180 sm, 603150
**1.390** — 93 x 80 sm, 603295
**2.890** — 180 x 80/95 sm, 603300



**3.799**
~~4.849~~

**Viðarvörn**
Trebitt Oljebeis, 3 ltr,
hálfþekjandi
7049230

**25%**
afsláttur af
**penslum fyrir
viðarvörn**





**5.299**
~~6.279~~

**Pallaolía**
Trebitt Terrassebeis,
3 ltr
7049308

**3 ára**
ending



**3.690**
~~4.590~~

**Garðbekkur**
124 x 57 x 75 sm
3899066



**5.990**
~~6.990~~

**Ferðagasgrill**
Primus
3000229



**7.690**
~~9.490~~

**Garðborð**
Oregon
3899112



# Palla SPRENGJA

17. - 24. júlí

**25%** afsláttur af **ryðfríum tréskrúfum**
5611300-44

**1.599** ~~2.088~~
**Metpost staur**
4" x 4", heitgalvaniseraður
5085601

**690**
**Pallaeining**
604300

## Allt að **45%** afsláttur af skjólgirðingum

**9.590**
180 x 110/90 sm
603175

**12.790**
180 x 190/180 sm
603190

**4.990**
90 x 160/140 sm
603230

**10.790**
180 x 180/160 sm
603225

**6.990**
180 x 180 sm
603205

**11.990**
180 x 167 sm ( án ramma)
600510

**199** ~~1.679~~
RUGL VERÐ
**Rakamælir**
f/timbur
5857810

**2.399** ~~2.979~~
**Pallahreinsir**
Terrasserens,
2,5 ltr
7158012

**1.799** ~~2.199~~
**Bleikingarefni**
Terrassebleker,
2,5 ltr
7158015

**6.699** ~~8.229~~
**Viðarvörn**
Gori 44+, 5 ltr,
hálfgegnsæ
7042520-30
**4 ára** ending

**5.990** ~~7.699~~
**Geymslukassi**
Pandora
3901458

HÚSASMIÐJAN
Ekkert mál

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Minnisvarði um rugl í ríkisfjármálum:

## Nýjar ríkisstofnanir boðaðar

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Ræða forsætisráðherra við afhjúpun minnisvarða um Einar Odd Kristjánsson þann 12. júlí hafði að geyma tímamótatilkynningar í menningarmálum.

Fyrir hvatningu hóps áhugamanna sem eru sterktengdir menningarstarfsemi í Kópavogi er í undirbúningi Tónlistarsafn Íslands í samstarfi menntamálaráðuneytis og Kópavogsbæjar. Munu samningsdrög þar um vera í vinnslu í ráðuneytinu. Samkvæmt samantekt Önnu Jensdóttur frá þingi norrænna háskólatónlistarsafna í sumar eru þegar nokkur slík í landinu: við Listaháskólann, á vegum þjóðkirkjunnar, í Stofnun Árna Magnússonar sem geymir hljóðrit af þjóðkvæðum, hjá Íslensku tónverkamiðstöðinni sem annast nær 8 þúsund tónverk, hjá Ríkisútvarpinu sem geymir hátt í 40 þúsund hljóðrit frá 1930, að ógleymdu safni í Þjóðarbókhlöðu. Á nú að safna þeim saman og máski byggja hús undir herlegheitin? Vita hin söfnin af því?

Hinu fyrirhugaða Tónlistarsafni er ætlað að taka við stafrænum yfirfærslum á safni Ríkisútvarpsins sem er brýnt verkefni. Forsætisráðherra er að víkja Ríkisútvarpinu ohf. undan varðveisluskyldu og um leið að kippa burt stórri röksemd fyrir rekstri þess. Forráðamenn þar á bæ koma menningararfinum í annarra hendur til varðveislu. En því hlutverki hafa þeir brugðist um áratugaskeið sökum fjársveltis.

Forsætisráðherrann boðar fjármagn til dreifingar efnis frá menningarhúsum sem nú eru að rísa með uppbyggingu FM-dreifikerfis til viðbótar þeim sem þegar eru uppi fyrir slíkar rásir á vegum útvarpsstöðva í einka- og opinberri eigu. Ekki er ljóst hver á að eiga það kerfi, kosta það og reka: ríkið eða Tónlistarsafn Íslands?

Ráðherrann boðar aukið fjármagn í flutning tónlistar um landið undir merkjum Listar um landið. Á að útvarpa efni frá menningarhúsum um hið nýja dreifikerfi og þá væntanlega að greiða fyrir flutninginn og efnið. Ekki er ljóst hver á að borga það né stýra þeirri dagskrá. List um landið hefur verið kostuð úr nokkrum sjóðum. Stóraukin dagskrá á þess vegum verður í harðri samkeppni við sjálfsprottna starfsemi sem í dag nýtur fjármagns víða að.

Tónlistarsafnið nýja skal hljóðrita og varðveita efni og fá sérstakan upptökubíl. Ráðherrann er að stofna nýtt útvarp ríkisins undir hatti safnsins nýja. Þangað flyst Rondó sem RÚV ohf. hefur rekið frá einum sendi á Vatnsenda sem stafrænt tilraunaverkefni. Breytir það ekki stöðu Ríkisútvarpsins?

Menningarpólitík ríkisins hefur lengi ráðist af hreinni hentistefnu eins og sundrun safna frá Þjóðminjasafni vitnar best um. Söfn eru nú um allar koppagrundir - öll vanefna. Hugmyndir hvatamanna þessa nýja safns eru sprottnar af góðu. Þeim dugar ekki minna en nýtt þjóðsafn, ný ríkisstofnun um tónlistarflutning og nýtt ríkisútvarp - algerlega á skjön við fornar stofnanir á þeim sviðum - sem allar eru fjársveltar.

Ekki hefur í einni ræðu verið safnað saman jafn mörgum tillögum sem eru á skjön við veruleikann og til marks um ruglið í menningarstefnu ríkisins sem nú er flutt í forsætisráðuneytið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Heitur Austurvöllur

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri opnaði í gær „heitan reit“ á Austurvelli, það er ókeypis þráðlausa háhraða nettengingu. Var reiturinn heiti opnaður formlega við styttu Jóns Sigurðssonar fyrir framan Alþingishúsið. Fer vel á því, enda hníga ýmis rök að því að væri Jón Sigurðsson á lífi í dag væri hann hlynntur þráðlausri nettengingu. Einn af helstu kostum þráðlausu háhraða nettengingarinnar við Austurvöll verður eflaust sá að héðan í frá geta ógæfumennirnir sem leggja undir sig svæðið á sumrin vafrað um eins og þeir vilja án þess að valda öðrum ama.



### Fleiri reiti

En betur má ef duga skal. Austurvöllur er vonandi aðeins fyrsti reiturinn af mörgum sem Reykjavíkurborg á eftir að gera heita. Nú ríður á að koma með opna þráðlausa háhraða nettengingu í Hallargarðinum, Grasagarðinum, Kirkjugarðinum við Suðurgötu, Viðey, Laugardalslaug, við Ægissíðu, Nauthólsvík, Elliðárdalnum og Bláfjöllum. Ekkert hálfkák!



### Fánýtar vangaveltur

Ungir jafnaðarmenn sendu frá sér yfirlýsingu í gær þar sem áréttað er að sæti Samfylkingin ein í ríkisstjórn væri Ísland nú þegar búið að sækja um aðild að Evrópusambandinu og skammt væri að bíða þess að landsmenn fengju tækifæri til að segja hug sinn til aðildar með þjóðaratkvæðagreiðslu. Já, sjálfsagt væri margt öðruvísi en það er nú ef Samfylkingin sæti ein við völd. En nú situr Samfylkingin ekki ein í ríkisstjórn, líkurnar á að það gerist eru meira að segja býsna litlar. Hvers vegna eru Ungir jafnaðarmenn að senda frá sér pælingar um hvernig veröldin væri ef Samfylkingin væri einráð?

bergsteinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ



# Þroskaðri evruumræða

UMRÆÐAN

Þórlindur Kjartansson skrifar um gjaldeyrismál



ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Fulltrúar atvinnulífsins hafa brugðist vel við hugmyndum um breytingar á fyrirkomulagi gjaldeyrismála sem ræddar hafa verið á síðustu dögum og byggjast á aukinni tengingu við evru án aðildar að Evrópusambandinu. Þetta kemur ekki á óvart enda er það fyrst og fremst, og nánast eingöngu, óánægja með gjaldmiðilinn sem hefur valdið auknum áhuga á aðild. Þetta er ekki skrýtið í ljósi þess að umræðan hefur lengi takmarkast af þeirri hugsun að eini valkosturinn við núverandi fyrirkomulag sé aðild að Evrópusambandinu.

Margir þeir, sem hvað sannfærðastir eru um að Evrópusambandsaðild sé betri kostur fyrir Íslendinga en núverandi staða, hafa brugðist nokkuð illa við þessari umræðu. Vísað er til orða embættismanna hvað þetta varðar en ekkert haldbetra heldur en almenn tilfinning er haft fyrir yfirlýsingunum. Varasamt er að taka slíkar almennar yfirlýsingar hátíðlega, enda er það ekki ráðinna starfsmanna Evrópusambandsins í Brussel að skera úr um pólitísk álitamál heldur fellur það í hlut lýðræðislega kjörinna forystumanna aðildarríkjanna. Eins er mikilvægt fyrir áframhald þessarar umræðu að sem flestir átti sig vel á því sem í þeim felst. Um er að ræða flókin og vandmeðfarin mál og því er ekki óeðlilegt að það taki tíma fyrir þátttakendur í umræðunni að átta sig fyllilega á því hvað í þeim felst.

Mikilvægt er að átta sig á því að í raun er verið að ræða tvær leiðir. Önnur leiðin er sú að semja við Evrópusambandið um að Ísland taki upp evruna. Hin leiðin er sú að samið verði um fastbindingu krónunnar við evruna með sérstöku samkomulagi. Hvorug þessara leiða er einhliða upptaka. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir samstarfi við Evrópusambandið. Bent hefur verið á að nú þegar hafi nokkur ríki, sem hafa mikil og náin tengsl við Evrópusambandið, tekið upp evru. Þetta gildir einnig um Ísland. Þátttaka Íslands á innra markaði Evrópu gerir það að verkum að Evrópusambandið væri ekki að gefa almennt fordæmi fyrir ESB-lausri evruvæðingu með því að semja við Ísland.

Annað sem hafa þarf í huga er að staða krónunnar nú er líklega fyrst og fremst afleiðing af því að íslenska hagkerfið er orðið miklu stærra heldur en gjaldmiðillinn. Þeir kraftar sem verka á krónuna eru alþjóðlegir. Ennfremur hafa áhrif peningamálastjórnarinnar minnkað innanlands. Afsal á peningamálastjórn hefur því að einhverju leyti gerst sjálfkrafa með aukinni alþjóðavæðingu. Í þessu ljósi, og með reynslu undanfarinna ára í huga, þurfa stjórnvöld að endurmeta peningamálastefnuna.

Slík endurskoðun verður ekki umflúin og óþarfi er að óttast hana. Aðildarsinnaður leiðarahöfundur Morgunblaðsins lýsti því að það sé „áhættusamt“ að láta reyna á það hvort vilji sé fyrir samningi við Ísland um gjaldmiðlamál. Þar segir að slíkar þreifingar yrðu túlkaðar þannig að íslensk stjórnvöld hefðu misst trú á gjaldmiðlinum. Þessi málflutningur heldur ekki vatni því nákvæmlega sama gildir ef sótt er um aðild að Evrópusambandinu. Slíkt gæti allt eins verið túlkað þannig að stjórnvöld hefðu gefist upp á krónunni og enn stæði eftir sá möguleiki að Íslendingar hafni aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er því alveg sama hvaða leið er farin við breytingar á fyrirkomulagi peningamála; því kann að fylgja einhver áhætta.

Þær tvær leiðir til evrutengingar sem nú eru í umræðunni ættu að vera fagnaðarefni fyrir alla þá sem trúa því að traust alþjóðlegt samstarf sé forsenda fyrir áframhaldandi velmegun. Þess vegna er mikilvægt að umræðan um þær fái að þroskast eðlilega.

*Höfundur er formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.*

# MAX RAFTÆKI

## alltaf BETRI tilboð







**1.989 kr.**

Fullt verð ~~2.289~~

Verð á stk.



## iPod Nano 8Gb

**Apple MA980**

8GB iPod Nano MP3 spilari • 3 kynslóð • 2" LCD litaskjár • Spilar H.264 video • Spilar MP3, Audible (2/3/4), Apple Lossless, AIFF, WAV og AAC • Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir • Geymir allt að 8 klst. vídeó, 2.000 lög eða 7.000 ljósmyndir • Endist 24 klst. á hleðslu • Tónjafnari • Vekjari og svefnrofi

**24.989 kr.**

Fullt verð ~~31.989~~



## Ferðatæki með CD

**Lenco SCD25**

Nett ferðatæki • FM útvarp • Geislaspilari • Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA • Heyrnartólstengi • Góðir hátalarar

**4.989 kr.**

Fullt verð ~~5.989~~



3 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

19 tommur

## LCD með innb. DVD spilara

12 og 220v

**United TVD7056**

19" LCD breiðtjald með innb. DVD spilara • 1440x900 p.uppl. • Skerpa: 500:1 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartóls-tengi • VGA tengi • Textavarp • 12v og 220v • 12v snúra fylgir

**59.989 kr.**

*Gildir fyrir DVD tilboðsmyndir!



## 7,2 milljón punkta

LEICA DC LENS

**Panasonic DMCFX12**

Stafræn myndavél • 7,2 milljón punkta upplausn • Venus Engine III • MEGA OIS hristivörn í linsu • LEICA DC Vario - Elamrit linsa • 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom • Linsa: 5.8 - 17.4mm (35mm Samb. 35-105mm) • 2.5" LCD skjár • Hágæða hreyfimyndataka • 27MB innra minni og rauf fyrir SD/SDHC kort

**18.989 kr.**

Fullt verð ~~24.989~~

3 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki



## Ferða DVD

12 og 220 volt

**United DVP7046**

7" TFT skjár • 480 x 234 p.uppl. • Format: 4:3 / 16:9 • Built-In Dolby Digital Decoder • Innb. 2x 1W hát. • Multi OSD • Anti Schock

*Má festa aftan á sætispúða í bílnum!*

**14.989 kr.**

Fullt verð ~~19.989~~

DVD myndir **989 kr.**

**Kauptu tvær ... og fáðu þriðju fría**



## Hundruðir DVD titla í boði!

**OPNUNARTÍMI**

| | |
|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 |
| Föstudaga | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

# Gleymum ekki sögunni

**UMRÆÐAN**
Steinþór Jóhannsson skrifar um Marbakka og Sæból


STEINÞÓR JÓHANNSSON

Komið þið sælir, kæru Kópavogsbúar. Fyrir skemmstu fékk ég mér göngu um Sæbólsbraut og Fossvoginn, þar fyrir neðan, sem er í sjálfu sér ekki í frásögur færandi. En eitt stakk mig þó. Það var búið að rífa húsið hans Gauja skó, sem ýmist var kallað Litla Sæból, Gamla Sæból, eða Ytra Sæból í minni æsku. Mundi ég þá að ég hafði aldrei tekið almennilegar myndir af þessu húsi. Og nú var það horfið.

Í þessu húsi bjó lengst af í minni æsku maður sem hét Guðjón og var Ísfirðingur. Í húsinu rak hann skósmíðaverkstæði og var jafnframt bátasmiður og réri til fiskjar í Fossvoginum. Á lóðinni stendur nú skilti þar sem segir að þar eigi að reisa 300 fermetra hús.

Því er ég að minnast á þetta? Vegna þess að mér flaug strax í hug: Hvað verður næst? Ekki alls fjarri standa tvö hús sem eru eiginlega saga Kópavogs og persóna sem í þessum húsum bjuggu, sem má með rétti segja að hafi skapað Kópavog. Þá er ég að tala um húsin Sæból og Marbakka. Í Sæbóli bjuggu Þórður Þorsteinsson og Helga Sveinsdóttir ásamt börnum sínum. Þórður var fyrsti og eini hreppstjóri Kópavogshrepps og hafði alla tíð mikil áhrif til framfara fyrir hreppinn. Þetta hús stendur enn. Í Marbakka bjuggu Finnbogi Rútur Valdimarsson og Hulda Jakobsdóttir, kona hans, og þeirra börn. Þau hjón voru fyrstu bæjarstjórar hins nýstofnaða Kópavogskaupstaðar; Finnbogi fyrsti bæjarstjóri og Hulda annar bæjarstjóri, fyrst allra kvenna á Íslandi. Marbakki stendur enn. Það er dæmigert fyrir það hvernig fólk byrjaði að byggja yfir sig í Kópavogi. Fyrst lítill skúr, svo annar, svo koll af kolli, þar til komnar voru sæmilega íbúðarhæfar vistarverur.

*Ég skora á bæjaryfirvaldið að íhuga þetta mál áður en einhver byggingarverktaki kaupir þessi hús, mokar þeim burtu og reisir þar stórhýsi.*

Ég minnist á þetta vegna þess að þótt Kópavogsbær sé aðeins 53 ára á bærinn sér sögu, þá sérstaklega í þessum tveimur húsum sem standa við Fossvoginn. Spurningin er hvort ekki sé ástæða fyrir bæinn að leysa þessi tvö hús til sín, laga þau lítillega og búa til minjasafn um persónusögu þess fólks sem þar bjó og er samofið uppvaxtarárum bæjarins.

Ég skora á bæjaryfirvaldið að íhuga þetta mál áður en einhver byggingarverktaki kaupir þessi hús, mokar þeim burtu og reisir þar stórhýsi. Þessi hús eiga sér sögu. Reykjavík er að henda milljarði í ónýta timburkofa sem eiga sér enga sögu. Akureyringar eiga Davíðshús, Nonnahús og Sigurhæðir en við eigum ekki hús Jóns úr Vör. Mér þykir vænt um fæðingarhrepp minn.

Með kærri kveðju, til umræðu og íhugunar.

*Höfundur er skáld.*

# *Sjóminjasafnið og atvinnusagan*

**UMRÆÐAN**
Björgvin Guðmundsson skrifar um Sjóminjasafnið Víkina


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Ég heimsótti Sjóminjasafnið Víkina fyrir skömmu eftir miklar endurbætur á safninu. Það er orðið mjög myndarlegt og safnstjóranum til sóma. Hrifnastur er ég af því hvað þróun togaraútgerðar í landinu eru gerð góð skil en einnig er lýsing á saltfiskverkun mjög skemmtileg, einkum á Kirkjusandi.

Á 1. hæð er móttökusalur og frá honum gengið niður á bryggju, sem er mjög skemmtileg en þar er sem uppskipun og útskipun sé í fullum gangi. Maður sér þar ljóslifandi fyrir sér hafnarverkamenn að vinna við skip. Ég hélt, að stytta af verkamanni á bryggjunni væri lifandi maður, svo vel var hún gerð. Þegar ég var í Menntaskólanum í Reykjavík vann ég stundum við uppskipun til þess að fá skotsilfur, en faðir minn vann árum saman á Eyrinni, við uppskipun og útskipun einkum hjá Alliance og Kveldúlfi.

Á annarri hæð er að mínu mati aðalhluti safnsins. Þar er rakin saga fiskveiða á Íslandi, saga áraskipa, skútualdar, vélbáta og togara. Þar er að finna mörg skemmtileg líkön af skipum, stórum og smáum, og skemmtilega gerð grein fyrir þeim og sögunni. Þróun togaraútgerðar á Íslandi er skilmerkilega rakin.

**Bæjarútgerðin**

Bæjarútgerð Reykjavíkur skipar sérstakan sess á safninu sem von er en safnið er til húsa í fyrrum frystihúsi BÚR. Um langt skeið var Bæjarútgerðin burðarás í atvinnulífi bæjarins. Gaman er að sjá frásögn af því þegar fyrsti nýsköpunartogarinn kom til Reykjavíkur árið 1947 en komudagur togarans telst stofndagur Bæjaútgerðar Reykjavíkur.

Bjarni Benediktsson átti sem borgarstjóri stærsta þáttinn í því að skipið var keypt til BÚR. Þeir náðu saman um málið, Bjarni Benediktsson og Jón Axel Pétursson, bæjarfulltrúi Alþýðuflokksins.(Ólíkt hafast leiðtogar Sjálfstæðisflokksins að: Bjarni Benediktsson kom Bæjarútgerðinni á fót en Davíð Oddsson kom henni fyrir kattarnef!) Á safninu er fallegt líkan af Ingólfi Arnarsyni en einnig af mörgum öðrum togurum.

Því eru gerð góð skil á safninu hve mikilvæg saltfiskframleiðslan var í landinu áður en frysting hófst. Bæjarútgerðin eignaðist frystihús 1959 en svo skemmtilega vill til, að það er einmitt húsið, sem Sjóminjasafnið er nú til húsa í á Grandagarði 8. Húsið var byggt fyrir Fiskiðjuver ríkisins en Jakob Sigurðsson kom því fyrirtæki á fót og rak um nokkurra ára skeið. Árið 1959 eignaðist BÚR húsið og rak þar frystihús um langt skeið.

**Alger umskipti í atvinnumálum landsmanna**

Árið 1978 kom ég að rekstri Bæjarútgerðar Reykjavíkur, sem stjórnarformaður en síðan sem framkvæmdastjóri 1982. Beitti ég mér fyrir smíði tveggja nýrra skuttogara fyrir BÚR, Jóns Baldvinssonar og Otto N. Þorlákssonar. Reyndust þetta mjög fullkomin og góð fiskiskip. Saga BÚR og raunar atvinnusaga Reykjavíkur öll rifjast upp þegar ég geng um sjóminjasafnið. Bæjarútgerðin var um skeið stærsta togaraútgerð landsins. Það er hollt að sjá á safninu umskiptin, sem orðið hafa í atvinnumálum landsins. Faðir minn reri á áraskipum frá Grindavík og móðir mín breiddi saltfisk á Kirkjusandi. Þetta rifjaðist upp þegar ég gekk um safnið.

*Því eru gerð góð skil á safninu hve mikilvæg saltfiskframleiðslan var í landinu áður en frysting hófst.*

Stofnendur Sjóminjasafnsins voru Reykjavíkurborg og Reykjavíkurhöfn. Var rekstrarframlag frá hvorum aðila fyrir sig 10 millj. kr. á fyrsta árinu. Á fyrsta fundi stjórnar safnsins var Sigrún Magnúsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi, ráðin forstöðumaður safnsins en hún hafði mjög beitt sér fyrir stofnun þess. Ákveðið var, að fyrsta sýning safnsins yrði í tilefni af aldarafmæli togaraútgerðar á Íslandi. Síðan hafa margar sýningar fylgt í kjölfarið: Hákarlinn, Ljós og lífsorka, Handlaginn huldumaður, sýning á ljósmyndum Þorleifs Þorleifssonar, Lífæð lands og borgar, 90 ára afmæli Reykjavíkurhafnar, málverkasýningar o.fl.

Safnið hefur húsnæðið að Grandagarði 8 á leigu. Hentar það að mörgu leyti vel fyrir safnið en þó hefur þurft að gera miklar endurbætur á því, m.a. utanhúss. Nú hefur safnið eignast varðskipið Óðin og er það nú hluti safnsins og geta allir safngestir skoðað skipið og rifjað upp þátt þess í öllum þorskastríðunum.

*Höfundur er fyrrverandi borgarfulltrúi.*

# Lífsgæði á landsbyggðinni

**UMRÆÐAN**
Sigurður Grétar Sigurðsson skrifar um tíu ára afmæli Húnaþings vestra


SIGURÐUR GRÉTAR SIGURÐSSON

Ég flutti í Húnaþing vestra haustið 1998, skömmu eftir að hið sameinaða sveitarfélag var stofnað. Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík og á afar góðar minningar þaðan. Landsbyggðarbakteríuna, sem ég leyfi mér að kalla svo, fékk ég hins vegar veturinn 1991-1992 er ég kenndi við Grunnskólann á Hellu sællra minninga. Þá fann ég að á landsbyggðinni vildi ég búa. Sú tilfinning staðfestist veturinn 1997-1998 er ég bjó í Hvalfjarðarsveit.

*Þjónustustig er afar hátt miðað við mannfjölda sem skýrist að mestu af fjarlægð við næstu þéttbýliskjarna og góðri staðsetningu.*

Af hverju kýs ég að deila þessum upplýsingum með lesendum? Jú, fyrir þau sem vilja lesa lengra þá langar mig til að deila með ykkur þeim kostum sem ég hef upplifað við það að búa á landsbyggðinni.

Húnaþing vestra er tæplega 1.200 manna samfélag með Hvammstanga sem höfuðstað. Hvammstangi er nánast í miðju sveitarfélagsins með greiðar samgöngur í allar áttir. Þorpið er fagurt og friðsælt þar sem metnaður hefur verið lagður í að gera bæinn aðlaðandi og fjölskylduvænan. Þjónustustig er afar hátt miðað við mannfjölda sem skýrist að mestu af fjarlægð við næstu þéttbýliskjarna og góðri staðsetningu. Hér er ADSL-tenging, Mogginn kemur til mín a.m.k. klukkustund áður en hann kemur til foreldra minna, sem búa þó í ca 20 mínútna göngufæri frá prentsmiðjunni, ef ég panta vörur með póstinum og þær eru póstlagðar fyrir kl. 16 fæ ég þær í hendur um kl. 10 morguninn eftir, ef snjóar eru nær allar götur orðnar færar við almenna fótaferð, hér eru verslanir með fjölbreytt úrval og góða pöntunarþjónustu, hárskerar, tannlæknir, góð heilsugæsla með tveimur læknum ásamt litlu sjúkrahúsi og dvalarheimili, apótek, þjónustuíbúðir fyrir aldraða, fjölbreytt kirkjustarf, mikið kóra- og sönglíf, öflugt íþróttastarf fyrir alla aldurshópa, þróttmikið hestamannafélag með góðri aðstöðu, kvenfélög, lionsklúbbur, leikfélag o.fl. o.fl.

Atvinnulíf er fjölbreytt, mörg störf vissulega tengd landbúnaði en áhættudreifing býsna góð sem gerir atvinnuástand almennt nokkuð tryggt. Hér er rúmgóður leikskóli, grunnskóli með réttindakennara í öllum stöðum og tónlistarskóli með fjölhæfum og vel menntuðum kennurum.

Í þorpinu er allt í göngufæri, hér er gott tækifæri fyrir umhverfisvænan og heilbrigðan lífsstíl, foreldrar hafa góða yfirsýn yfir viðfangsefni barna sinna, fjöldi í hverjum bekk talsvert minni en landsmeðaltal, tækifæri fyrir unga sem aldna til að taka þátt í menningarviðburðum s.s. söngvakeppnum, leiksýningum o.fl. sem auðgar mannlífið. Hér eru margar náttúruperlur, vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki, glæsilegir gististaðir, heimsþekkt veiðisvæði o.s.frv. Hér er meira að segja bílasala sem er nauðsyn hverjum karlmanni.

Nýlega var opnaður glæsilegur vefur, nordanatt.is, sem geymir fjölmargar upplýsingar um Húnaþing vestra. Eins og sést er hér um langa upptalningu að ræða og væri vissulega hægt að gera hverju atriði allnokkur skil. Tilgangur þessarar greinar er að vekja athygli landsmanna á því þjónustustigi, þeim lífsgæðum og þeim fjölskylduvænu tækifærum sem víða eru á landsbyggðinni þrátt fyrir fámenni.

Þeim fjölgar alltaf sem geta stundað vinnu sína óháð búsetu. Húnaþing vestra er kjörinn vettvangur fyrir fólk sem vill breyta til, koma með vinnuna með sér, hafa góða yfirsýn yfir daglegt líf fjölskyldu sinnar og verða hluti af samfélagi sem er laust við umferðarhnúta, ofurstress og æ meiri ótta við sitt nánasta umhverfi.

*Höfundur er sóknarprestur á Hvammstanga.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AGA GASOL HEIM
Alla daga frá kl. 10 til 22
800 5555
Alla daga frá 10 til 22


Linde Gas AGA

**AFTUR TIL MIÐALDA**
Miðaldadagar verða haldnir á Gásum í Eyjafirði um helgina en Gásakaupstaður var verslunarstaður á miðöldum og þar eru friðlýstar fornleifar.
HELGIN 3



**SELT EFTIR VIGT**
Just Food er nýr matsölustaður á Laugarásvegi þar sem hægt er að fá tilbúinn, hollan og góðan mat seldan eftir vigt til að taka með sér.
MATUR 4








4ra rétta tilboð
*og nýr A la Carte*

· **Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Kókos- og engifersúpa** með grilluðum tígrisrækjum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

6.490 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.*

NÝTT!
Glas af eðalvíni

**Côte Rôtie „La Mouline“ 2003** | Rhône, Frakkland
**Opus One 1995** | Napa Valley, Bandaríkin

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **19 eðalvínum** með mat. Verð frá 890-8.900 kr.
*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN
Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is
Hringbrot



Rétturinn sem Kristleifur kann góð skil á er afar bragðgóður og frumlegur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Að hætti fagmanna

***Kristleifur Halldórsson, sem starfar í eldhúsinu á veitingastaðnum Silfri, er mikill snillingur í eldhúsinu og kann vel til verka.***

Kristleifur hefur lengi unnið við matreiðslu og er því vel sjóaður í þessum geira. Uppáhaldsréttur Kristleifs er klaustursbleikja með humarvindli ásamt chili-lárperumauki og með því hefur hann kóngakrabbasalat.

„Þessi réttur er hugmyndasmíð matreiðslumanna Silfurs og hefur verið tekið gríðarlega vel af öllum sem hafa gætt sér á,“ segir Kristleifur. Innihaldið er 320 grömm af klaustursbleikju, tvær sítrónur, einn kóríander ásamt einu stykki af chili og salt og pipar. Lárperumaukið samanstendur af einni sítrónu, tveimur stykkjum af chilli og 100 millilítrum af extra virgin olífuolíu og salti og pipar. Innihald kóngakrabbasalatsins er 100 grömm af kóngakrabba, 40 grömm af sýrðum rjóma, 10 grömm af wasabi-dufti og eitt búnt af steinselju ásamt salti og pipar.

„Aðferðin er einföld en hún er þannig að bleikjan er beinhreinsuð, flökuð og skorin í fallega bita. Olíunni, salti og pipar, sítrónuberkinum og kóríander er stráð á bakka og bleikjan lögð á og elduð við 70 gráður á Celsíus í 2-4 mínútur. Aðferðin við humarvindilinn er þannig að blaðdeig er skorið í myndarlegan þríhyrning og humarnum rúllað fallega upp með thai-parsley og prjóni stungið í gegn. Kóngakrabbasalatið er svo búið þannig til að kóngakrabba, sýrða rjómanum, chili, wasabi og steinselju er blandað varlega saman,“ útskýrir Kristleifur og bætir við að uppskriftin sé fyrir fjóra.

*mikael@frettabladid.is*




SUMAR TILBOÐ
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu
Matarmiklar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur 2790 fyrir tvo
krónur 1395 á mann

ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. KÓK MEÐ TILBOÐINU

**Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.**
Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
**Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.**

NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17
PÖNTUNARSÍMI: 588 9899
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

**Útilegur** eru skemmtilegar í fallegu veðri með góðum hópi. Fjölskyldan eða vinahópurinn getur farið saman í tjaldferð yfir helgina og átt góða stund saman.





Allt fyrir útihátíðina
veislurnar & partíin
Hafnarsport.is
pöntunarsími: 6613700

Auglýsingasími
512 50 50


- Mest lesið



Gengið verður upp á Kistufell í Reyðarfirði á morgun klukkan 10. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gengið á fimm fjöll í Fjarðabyggð

***Ferðafélag Fjarðamanna stendur fyrir gönguferð upp á Kistufell í Reyðarfirði á morgun.***

„Við erum með verkefni sem heitir fjöllin fimm í Fjarðabyggð," segir Ína Dagbjört Gísladóttir, formaður Ferðafélags Fjarðamanna. „Við handgerum hefti og seljum og síðan þarf að stimpla þau með stimplum sem verða á hverju fjalli."

Kistufell er eitt hinna fimm fjalla í Fjarðabyggð ásamt Goðaborg, Svartafjalli, Hólmatindi og Hádegisfjalli. „Þegar öll fjöllin hafa verið gengin og heftin hafa verið stimpluð í bak og fyrir fá göngugarpar verðlaun og viðurkenningu á heimasíðunni okkar."

Að sögn Ínu Dagbjartar er verkefnið alltaf í gangi og fylgd upp á fjöllin ekki nauðsynleg. „En Kistufellið er erfiðast og það er best að fara það með fylgd."

Gangan hefst klukkan 10 og mæting er við Áreyjar. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á www.simnet.is/ffau *- mmf*

# Dalaportið

***Markaður og kökuhlaðborð verður í Arnardal við Ísafjarðardjúp á morgun milli 14 og 17.***

„Við erum með fjós og hlöðu sambyggt og erum búin að gera veitingasal úr fjósinu en hlaðan er enn hrá og töff. Á morgun verður þar markaður sem við köllum Dalaport," segir Anna Sigríður Ólafsdóttir sem er með rekstur í Arnardal ásamt eiginmanni og tengdaforeldrum. En hvers konar markaður? „Ég á von á að þetta verði ein risastór bílskúrssala. Fullt af fólki að selja ýmsan varning. Mér þykir líklegt að þar verði líka handverk, sultur og ýmislegt heimafóndur og svo verður kökuhlaðborð í fjósinu."

Arnardalur er við endann á Skutulsfirði, í 10 kílómetra akstursfjarlægð frá Ísafirði. Þar er ferðaþjónusta í uppbyggingu að sögn Önnu Sigríðar. „Við erum komin með veitingastaðinn og hlöðuna og erum með leyfi fyrir tjaldsvæði," upplýsir hún og bætir við. „Framtíðarplanið er að gera smáhýsi líka og vera með alhliða ferðaþjónustu." *-gun*



Hlaðan er til margra hluta nytsamleg og þar er oft margt um manninn.

Tilboðsdagar í júlí
Italsofa
The Italian touch

Vandaður hornsófi með þykku nautaleðri Verð áður kr. 434.500.- **Verð nú kr. 347.000.-**


Vandað sófasett 3+1+1 með þykku nautaleðri. Litir: Ljóst, brúnt. Verð kr. 399.000.- **Verð nú kr. 320.000.-**

**Komið og sjáið fjölda tilboða í verslun okkar!**

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Opið virka daga kl. 10-18 / **Laugardaga kl. 11-16**



Á Gásum má finna ýmiss konar handverk og reistar verða tjaldbúðir í fjörunni á Gáseyrinni. MYND/MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI



Eldsmiður verður að störfum á Gásum. MYND/MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

Rúnar Þór
leikur fyrir dansi föstudag & laugardagskvöld
Eldhúsið er opið 11-15 & 18-22. Nýr og spennandi matseðill
RAIN
Reykjanesbæ • Hafnargötu 19 • Sími: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is

„...fyrst á visir.is“
vísir.is
...ég sá það á visir.is

# Líf og fjör á Gáseyrinni

***Miðaldastemning mun ríkja á Gásum í Eyjafirði um helgina en þá verða þar haldnir Miðaldadagar.***

„Á Miðaldadögum er metnaðarfull dagskrá fyrir alla fjölskylduna bæði laugardag og sunnudag frá klukkan 11 til 17. Það sem er skemmtilegt nú er að við keyrum heila helgi nær eingöngu á eyfirsku handverksfólki,“ segir Kristín Sóley Björnsdóttir, framkvæmdastýra Gásakaupstaðar.

Gásir við Eyjafjörð eru ellefu kílómetra norðan við Akureyri en þar gefur að líta einstakar rústir hins forna Gásakaupstaðar sem var við lýði allt frá tólftu öld og líklega fram til sextándu aldar þegar verslun hófst á Akureyri.

Hátíðin hófst með smáu sniði árið 2003 en síðan urðu þáttaskil árið 2005 þegar sótt var um styrk til Norræna menningarsjóðsins. „Styrkurinn gerði okkur kleift að vinna með Middelaldercenteret í Danmörku og Víkingasafninu Borg á Lofoten í Noregi. Þau sendu mannskap til okkar til að aðstoða við Miðaldadagana árið 2006 en þarna starfa miklir reynsluboltar sem hafa unnið lengi að lifandi sögumiðlun og lærðum við heilmikið af þeim,“ segir Kristín Sóley.

Hátíðin verður sett á laugardaginn klukkan 12.30 að fornum sið og síðan hefst dagskráin. „Við fáum meðal annars kaupmann frá Danmörku sem ætlar að vera með perlur, gler og skart í miðaldastíl til sölu og hægt verður að fylgjast með málmsteypun á skarti og kaðalgerð,“ útskýrir Kristín Sóley. Á dagskránni má einnig finna leiðsögn um fornleifasvæðið, knattleik að miðaldasið, eldsmið að störfum, hreinsun brennisteins, leikþáttinn Munkar og mjöður og tónleika með Hymnodiu þar sem flutt verða lög frá miðöldum. Í boði verða kjötsúpa og brauð í anda miðalda frá Friðriki V og Norðlenska á 500 krónur. Aðgangseyrir á hátíðina er 1.000 krónur fyrir fullorðna en þrettán ára og yngri greiða 250 krónur. Þeir sem eru minni en miðaldasverð greiða hins vegar engan aðgangseyri og rennur allur ágóði til Sjálfseignarstofnunar Gásakaupstaðar.

*hrefna@frettabladid.is*



Kristín Sóley Björnsdóttir, framkvæmdastýra Gásakaupstaðar, segir að Miðaldadagarnir hafi undið upp á sig síðustu ár. Dagskrá má í heild sinni finna á www.gasir.is. MYND/HEIÐA.IS



Þar sem greiðslukort tíðkuðust ekki á miðöldum er gott að vera með reiðufé.



Menn geta meðal annars reynt sig við bogfimi og steinakast á Miðaldadögum.



THULE SWEDEN

Taktu hjólið með
- settu það á toppinn.



THULE ProRide 591
Einfaldar og stílhreinar hjólafestingar.
Auðveldar í notkun.



THULE OutRide 561
Fyrir þá sem eru vanir. Hjólið fest í framgaflinum.

Allar upplýsingar um THULE er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is
Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnisgata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000






Fjölskyldu og skemmtigarður í fallegu umhverfi.
Veitingar, leiktæki, risa hoppipúði, kastali fuglatjörn og öll dýraflóra Íslands á einum stað.
tofrar@stokkseyri.is
www.tofragardurinn.is
Sími 354 483-3800
TÖFRAGARÐURINN Stokkseyri

Afþreying fyrir alla fjölskylduna
Stokkseyri, aðeins 45 mín. akstur frá Reykjavík




Kajakaferðir fyrir alla.
Frábært tækifæri til náttúruskoðunar á sjó og vatni í lífríki sela og fugla.
Friðsælt, skemmtilegt og ógleymanlegt ævintýri.
kajak@kajak.is
www.kajak.is
Sími: 354 896-5716
KAJAKAFERÐIR STOKKSEYRI

**Kökur** og annað góðgæti er tilvalið að eiga inni í eldhússkáp ef gesti ber óvænt að garði. Hægt að galdra fram veislu á augabragði.










Stefán Stefánsson stofnaði Just Food to go ásamt eiginkonu sinni. Þau eru fyrst á Íslandi til að bjóða viðskiptavinum tilbúinn mat eftir vigt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Gott í hraða nútímans

***Just Food to go er nýr staður á Laugarásvegi þar sem hægt er að fá tilbúinn, hollan mat seldan eftir vigt.***

Matsölustaðurinn Just Food to go á Laugarásvegi 1 var opnaður í síðustu viku. Hann byggist á nýrri hugmynd hér á landi þar sem tilbúinn maturinn er seldur eftir vigt. „Við erum búin að ganga með þessa hugmynd í maganum í tvö ár en þetta er það eina í veitingaflórunni sem okkur fannst alveg vanta,“ segir Stefán Stefánsson sem á staðinn ásamt eiginkonu sinni, Lindu Arthur. Þau hjónin hafa starfað saman í veitingahúsabransanum í rúmlega 30 ár og voru síðasta áratuginn með veitingastaðinn Rauðará.

„Við bjóðum upp á heimilismat af öllum stærðum og gerðum en einnig veitingahúsamat. Við erum til dæmis með nautasteikur, fylltar kjúklingabringur, lambalæri, grillaðan lax, sjávarrétti og piparsteik með sérrísósu. Síðan bjóðum við upp á grænmetisrétti ýmiss konar, meðlæti og smurbrauð. Við erum ekki með neinn skyndibita, ekkert djúpsteikt og engar franskar kartöflur,“ segir Stefán sem leggur áherslu á hollan mat. „Við notum engin óæskileg efni og gerum kröfur um alvörumat. Við viljum til dæmis fá kjúklinginn án þess að búið sé að gera nokkuð við hann og borgum vissulega meira fyrir vikið,“ segir Stefán sem kveðst þó hafa gert hagstæða samninga við birgjana og lætur viðskiptavini njóta þess.



„Við bjóðum bæði upp á íslenskan mömmumat svo sem plokkfisk en einnig veitingahúsamat,“ segir Stefán.



Stefán leggur áherslu á að vera með hollan mat.

Ekkert hefur verið til sparað við gerð matsölustaðarins og eru allar innréttingar sérpantaðar frá Ítalíu. Just Food to go er opinn sjö daga vikunnar, frá klukkan níu á morgnana til átta á kvöldin til að byrja með. „Svona stað vantaði alveg í hraða nútímans, stað þar sem fólk getur fengið alvörumat til að taka með sér sem er ekki með neinu brasi eða óæskilegum efnum,“ segir Stefán

*mariathora@frettabladid.is*










# FÖSTUDAGUR

18. JÚLÍ 2008
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



## YESMINE OLSON
Á leið í hjónaband

## PÁLL ÓSKAR
Kreppan er ekki alslæm

# Bryndís Jakobsdóttir
## Lífið er fullt af tækifærum

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Sigríður Thorlacius, söngkona í Hjaltalín*



„Ég ætla að syngja bakraddir með henni Bryndísi, Dísu, á útgáfutónleikunum hennar í Iðnó í kvöld. Strax á laugardagsmorguninn fer ég svo til Kaupmannahafnar. Ég er að fara með Hamrahlíðarkórnum, þetta er svona alheimskóraþing,“ segir Sigríður. Hamrahlíðarkórinn er einn af 29 kórum frá öllum heimshornum sem boðið er á þingið. „Þannig að ég geri ráð fyrir því að á laugardaginn verði ég bara að æfa með kórnum og svo bara syngjum við strax á sunnudaginn. Inn á milli ætla ég að reyna að drekka eins og einn góðan kaffibolla í Kaupmannahöfn.“

# Ekkert Bollywood-brúðkaup

Spútnikparið Addi Fannar og Yesmine Olson ætla að ganga í það heilaga í ágúst. Parið kynntist fyrir sjö árum þegar bróðir Adda Fannars, Einar Bárðarson, kynnti þau í líkamræktarstöðinni Planet Pulse. Þau byrjuðu á því að vera vinir í þrjú ár áður en þau urðu ástfangin. „Hann bað mín á sama tíma og við skírðum dóttur okkar,“ segir Yesmine full tilhlökkunar fyrir stóra daginn. Þegar hún er spurð að því hvernig brúðkaupið verði þá segir hún að það verði óhefðbundið. „Þetta verður ekkert venjulegt brúðkaup en ég verð þó að játa að þetta verður ekki í Bollywood-brúðkaups-stíl. Ég hef aldrei séð mig fyrir mér í stórum rjómatertukjól og því verður kjóllinn með öðruvísi sniði,“ segir hún. Í brúðkaupinu ætla þau að sameina ólíkan bakgrunn þannig að þemað ætti að vera blanda af indverskum og íslenskum straumum. Spurð um matinn segir Yesmine að hann verði með indversku ívafi. Það kemur svo sem ekki á óvart þar sem hún er með matreiðslubók í smíðum með „gourmet“-réttum frá þessari heimsálfu.

*-MMJ*



Yesmine og Addi Fannar ætla að ganga að eiga hvort annað í ágúst.

## fréttir

### ÁRNI ÞÓR FARINN TIL SVÍÞJÓÐAR

Hugmyndasmiðurinn og fyrrum sjónvarpsstjóri Skjás eins og Sirkuss er floginn af landi brott í leit að ævintýrum. Árni Þór og eiginkona hana, Maríkó Margrét Ragnarsdóttir, eru flutt til Svíþjóðar þar sem hann ætlar að hasla sér völl í leikhúsbransanum. Í tilefni af flutningnum skvetti Árni Þór ærlega úr klaufunum ásamt vinum sínum á La primavera á föstudagskvöldið.




FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Alma Guðmundsdóttir
*alma@365.is*
Þórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@365.is
**Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000


*Páll Óskar ætlar að hjálpa Íslendingum að laga fjárhagslegu heilsuna*

# Kreppur eru ekki alslæmar

„Þetta er bara fyrsti parturinn af mörgum því nú er Byr að fara að kenna Íslendingum að fara með peninga,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður. Í dag verður tekin upp sjónvarpsauglýsing fyrir sparisjóðinn Byr, sem Páll Óskar er orðinn talsmaður fyrir. „Byr ætlar að reyna að efla fjárhagslega heilsu Íslendinga, og átakið heitir einmitt fjárhagsleg heilsa,“ segir Páll Óskar og bætir því við að honum hafi litist ofboðslega vel á þá hugmynd Byrs.

Páll Óskar segir átakið koma upp á hárréttum tíma, því ástandið sé ekki sem best. „En kreppur eru ekkert alslæmar, þær verða til þess að við förum að skoða neysluvenjurnar okkar. Ef átakið verður til þess að fólk hugsar sig tvisvar um áður en það framkvæmir eða splæsir í eitthvert dót þá er takmarkinu náð.“



Auglýsingin sem tekin verður upp í dag er upphafið að átakinu. „Í þessari auglýsingu erum við að reyna að fanga sólríkan íslenskan sumardag, við erum að búa til götustemningu og skrúðgöngu. Reynir Lyngdal mun leikstýra og kvikmyndafyrirtækið Pegasus tekur upp og ég hlakka mikið til.“ Páll Óskar segir að hátt í tuttugu dansarar muni dansa með honum í auglýsingunni og á annað hundrað statista hafi boðið sig fram til að taka þátt í gerð auglýsingarinnar, sem verður tekin upp í Hafnarfirði. „Dansinn er ekkert sá erfiðasti í heimi svo ef fólk lærir hann þá er því guðvelkomið að dansa með okkur.“



Auglýsingin er þó langt í frá það eina sem Páll Óskar er að gera þessa dagana, en í gær var fyrsta smáskífan af væntanlegri safnplötu hans frumflutt á FM 957.

*- þeb*






# Stefnir á 10 km

Sjónvarpskonan Þóra Tómasdóttir, einn af umsjónarmönnum Kastljóssins, hefur sjaldan litið betur út. Þeir sem til þekkja segja að góða útlitið megi rekja til þess að Þóra sé farin að hlaupa. Hlaupagleðin er svo mikil að þær stöllur, Ragnhildur Steinunn og Þóra, hafa jafnvel farið út í hádeginu til að anda að sér fersku lofti á meðan þær þeytast um hverfið í kringum Útvarpshúsið.

Þegar Föstudagur hafði samband við Þóru sagði hún að þetta væri ekkert merkilegt en viðurkenndi þó að hún ætlaði að reyna við 10 km hlaup í Reykjavíkurmaraþoninu seinna í sumar.



Þóra Tómasdóttir er búin að gera hlaup að sínum lífsstíl og hleypur stundum í hádeginu með Ragnhildi Steinunni.

Skilaboð til þeirra sem kunna að meta góða hönnun

CHAT-BOARD®
www.chat-board.dk

**FJÖLBREYTT ÚRVAL HJÁ OKKUR Í SKEIFUNNI 6, Í LEIFSSTÖÐ OG Á LAUGAVEGI 7.**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal




**OPIÐ Á LAUGARDÖGUM Í EPAL, LAUGAVEGI 7 Í ALLT SUMAR**



# Borgin mín ABU DHABI

TRYGGVI ÞRÁINSSON flugmaður

**MORGUNMATURINN:**
„Fara til bakarans sem er frá Pakistan og fá sér splunkunýtt „tásubrauð“. Hann er alltaf á tásunum þegar hann bakar brauðið handa manni. Þetta vekur mikla hrifningu hjá krökkunum mínum.“

**SKYNDIBITINN:**
„Kamat Resturant sem er indverskur staður á bak við Adidas-búðina á Hamdam Street. Ekki alveg snyrtilegasti staður í heimi en maturinn klikkar ekki.“

**LÍKAMSRÆKTIN:**
„Bara skella sér upp á þak þar sem allt er til staðar. Svo er veggtennis vinsælt hjá okkur í vinnunni og eru haldin stórmót reglulega, sem enda oftast á ströndinni.“

**BEST VIÐ BORGINA:**
„Stutt að fara í allt og leigubílar eru ódýrari en kaffibolli. Frábærir garðar fyrir krakkana úti um alla borg og stutt á ströndina.“

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:**
„Lu Lu eyja. Lítil eyja við borgina þar sem hægt er að eyða deginum á ströndinni. Það eru ekki margir sem vita að það sé hægt að fara á hana.“

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:**
„Massimo Dutti í Abu Dhabi Mall. Þar eru bæði kvenna- og karlaföt. Svo er Puma-búðin í sömu verslunarmiðstöð alveg einstök. Þar fæst mjög mikið af Ferrari-dóti sem ég verð að eiga.“

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:**
„Pregos á Rotana Beach. Ítalskur staður á einu af flottustu hótelunum hér í Abu Dhabi. Æðislegur matur, góð þjónusta og notalegt að sitja úti við ströndina undir pálmatrjánum.“

## NAUTN VIKUNNAR

Njóttu þess að smyrja líkamann með unaðslegum líkamsvörum frá Blotherm. Byrjaðu á því að skrúbba kroppinn með húðskrúbbi. Svo skaltu fara í bað og slappa vel af. Eftir baðið er um að gera að smyrja kroppinn hátt og lágt svo hann verði silkimjúkur.







FRAU

Þráinn Skóari Skóbúð • Grettisgata 3


# Nýtt lag frá Jógvan

„Lagið heitir Celia, Pétur Hans Niclasen vinur minn samdi það fyrir löngu síðan. Mér fannst lagið svo flott að ég bað um að fá að endurgera það í samvinnu við Vigni Snæ Vigfússon og er mjög ánægður með útkomuna,“ segir Jógvan Hansen, sigurvegari X-factor-keppninnar og eigandi hárgreiðslustofunnar Unique, sem sendir frá sér nýtt lag í dag.

„Þetta er svona popp/rokklag, bæði hressilegt og sumarlegt, en mig langaði til að færa mig aðeins úr rólega gírnum yfir í meiri „up tempo“-tónlist,“ bætir hann við, en Pétur Hans Niclasen, höfundur lagsins ,samdi meðal annars lagið Rooftop sem er að finna á plötu Jógvans sem kom út í fyrra.

„Það er alltaf meira en nóg að gera, en auk þess að vinna fulla vinnu á hárgreiðslustofunni hef ég verið að koma fram í alls kyns einkasamkvæmum, bæði einn og með píanóleikara. Ég og Vignir Snær höfum verið að koma fram á Hressó flest fimmtudagskvöld í sumar auk þess að semja mikið saman svo það er aldrei að vita nema það sé von á nýrri plötu fyrir jólin,“ segir Jógvan að lokum og brosir.



Jógvan Hansen hefur haft í nógu að snúast frá því að hans fyrsta plata kom út og sendir nú frá sér nýtt lag sem kallast Celia.



Björn Jörundur og Daníel Ágúst ætla að eyða næstu viku saman í Kaupmannahöfn og semja tónlist.

# Semja fyrir Nýdönsk í Köben

„Við fengum lánaða íbúð og ætlum að vera alla næstu viku í kóngsins Köben,“ segir tónlistarmaðurinn Björn Jörundur Friðbjörnsson um fyrirhugaða ferð hans og Daníels Ágústs Haraldssonar til Kaupmannahafnar, þar sem þeir munu vinna að nýju efni fyrir hljómsveitina Nýdönsk.

„Hugmyndin er bara að flýja amstrið hérna heima og fá frið til að hugsa. Við verðum bara tveir þarna úti í íbúðinni, alveg í friði til að semja,“ útskýrir Björn, en í haust er væntanleg plata frá hljómsveitinni sem verður tekin upp í lok sumars. Spurður um nafnið á plötunni segir Björn allar tillögur vel þegnar.

„Við erum ekki ennþá búnir að ákveða nafn, en mér þykir líklegast að hún muni heita eftir einu af lögunum,“ segir Björn um plötuna sem er væntanleg í verslanir í lok október.

„Við erum búnir að segja svo mörgum frá því að við séum að fara út að semja að við erum undir vissri pressu að koma heim með einhver góð lög. Ef við verðum bara að drekka bjór og borða smörrebröd munum við koma heim með skottið á milli lappanna,“ segir Björn að lokum og hlær.




OPIÐ Í DAG
11-19

# ÚTSALAN
## ER Í FULLUM GANGI

NÝTT KORTATÍMABIL

**Verslanir Smáralindar eru sneisafullar af spennandi útsöluvörum fyrir alla fjölskylduna. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup.**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

# fatastíllinn

*Anna María Ragnarsdóttir*
*snyrti- og förðunarfræðingur hjá Pier*



**CHANEL Á AUGNLOKIN**

Töfraðu fram nýjasta útlitið með því að fjárfesta í nýjustu litapallettunni frá Chanel. Hún er dásamlega fögur og það er auðvelt að bera skuggana á augnlokin.

# Ekkert pönk – bara blúndur





Margir þekkja Önnu Maríu Ragnarsdóttur úr líkamsræktar- og dansgeiranum en hún var þjálfari í World Class um margra ára skeið. Síðan lærði hún snyrtifræði og starfaði í nokkur ár hjá Clarins. Um síðustu áramót skipti hún um gír og hóf störf hjá The Pier þar sem hún sér um að hanna og setja saman snyrtivörulínu fyrirtækisins. Á morgun verður opnuð splunkuný snyrtivörudeild í The Pier á Smáratorgi.

Anna María hefur mjög kvenlegan smekk og segist vilja vera smart án þess að vera alveg uppstríluð.

**Fyrir hverju fellur þú alltaf?** „Ég virðist alltaf falla fyrir fallegum skóm og stenst yfirleitt ekki falleg stígvél og töskur. Ég kaupi tösku í hverri utanlandsferð og á orðið ansi margar þar sem ég ferðast töluvert. Svo stenst ég aldrei falleg föt úr blúnduefni."

**Af hverju áttu mest í fataskápnum?** „Gallabuxum frá Seven, Diesel og Vero Moda. Svo á ég endalaust af hlýralausum bolum sem eru fallegir undir jakka eða gollur."

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** „Það er mjög misjafnt. Ég fæ mér yfirleitt þau föt sem mig langar í svo lengi sem ég hef efni á þeim. Ætli ég eyði ekki um það bil 15.000 krónum á mánuði, stundum er það minna og stundum meira."

**Hefur þú alltaf haft gaman af fötum?** „Já, ég myndi segja það. Hér áður var ég mikið í dansinum og þá var aðalatriðið að bera fallega hannaða kjóla til að skera sig úr og því meira sem var af glingri á kjólunum því flottari þóttu þeir. Ég get sagt það með stolti að mín er svolítið veik fyrir fallegum aukahlutum eins og beltum, skarti og slæðum."

**Hvað ertu lengi að taka þig til á morgnana?** „Um það bil 10-15 mínutur. Það er alltaf sama rútínan og eftir að ég kynntist dag- og augnkreminu í gulrótarlínunni sem við erum að selja þá verð ég fersk á augabragði. Svo set ég smá „blush" í kinnarnar og þá er ég tilbúin. Ég hef ekki fyrir því að mála mig mikið dagsdaglega."

**Áttu þér einhverja tískufyrirmynd?** „Já og nei, enga sérstaka sem ég tek mér til fyrirmyndar heldur reyni að fylgja mínum stíl. Ég verð þó að nefna eina, Birnu Björnsdóttur, hún er alltaf töff og er gullfalleg í ofanálag. Hún klikkar aldrei á smáatriðunum í hári, förðun eða klæðnaði."

**Uppáhaldsefnið?** „Blúnda, ekki spurning."

**Uppáhaldsverslunin?** „Vero Moda hefur þann eiginleika að ég finn alltaf eithvað sem hentar mér. Svo finnst mér gaman að fara í Warehouse og Karen Millen. Þegar ég er erlendis er það Massimo Dutti og HM. Svo má ekki gleyma Júniform Birtu Björnsdóttur. Þar hef ég keypt fallegustu blúndukjólana mína."

**Uppáhaldshönnuðurinn?** „Christian Dior, hef alltaf þurft að fylgjast með því nýjasta þar sem ég vann lengi við förðun hér áður. Það var alveg sama hvaða árstíð var og er, það kemur alltaf eitthvað töff frá þeim."

**Hvernig er uppáhaldslitapallettan þín?** „Svartur, hvítur ,beige, brúnn og ferskjulitaður."

**Þegar þú horfir til baka, hvaða tískutímabil myndir þú ekki vilja ganga í gegnum aftur?** „Ég get sagt það strax að ég myndi aldrei vilja pönktímabilið aftur. Hvaðan kom það eiginlega?!"

**Hvernig lítur heimadressið þitt út?** „Um leið og ég stíg fæti inn á heimili mitt eftir vinnu fer ég strax í kósígallann minn eins og ég kalla hann. Kósígallinn er brúnn velúr-jogginggalli."

**Hvað dreymir þig um að eignast?** „Ekta Burberry-rykfrakka. Ég get ekki hætt að hugsa um hann og það stefnir í að ég fari í leiðangur í haust til að eignast rykfrakkann."

**Hvaða flík gerir öll föt að skvísufötum?** „Það er ekkert flottara en að sjá konu í virkilega flottum gallabuxum sem fara henni vel."

**Í hvaða dressi myndir þú fara á eyðieyju?** „Kósígallanum, nema hvað?"

*martamaria@365.is*














FRÁBÆR SJÓNVARPSTILBOÐ
20"
37"
Toshiba 20W300PG
20" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., HD Ready, 20w Nicam Stereó, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.
VERÐ 59.990
FRÁBÆRT VERÐ
Toshiba 37C3000PG
37" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., ActiveVision myndkerfi, Active Backlight kerfi, 9000:1 Dyn. Contrast, 8 ms svartími, 10 Bit Processing, HD Ready, DCDi Faroudja Prog. Scan, 3D Color System, 2 HDMI v1.3, 2 Scart, 1 VGA, 1 Component ofl.
VERÐ 129.990
FRÁBÆRT VERÐ
TOSHIBA
32"
32"
42"
42"
Toshiba 32A3000PG
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing III, HD Ready, 1.500:1 skerpu, Faroudja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 20w Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.
VERÐ 89.990
FRÁBÆRT VERÐ
Toshiba 32W330DG
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., HD Ready, innb. DVB-T móttakari, 2 x 20w Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS of
VERÐ 99.990
FRÁBÆRT VERÐ
Toshiba 42C3001PG
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing III, HD Ready, 5.000:1 skerpu, 8ms svart,. Faroudja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 20w Nicam Stereó með SRS WoW Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, ofl.
VERÐ 149.990
FRÁBÆRT VERÐ
Toshiba 42C3530DG
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing IV, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Faroudja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 25w Nicam Stereó með SRS WoW Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, ofl.
VERÐ 169.990
FRÁBÆRT VERÐ
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
Ég hef tekið til starfa á nýjan leik í Reykjavík og býð konum og körlum upp á Thailenskt slökunar- og heilsunudd sem mýkir vöðva og örvar blóðflæði. Góð vörn gegn vöðvabólgum og stífum vöðvum vegna erfiðrar vinnu, mikilla íþróttaæfinga eða streitu.Joom nuddari Sími 892 3899 Bolholti 4, 4. hæð (áður á Skólavörðustíg 10) Einnig á Vesturgötu 89 á Akranesi

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

**Nudd - snyrting**
Bíð upp á heilnudd - afslappandi og gott umhverfi - Öll almenn snyrting - Sími 896 0082.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Hvítt leður sófasett 3+2 til sölu, 3ja ára gamalt. Fæst á 15þ. Uppl. í s. 898 4344

## Dýrahald



Am.Cocker Spaniel hvolpar til sölu með ættbók frá HRFÍ foreldrar báðir innfluttir, tegundin er blíð og henta vel sem fjölskylduhundar. Uppl á www.draumora.com eða í s. 693 1968.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



Mjög kelnir og fallegir norskir skógarkettlingar til sölu. Ættbók bólusettir og örmerktir. Líf og sjúkdtr. í 1 ár. Uppl. í síma 846 0723.



**Dýrabær**
Bleik og svört járnbúr. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is




## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Baliares eyjan. Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

## Fyrir veiðimenn

Sjóbleikja Til sölu veiðileyfi í Fellsá, Kollafirði, Strandabyggð. Upplýsingar veitir Barbara Ósk í síma: 451-3343 og GSM 6634628

Laxamaðkar til sölu. Upplýsingar í síma 562 5013 & 866 8112.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Gistiheimili til langtíma leigu í Reykjavik & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Verð frá 45 þús, pr mán. Uppl. í s. 824 4530.

Glæný 3-4 herb. 98 fm íbúð í 101 Rvk. til leigu. Leiga 150 þ. + tryggingarvíxill. S. 845 2267 & 847 4749

**Laus nú þegar**
Glæsileg 4 herbergja íbúð til leigu á svæði 112, öll þjónusta í gögnufæri. Verð 140 þús, m/hússjóð á mán. Aðeins reyklausir og reglusamir koma til greina. Íbúðin er til sölu og er því 3 mánaða leigusamningur gerður í senn, bankaáb./tryggingavíxill skilyrði. Uppl. í s. 587 0212 & 868 6899

76 fm 2 herb. íbúð til leigu í Garðabæ, m/bílskýli og verð 130 þ. Uppl. í s. 437 1930 og á kvöldin 435 1388.

Teigahverfi - 105. 3ja herb. nýuppgerð jarðhæð til leigu. 74 fm með útgengi út í stóran garð. Laus 1. ágúst. Fyrirspurnir sendist á sigrun@bifrost.is

Glæsileg 4herb. 85ferm. íbúð með æðislegu útsýni í Fossvogi leiga 155þ á mánuði. sími 6934532.

4ja herb. 120 fm. íbúð í litlu fjölb. í Lindarhv. Kóp. til leigu. Laus. Leigist með eða án bílskúrs. Uppl. í s. 660 7067.

Til leigu í skemmri tíma glæsileg 3ja herb. íbúð miðsvæðis, allt fylgir. S. 899 6400.

Glæsileg 3 herb. íbúð til leigu í Grafarvogi kr. 140 þ. á mán. Uppl. í s. 660 4884.

Til leigu 3 herbergja íbúð á svæði 104. Leiga 150þ. á mánuði. Uppl. í s. 659 3229.

Lítil íbúð í Hamraborg til leigu. Laus strax. Leiga 100 þús pr.mán. Uppl. í s. 860 1963

48 fm stúdíóíbúð í kjallara í Hlíðunum til leigu. S. 844 9301.

Til leigu íbúðir í La Marina, Alicante, Spáni. Við höfum allar stærðir af íbúðum, einbýli, fjölbýli, og parhús. Innbú fylgir. Sundlaug við flest öll hús, loftkæling. La marina er ca. 15 mín. frá strönd, um 40 mín. frá Benidorm, 20 mín frá Torrevieja. Í La Marina er flesta þjónustu að finna, fallegt útsýni, rólegur staður fyrir fjölskyldur. Mjög sanngjarnt verð. Upplýsingar veitir Hafdís sem talar spænsku, ensku og íslensku. S. 0034 653 484 021.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja-4ra herb. íbúð til leigu í Norðlingaholti frá 1. sept nk. Uppl. í s. 840 0820

Ung stúlka sem er að hefja háskólanám í haust óskar eftir lítilli íbúð sem næst háskólanum. Uppl. í s. 659 8141.

Par óskar eftir íbúð fyrir 1. sept. Uppl. í s. 869 1541

Einstaklingur óskar eftir íbúð. Greiðslugeta 60-80 þ. á mán. Uppl. í s. 844 0288.

Looking for a studio appartment or room for a reasonable prize in Reykjavík. Sarmite 894-7153.

29ára kk óskar eftir einstaklings íbúð miðsvæðis í rvk. Einar s: 846-2813

Óska eftir stúdíóíbúð miðsvæðis. Greiðslug. 75-85 þús. Skilv. gr. og reglus. heitið. S. 845 6068, Linda.

## Fasteignir

Til sölu tvær eignarlóðir í Grímsnesi, 0.8 ha. hvor lóð. Uppl. í s. 846 1840

## Sumarbústaðir









Eitt hús eftir. Tilbúið að utan og einangrað að innan, ca. 80 fm grunnflötur ásamt frágengnu 25 fm millilofti og innveggjagrindum. Til afhendingar strax eða síðar, til flutnings eða skilað á lóð, samkvæmt nánara samkomulagi. Skipti koma til greina og góð lánakjör í boði. Húsið er til sýnis að Fitjum við Mosfellsbæ. Upplýsingar veitir Guðjón í síma 6919500.

**Sumarhús til leigu - Frábært verð**
**Vikan 20-27 júlí var að losna! Gott sumarhús til leigu á Norðurlandi. Öll þjónusta og afþreying í næsta nágrenni svo sem veiði, frítt í golf á glæsilegum golfvelli og margt fleira.**
**Upplýsingar í síma 660 0288.**

**Húsafell**
Sumarbúst. á besta stað í Húsafelli til leigu í sumar. Uppl. í s. 895 6156. - Geymið auglýsinguna.

**Sumarhúsalóðir**
Til sölu 0,8 hektara lóðir að Kringlu í Grímsnesi. Nýtt svæði við Brúará. Lækur við lóðarmörk. V. 3 milj. Uppl. í s. 486 4515 e. kl. 19:00.

## Atvinnuhúsnæði

Fallegt ca 70 fm verslunarhúsnæði til leigu í Glæsibæ,. sími 8982139 eða verslun@mail.com

Iðnaðar og lagerhúsnæði til leigu. 90, 180, 270, 360 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. 6601060 8224200

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus - Call Margrét 699 1060**

**Öryggisgæslan ehf.**
**Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu á næturnar frá kl.23-08 alla daga. Umsóknir liggja frammi á skrifstofu okkar í Auðbrekku 6 - Kópavogi. Skilyrði: Lágmarksaldur 18 ár - hreint sakavottorð - góð Íslensku kunnátta.**

**Traust verktakafyrirtæki**
**Auglýsir eftir menntuðum trésmiðum eða einyrkjum í ákveðin verkefni eða til lengri tíma.**
**Upplýsingar í síma 660 1701 & 660 1704.**

**Smart starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi og v/ Ánanaust**
**Umsóknareyðublöð á staðnum og á smartsol.is Yngri en 18 ára koma ekki til greina.**

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra og öðru starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi.**
**Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is**

**Robotnicy na Reykavíkur**
**Z powodu mnozacych sie zadan na terenie Reykjavíku firma budowlana.**
**Poszukuje stolarzy do pracy na tym terenie Tel: 820 7063, Jozef & 820 5745, Marchin.**

**Ciesli szalunkowych**
**Lub osoby zdswiadczenien pirzy szalunkach, na swoje budowy w Reykjaviku jego okollcach. Zanteresowari musza wykazac sie doswiadczeniem w.**
**Prazy z systemem szalunkewym hunnebeck, doka mile widziana. Znajomoic jezyka angielskiego. Tel: 820 7063, Jozef & 820 5745, Marchin.**

Veitingastað á Laugavegi vantar góðan og reyndan kokk í fullt starf. Upplýsingar í síma 8493875

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

**Vantar smiði**
Topp Verktaka vantar menn í smíðar bæði í skammtíma sem og langtímaverkefni. S. 844 5165 & 844 5470

Potrzebujemy cie[li Topp Verktakar ehf. zatrudni cie[li do prac zarówno krótkojak i dBugoterminowych. Telefon: 844-5165; 844-5170

Neyðarþjónustan ehf Handlagið starfsfólk óskast Skemmtilegt og krefjandi starf, verslun og vaktir. Umsóknir sendist á starf@las.is

Carpenters, general workers, electricians, plummers, paintors and other workers needed. Good salary and alot work ahead. S: 6150122

**Verkamenn / Workers**
Óska eftir verkamönnum, mikil vinna í boði. Stundvísi og reglusemi skilyrði. Workers wanted, a lot of work. S. 824 7565 & 696 6676.

**Gröfumaður**
Óska eftir gröfumanni á vel útbúna hjólavél á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 869 4787.

Óska eftir vönum gröfumönnum, vönum bílstjórum og verkamönnum. Mikil vinna. Gott kaup fyrir góða menn. S. 842 6570 & 842 6575.

**Sushi Smiðja**
Óskar eftir að ráða fólk til starfa íslenskukunnátta æskileg. Uppl. í s. 659 3366.

Fyrirtæki óskar eftir járnsmiðum og verkamönnum. Uppl. í s. 692 8091.

Firma przyjmie do pracy ciesli i stolarzy budowlanych. Kontakt pod nr. S. 899 7883 & 847 2209.

**Hresss, dugleg og snyrtileg kona óskar eftir 50-70% starfi sem fyrst.**
**Er fljót að læra, mannblendin og sniðug. Hef góða reynslu af fjölmiðlun og sölu auglýsinga , markaðstörfum, deildarstjórnun og verslunarstjórnun, hef einnig áhuga á móttöku/ritara starfi, en allt kemur til greina. Toppmeðmæli!**
**Endilega sendið póst á hkh@visir.is ef þig vantar brosmilda og árangursríka konu í skemmtilegt starf.**

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, suðumenn, fiskvinnslufolk o.fl. S.8457158

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Hárgreiðslunemi óskar eftir að komast á samning. Get byrjað strax. S. 864 6815.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Glatast hefur hlekkjað armband. Finnandi vinsamlegast hringið í síma 660 2361.

## Tilkynningar

**Zapraszamy do baru Polonia na dyskoteke w piatek i zabawe przy zespole muzycznym w sobote. Dozobaczenia w Polonii. ul. Flatahraun 21 Hafnarfjörður.**
**tel. 555 2329**

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Seljavegi 2 (Héðinshúsinu) Rvk. flytur frá og með 1. júní að Borgartúni 6. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

Þjóðhátíð nálgast! Prentum á boli með þinni áletrun á vinahópinn. www.figurastore.com

## Einkamál




**908 6666**
**Við viljum vera sumardísirnar þínar í nótt. Opið allan sólarhringinn.**

52 ára karlmaður óskar að kynnast konu sem er gift eða í sambúð'45-57 ára með skemmtun í huga.vinsamlega hafið samband kaldurk@visir.is

# Kelduhvammur 2
220 Hafnarfjörður
Góð kaup

**Stærð: 87 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1968**
**Brunabótamat: 11.400.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind





**Bókið skoðun í S: 695-9500**

**Verð: 17.900.000**

RE/MAX Lind kynnir til sölu 86,7 m2 3ja herbergja risíbúð við Kelduhvamm í Hafnarfirði. Húsið stendur við rólega götu á góðum stað á Holtinu. Nánari lýsing: Stigagangur með teppi á gólfum. Geymsla við hlið inngangs í íbúðina. Anddyri í íbúð með plastparket á gólfi. Stofa og borðstofa rúmgóð með tveimur kvistum, plastparket á gólfi. Eldhús með ágætri furuinnréttingu, gert er ráð fyrir uppþvottavél. Húsið sjálft virðulegt og í góðu ástandi.



Hilmar Jónasson
Sölufulltrúi
**695 9500**
hj@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

---

Skipulags stofnun

# Mat á umhverfisáhrifum

## - Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Efnistaka í Hvammi, allt að 150. 000 m³, Eyjafjarðarsveit.**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Borun rannsóknaholu í Gjástykki, Aðaldælahreppi.**

**Sólarkísilverksmiðja REC við Þorlákshöfn, sveitarfélaginu Ölfus.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **18. ágúst 2008.**

**Skipulagsstofnun**

---

VINNUSKÓLI REYKJAVÍKUR
www.vinnuskoli.is

## Verkefnisstjóri Atvinnutengds náms í Vinnuskóla Reykjavíkur

Vinnuskóli Reykjavíkur á Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða verkefnisstjóra Atvinnutengds náms fyrir skólaárið 2008-9. Atvinnutengt nám er í samstarfi við Mennta-og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

**Starf verkefnisstjóra felst meðal annars í að:**
Finna nemendum í Atvinnutengdu námi vinnustaði við hæfi.
Starfa með tengiliðum skóla og atvinnulífs.
Starfa með verkefnisstjórn.

**Menntunar- og hæfniskröfur verkefnisstjóra:**
Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
Reynsla og þekking í að starfa með ungu fólki.
Rík samskiptafærni.
Skipulag og sjálfstæði í starfi.
Áhugi og þekking á grænum áherslum Vinnuskólans.

Þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Starfið hefur farið í starfsmat og eru launakjör samkvæmt því mati. Umsóknir ásamt ferilskrám skulu berast eigi síðar en 5. ágúst, 2008 til Vinnuskóla Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík eða á netfang: gudrun.thorsdottir@reykjavik.is,

**Upplýsingar um starfið veitir:**
**Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri, sími: 4118500**

---

# VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

---

# Álver á Bakka við Húsavík

## Mat á umhverfisáhrifum

### Alcoa kynnir endurskoðuð drög að tillögu að matsáætlun

Í endurskoðuðum drögum að tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík er miðað við álver með 250.000 til 346.000 tonna ársframleiðslu.

Alcoa er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum verður unnið af HRV Engineering. Drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar eru nú til kynningar á vefsíðum Alcoa (www.alcoa.is) og HRV (www.hrv.is).

Kynningin stendur yfir til og með 6. ágúst 2008. Alcoa hvetur almenning og aðra til að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri við Arnór Þ. Sigfússon (HRV Engineering, Bíldshöfða 9a, 110 Reykjavík, arnor.sigfusson@hrv.is). Í endanlegri tillögu að matsáætlun verður gerð grein fyrir þeim ábendingum og athugasemdum sem kunna að berast.

www.alcoa.is

ALCOA

---

# Auglýsing um framkvæmdaleyfi

Á fundi sínum þann 10. júlí s.l. samþykkti byggðaráð Norðurþings, að tillögu skipulags- og byggingarnefndar frá 8. júlí og í umboði sveitarstjórnar, veitingu framkvæmdaleyfis til Vegagerðarinnar vegna uppbyggingar 2. og 3. áfanga Dettifossvegar, frá nýjum afleggjara við Dettifoss að Norðausturvegi í Kelduhverfi. Farið verði eftir veglínu sem merkt hefur verið sem C+D/D1 í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum, en þó með nokkrum tilgreindum breytingum sem bæði lýsa sér í frávikum frá áður fyrirhugaðri veglínu og efnistökusvæðum.

Skipulags- og byggingarnefnd kynnti sér matsskýrslu um framkvæmdina og staðfest að framkvæmdin er sú sama og þar er lýst að undanskildum fyrrgreindum breytingum. Skipulags- og byggingarnefnd hefur einnig kynnt sér álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Skipulags- og byggingarnefnd telur ekki tilefni til breytinga á aðalskipulagi vegna frávika umsóttrar veglínu frá þeirri veglínu sem sýnd er í samþykktu aðalskipulagi þar sem nefndin telur breytinguna óverulega.

**Leyfisveiting er skilyrt af:**
1. Vegagerðin þarf að skilgreina öryggis- og framkvæmdasvæði, í samráði við Umhverfisstofnun, eins þröngt og hægt er. Við framkvæmd skal draga sem kostur er úr raski á landi, sjónrænum áhrifum og áhrifum vegna hávaða og ónæðis um veginn.

2. Samþykki Umhverfisstofnunar til vegagerðar og efnistöku innan þjóðgarðsins.

3. Samráð skal haft við þjóðgarðsyfirvöld um förgun umframefnis (moldar) sem til fellur við vegagerðina.

4. Farið verði að tillögum Fornleifaverndar um mótvægisaðgerðir sem fram komu í niðurstöðum Skipulagsstofnunar þann 27. júlí 2006.

5. Vegagerðin þarf að loknum framkvæmdum að hafa samráð við Umhverfisstofnun og þjóðgarðsvörð um uppgræðslu og frágang svæðisins.

Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Norðurþings er kæranlegt til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar þessarar. Málsmeðferð er samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

**Húsavík 16. júlí 2008**
**Gaukur Hjartarson**
**Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings**

---

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

# Bílastæðasjóður flytur í Borgartún 10-12

Skrifstofu Bílastæðasjóðs á Hverfisgötu 14 verður lokað föstudaginn 18. júlí 2008. Tekið verður á móti viðskiptavinum okkar í nýju þjónustuveri í Borgartúni 10-12. Nánari upplýsingar fást í síma 4 11 11 11

Bent er á að greiðsluseðla Bílastæðasjóðs er hægt að greiða í heimabanka eða næsta bankaútibúi. Andmæli álagðra gjalda fer fram á **www.bilastaedasjodur.is**

---

Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið

**RITHÖFUNDURINN JANE AUSTEN LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1817**

*„Ef konur verða fyrir því óláni að vita eitthvað ættu þær að reyna að fela það eins vel og hægt er“*

***Jane Austen er fræg fyrir sögur sínar um mið- og yfirstéttarkonur. Verk hennar einkenndust af skynsemishyggju og hún beitti háði gegn tilfinningasemi. Frægasta verk hennar er Hroki og hleypidómar sem kom út árið 1813.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. JÚLÍ 1984

## *Fyrst til að fljúga Boeing 747*

Þennan dag árið 1984 komst Beverly Lynn Burns á spjöld sögunnar sem fyrsta konan í heiminum til að verða flugstjóri á Boeing 747-flugvélunum. Beverely fór sína jómfrúarferð fyrir flugfélagið People Express, seinni part dags á þessum degi, frá Newark-flugvellinum í New York til Los Angeles.



Beverly á glæstan feril að baki en hún settist í helgan stein í febrúar á þessu ári eftir tuttugu og sjö ár í bransanum. Á meðan hún starfaði fyrir People Express stjórnaði hún flugvélum á borð við Boeing 737, 727 og 747. Seinna þegar flugfélagið var sameinað Continental Airlines árið 1987 bætti hún DC-9, DC-10, Boeing 757 og 767 á ferilskrána sína. Í maí 2001 gerðist hún svo flugstjóri á tæknivæddustu flugvél síns tíma, Boeing 777.

Fyrir afrek sín í flugheiminum hefur Beverly unnið til margra verðlauna og viðurkenninga. Árið 1985 hlaut hún Amelia Earhart-verðlaunin fyrir sitt sögulega flug þennan dag fyrir tuttugu og fjórum árum síðan. Sama ár heiðraði öldungadeildarþingmaður New Jersey, Frank R. Lautenberg, hana og sagi að hún hefði opnað dyr fyrir milljónir bandarískra kvenna í flugheiminum og einnig fékk hún bréf frá þáverandi forseta bandaríkjanna Ronald Reagan þar sem hann óskaði henni til hamingju með tímamótin.

### MERKISATBURÐIR

**64** Eldur kviknar í Róm og brennur í níu daga. Sagt er að Neró keisari hafi leikið á hörpu meðan eldarnir geisuðu.

**1323** Tómas frá Aquino er tekinn í heilagra manna tölu af Jóhannesi XXII. páfa.

**1918** Samningar eru undirritaðir hér á landi um frumvarp til sambandslaga.

**1931** Framkvæmdir hefjast við verkamannabústaðina við Hringbraut, Bræðraborgarstíg og Ásvallagötu í Reykjavík.

**1963** Verksmiðja Ísaga við Rauðarárstíg eyðileggst í Ísagabrunanum.

**1995** Eldgos hefst í Soufriere Hills-eldfjallinu á Montserrat og stendur enn.

**BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS:** FAGNAR HUNDRAÐ ÁRA AFMÆLI

# Margar uppákomur yfir árið

Búnaðarsamband Suðurlands fagnar hundrað ára afmæli sínu í ár. Ýmislegt verður gert í tilefni þessara tímamóta en að sögn Sveins Sigurmundssonar framkvæmdastjóra Búnaðarsambandsins þá verður haldið upp á hundrað ára afmælið með þrennum hætti.

„Sérstök afmælishátíð var haldin 20. janúar, en þá var haldin hátíðarformannsfundur. Bók verður gefin út um sögu Búnaðarsambandsins og kemur hún út í haust. Bókin verður gefin út í tólf hundruð eintökum og seld bæði hjá okkur og í bókabúðum. Heljarinnar landbúnaðarsýning verður svo haldin á Hellu helgina 22.-24. ágúst,“ útskýrir Sveinn. Enn fremur var gefið út sérstakt afmælisdagatal og dagbók í upphafi ársins.

Búnaðarsambandið var stofnað 6. júlí árið 1908 í Þjórsártúni, en ákveðið var að nýta allt afmælisárið til hátíðarhalda í stað þess að einskorða þau við tiltekinn dag. „Á landbúnaðarsýningunni verða sýndar búfjártegundir, vélar og handverk. Á sýningunni verður einnig markaður og munu afurðasölufyrirtæki verða með sýnishorn af framleiðslu sinni,“ segir Sveinn, en hann hefur sjálfur starfað hjá Búnaðarsambandinu frá því 1983.

Að sögn Sveins þá er Búnaðarsamband Suðurlands nokkurt fyrirtæki. „Hér er ráðgjafaþjónustu þar sem unnið er við mat á kynbótagripum, við sjáum um skýrslu- og sýningahald, veitum ráðgjöf varðandi fóðrun, uppeldi og ræktun. Einnig er veitt ráðgjöf varðandi jarðrækt, mælingar og mat á landi svo og fjármálaráðgjöf. Hér er einnig bókhaldsþjónusta en það er sérfyrirtæki sem sér um bókhald fyrir bændur. Búnaðarsambandið er með tilraunabú í Stóra-Ármóti í Flóahreppi, kynbótastöð þar sem við sjáum um kúasæðingar á öllu Suðurlandi, og svo sauðfjársæðingastöð þar sem við bæði flytjum út frosið hrútssæði og sjáum um sæðingar á sauðfé á landinu öllu í samstarfi við aðra stöð,“ útskýrir Sveinn.

Samkvæmt Sveini er góð stemning fyrir aldarafmæli sambandsins og mikil tilhlökkun fyrir þeim hátíðarhöldunum sem framundan eru.

**klara@frettabladid.is**



**SVEINN SIGURMUNDSSONAR SEGIR STEMNINGUNA GÓÐA FYRIR ALDARAFMÆLI BÚNAÐARSAMBANDSINS** og að mikið hafi verið lagt í hátíðarhöldin. MYND/EGILL BJARNASON, SUNNLENSKA FRÉTTABLAÐIÐ



†

*Ástkær frænka mín,*

**Helga Kristjánsdóttir**

Brekkustíg 14 í Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í dag kl. 13.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Hlíf Thors Arnlaugsdóttir.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jósafat Arngrímsson**

lést á heimili sínu í Dublin sunnudaginn 13. júlí.
Jarðarförin fer fram í Dublin laugardaginn 19. júlí.

**Arnhildur Ásta Jósafatsdóttir** | **Wichert Jan van Aalderink**
**Valgeir Vésteinn Jósafatsson** | **Yolanda Lopez**
**Ríkharður Mar Jósafatsson** | **Judith Ann Penrod**
**Ómar Örn Jósafatsson** | **Harpa Guðmundsdóttir**
**Philip Arngrímsson** | **Sasha Wang**
**David Arngrímsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Klara Guðrún Þórðardóttir**

Lækjargötu 34, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð Garðabæ 4. júlí sl. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Þórður Jóhann Karlsson** | **Málmfríður Þórhallsdóttir**
**Karl Ómar Karlsson** | **Fríða Guðjónsdóttir**
**Rúnar Ægir Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónína Friðfinnsdóttir**

Starhólma 16, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 11. júlí síðastliðinn. Útför hennar fór fram í kyrrþey frá Fossvogskirkju hinn 17. júlí, að ósk hinnar látnu.

**Hallgrímur Þorsteinsson**
**Friðfinnur Hallgrímsson**
**Halla Hallgrímsdóttir** | **Birgir G. Magnússon,**
**Þorsteinn Hallgrímsson** | **Ásta L. Aðalsteinsdóttir,**
**og ömmu- og langömmubörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona,*

**Sigríður Kristín Pálsdóttir**

Stóru-Sandvík,

lést að morgni 16. júlí á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Ari Páll Tómasson** | **Guðrún Guðfinnsdóttir**
**Rannveig Tómasdóttir** | **Viðar Ólafsson**
**Magnús Tómasson** | **Líney Tómasdóttir.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bergsteinn Gizurarson**

sem lést miðvikudaginn 9. júlí, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag, föstudag 18. júlí, kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Sagnfræðisjóð dr. Björns Þorsteinssonar í vörslu Háskóla Íslands, s. 525 4000.

**Marta Bergmann**
**Gizur Bergsteinsson** **Bylgja Kærnested**
**og barnabörn.**

### AFMÆLI



**Þorvaldur Gylfason** hagfræðingur er 57 ára í dag.



**Eggert Þorleifsson** leikari er 56 ára í dag.



**Nelson Mandela** er 90 ára í dag.



## 60 ára afmæli

**Unnur Guðrún Haraldsdóttir**

Í tilefni af 60 ára afmæli mínu hinn 20. júlí ætlum við hjónin að bjóða til sumargleði að Skipastíg 23 laugardaginn 19. júlí frá kl. 17.00. Fjölskylda, vinir og kunningjar velkomnir.


**Legsteinar**
í miklu úrvali



REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Mesta ú

# HAGE

Ein ferð b


















# úrvalið

# KAUP
betra verð



Gæði



Úrval





Framandi




OPIÐ til 20 alla daga



Glæsileiki

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




## STUÐ MILLI STRÍÐA Sakbitnar lystisemdir

**KJARTAN GUÐMUNDSSON** SKAMMAST SÍN FYRIR ÓTAL MARGT SEM HANN FÍLAR



Flest gerum við hluti sem við höfum gaman af, en viljum síður að aðrir viti um. Enskumælendur tala um „guilty pleasures“, eitthvað sem almennt þykir hallærislegt, en er engu að síður ómótstæðilegt fyrir viðkomandi aðila. Þessar leynilegu ánægjustundir geta verið af öllum toga. Ein helsta gleði Hómers Simpsons er til dæmis að borða túlípana inni á baðherbergi, svo nærtækt dæmi sé tekið. Einna áþreifanlegustu dæmin um leynilegar ánægjustundir snúa að tónlistarsmekk fólks.

Ég hef ekki tölu á þeim lögum, tónlistarmönnum og hljómsveitum sem ég dáist að, en skammast mín fyrir um leið. Ég hef þó fundið útrás fyrir þessa laumudýrkun og það er geislaspilarinn í bílnum mínum. Sérstakt yndi hef ég af ökuferðum sem eiga sér stað seint um kvöld, þegar fáir eru á ferli, og ég er einn við stjórnvölinn á bílnum og geislaspilaranum. Þá glymur út um niðurskrúfaða bílrúðuna hver hallærisperlan á fætur annarri á hæsta styrk og sjálfur gaula ég með af takmarkaðri getu en þeim mun meiri innlifun. Unaður.

Þó bar skugga á sælu mína eitt kvöldið fyrir ekki alls löngu. Ég var að keyra heim úr vinnu, í kunnuglegum stellingum með músíkina í botni, og söng hástöfum með hinum ódauðlega slagara níunda áratugarins, Do you believe in Love? með Huey Lewis (sem þykir einmitt glæpsamlega hallærislegt). Skyndilega fór ég velta vöngum yfir því hvort þetta væri virkilega rétta lagið til að hafa í gangi ef ég skyldi lenda í árekstri og deyja. Vildi ég að rödd Hueys yrði það síðasta sem ég heyrði í þessu jarðlífi? Ég komst að þeirri niðurstöðu að svo væri hreint ekki. Í framhaldinu hóf ég að íhuga hvert rétta lagið við slíkar aðstæður væri. Ég komst að þeirri niðurstöðu að líklega væri mest töff að deyja með einhvert ofursvalt djasslag sem undirleik. Það er bara einn hængur á. Ég er svo lítið fyrir djass að ég yrði eflaust löngu látinn úr leiðindum áður en mín hinsta stund rynni upp.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# LATIBÆR

**NÝ ÞÁTTARÖÐ AF VINSÆLASTA ÍSLENSKA BARNAEFNI**

**FYRR OG SÍÐAR HEFST Í ÁGÚST**

GLITNIR

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**Kl. 13**

*Leikritið Fjölskyldukvöld verður flutt í Útvarpsleikhúsi Rásar 1 kl. 13 í dag. Leikritið var upprunalega hluti af Vasaleikhúsi leikskáldsins, rithöfundarins og myndlistarmannsins Þorvaldar Þorsteinssonar, en það var á dagskrá Rásar 2 snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Um dagskrárgerð Útvarpsleikhússins sér Viðar Eggertsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sönglög á Klaustri

Áhugaverðir tónleikar fara fram á Kirkjubæjarklaustri kl. 15 á sunnudaginn. Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari koma þar fram í Kirkjuhvoli og flytja sönglög af ýmsum toga. Tónleikarnir eru liður í nýrri tónleikaröð þar eystra sem nefnist Klassík á Klaustri.

Á efnisskrá tónleikanna kennir ýmissa grasa; helst ber að nefna stórvirki Páls Ísólfssonar, Söngva úr Ljóðaljóðum sem ekki heyrast nógu oft flutt en verður að teljast ein merkasta tónsmíð Íslendinga. Íslensk leikhústónlist verður einnig í öndvegi en bæði verða flutt lög Atla Heimis Sveinssonar úr Sjálfstæðu fólki og lög Hjálmars H. Ragnarssonar úr sýningu Þjóðleikhússins á Pétri Gauti árið 1992.



**HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR SÓPRAN** Kemur fram á tónleikum á Kirkjubæjarklaustri á sunnudag ásamt Hrönn Þráinsdóttur.

Rúsínan í pylsuendanum verða svo sönglög við ljóð úr Heimskringlu Þórarins Eldjárn eftir Tryggva M. Baldvinsson. Lögin eru stórskemmtileg og hnyttin og passa vel hinum frábæru ljóðum Þórarins. Ljóst er að aðdáendur íslenskrar ljóðlistar fá sitthvað fyrir sinn snúð á tónleikunum, ekki síður en aðdáendur vandaðrar tónlistar.

Tónleikarnir eru hluti af verkefninu „Tónleikar á landsbyggðinni" á vegum F.Í.T. og FÍH með styrk úr Tónlistarsjóði.

Aðgangseyrir að tónleikunum er 1.500 kr. og eru allir velkomnir.

- vþ

**> Ekki missa af …**

sýningunum Hundrað og Hafnfirðingar, en þeim lýkur um helgina í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Á sýningunni Hafnfirðingar má sjá ljósmyndir Árna Gunnlaugssonar af eldri Hafnfirðingum á árunum 1960-1992. Á sýningunni Hundrað má aftur á móti sjá ljósmyndir sem spanna hundrað ára sögu Hafnarfjarðarkaupstaðar.

# Flytjendaréttur framlengdur

Samtök hljómlistarmanna í 27 löndum sendu Evrópuráðinu erindi sem tekið var til umræðu á vettvangi ráðsins í gær. Þar er óskað eftir að ráðið beiti sér fyrir lagasetningu sem lengi hlut flytjenda í flutningsgjöldum á hljóðritunum frá fimmtíu árum til nítíu og fimm ára.

Réttur flytjenda er víðast í löndum Evrópu bundin við hlutdeild í flutningsrétti og eiga þeir þá hlut í flutningsgjöldum á móti höfundum og tónsmiðum. Hér á landi er hlutur flytjenda heldur rýr. Á vettvangi Evrópu eru starfandi stór og öflug samtök flytjenda sem safna saman hlut flytjenda og hafa til þess umboð og rétt í fimmtíu ár frá hljóðritun. Í frétt The Stage eru tekin dæmi af hljóðfæraleikurum á borð við Herbie Flowers sem lék á bæði Walk on the wild side með Lou Reed og Space Oddity með David Bowie. Hans réttur til flytjendagreiðslna rennur út um 2020: „Verndarákvæði í rétti flytjenda hefur ekki haldist í hendur við þróun í langlífi tónverka og það er kominn tími á leiðréttingu. Ég lék í nokkrum vinsælum lögum og hætti að fá tekjur af þeim flutningi eftir fimmtíu ár um það leyti sem ég þarf mest á þeim tekjum að halda."

Talsmaður Evrópusambandsins um málefni innri markaðar, Charles McCreevy, hefur lýst stuðningi sínum við kröfu tónlistarmanna og vill að réttur þeirra verði í samræmi við réttarverndtónsmiða. Sá réttur var framlengdur, ekki síst með tilliti til þess tekjutaps sem höfundar á þýska málsvæðinu urðu fyrir á löngu tímabili frá 1933 til 1947.



**TÓNLIST** Hljómlistarmenn á diskum Bjarkar fá greitt fimmtíu ár eftir útgáfudag en sterkar líkur eru á að sá arður framlengist í nítíu og fimm ár.

Hér á landi er réttur flytjenda afar vanþróaður og hafa réttindagæslumenn leikara og tónlistarmanna þegar gefið eftir flutningsrétt á tilteknu safni verka í fórum sjónvarps og hljóðvarps Ríkisútvarpsins. Stórt safn Senu af íslensku hljóðritunum veitir þeim tónlistarmönnum sem þar eiga flutning lítinn arð og hætt er við að nýir miðlar um vef og í símum geri mönnum erfitt fyrir að halda utanum rentur af hugverkum og flutningi, en túlkun á hljóðfæri virðist vera að færast í þá áttina. Hér á landi er höfundarréttur óhemju sterkur samkvæmt lögum og má einungis leigja hann tímabundið. Fróðlegt verður að sjá hvernig hagsmunagæslumenn íslenskra listamanna taka á þeim kröfum sem nú eru að ganga fram í Evrópu.

- pbb

# Harpa, symfón og gígja

**Óvenjuleg tónlistardagskrá verður í boði í Akureyrarkirkju næstkomandi sunnudag, hinn 20. júlí klukkan 17. Það er hljómsveitin Spilmenn Ríkínís sem mun flytja íslensk þjóðlög fyrir tónleikagesti og með í för eru sjaldséð gömul íslensk hljóðfæri sem spennandi verður að sjá og heyra: langspil, harpa, symfón og gígja.**

Meðlimir Spilmanna Ríkínís eru þau Ásta Sigríður Arnardóttir, Halldór Bjarki Arnarson, Marta Guðrún Halldórsdóttir, Sigursveinn Magnússon og Örn Magnússon. Þau eru klassískir tónlistarmenn, hinn ungi Halldór Bjarki er sérstaklega efnilegur og Marta, Örn og Sigursveinn eiga hvert um sig að baki langan og glæsilegan tónlistarferil. Tónlistarhópurinn Spilmenn Ríkínís á að baki nokkurra ára sögu. Hann var stofnaður í kringum flutning á íslenskri tónlist frá því um og eftir siðaskipti og til að flytja íslensk þjóðlög. Spilmenn Ríkínís hafa lagt á sig ærið erfiði við rannsóknir á fornri tónlistarhefð og tónlist fyrri alda á Íslandi. Síðasta haust voru Spilmenn við rannsóknir og vinnslu á nýju efni í Korsør í Danmörku og má heyra hluta af afrakstri þess tíma í kirkjunni á sunnudaginn.

Í flutningi tónlistarmannanna felst endurskópun ævagamallar hefðar og falleg þjóðlög óma aftan úr öldum. Spilmenn leika á hljóðfæri þau sem vitað er að voru til hér á landi á þessum tíma. Á tónleikunum í Akureyrarkirkju á sunnudaginn syngja og leika Spilmenn úr prenti frá Hólum í Hjaltadal en einnig úr íslensku tónlistarhandritunum Melodia (1650) og Hymnodia Sacra (1742) auk íslenskra þjóðlaga úr safni séra Bjarna Þorsteinssonar.

Ríkíní sá sem hópurinn kennir sig við var fyrsti tónlistarkennari sem sögur fara af á Íslandi og var hann kennari við Hólaskóla við stofnun hans árið 1106. Ríkíní var franskur og mikill „ástvinur" hins helga Jóns Ögmundssonar, biskups og skólastjóra.

Tónleikarnir eru þeir þriðju í tónleikaröðinni Sumartónleikar í Akureyrarkirkju. Þeir standa yfir í klukkustund án hlés, aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir. Sumartónleikar á Norðurlandi hófst árið 1987 en upphafsmenn þeirra voru þau Margrét Bóasdóttir söngkona sem um þær mundir bjó að Grenjaðarstað í Aðaldal og Björn Steinar Sólbergsson, organisti við Akureyrarkirkju, sem hvort um sig var nýkomið úr löngu tónlistarnámi á erlendri grundu og vildu þau búa til farveg fyrir tónleikahald að sumri. Tónleikaröðin gekk í tólf farsæl ár, undir nafninu Sumartónleikar á Norðurlandi en heitir nú Sumartónleikar í Akureyrarkirkju.



**TÓNLIST** Örn Magnússon með eitt þeirra hljóðfæra sem þanið verður á sunnudag.

Í upphafi hófst samstarf með þremur kirkjum: á Húsavík, Reykjahlíð við Mývatn og á Akureyri. Fyrsta árið voru haldnir sex tónleikar í hverri kirkju og aðsóknin lofaði góðu. Skilningur á gildi sumartónleika jókst og þá höfðu fleiri kirkjur áhuga á samstarfi og umfangið jókst að sama skapi. Alls tóku 11 kirkjur þátt í Skagafjarðar-, Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum.

Orgelið í Akureyrarkirkju þykir vera eitt af bestu konsertorgelum landsins. Samstarf átti sér fljótt stað við Hallgrímskirkju í Reykjavík þar sem tónlistarmenn sem leika í tónleikaröðinni „Alþjóðlegt orgelsumar" leika einnig í Akureyrarkirkju.

Sumartónleikar á Norðurlandi áttu í nokkur ár fulltrúa í níu manna fulltrúaráði Tónlistarráðs Íslands, en það eru samtök rúmlega 50 aðildarfélaga sem tengjast tónlist og tónlistariðkun. Samstarf við Listasumar á Akureyri hefur verið frá 1993.

pbb@frettabladid.is




# Hrip í Hyde Park

Á laugardag verður opnaður nýr sýningarskáli í Hyde Park við Serpentine-vatnið í garðinum. Þar verður haldin árleg fjársöfnunarhátíð fyrir Galleríið sem kennt er við vatnið Serpentine. Í fyrra var það Ólafur Elíasson sem átti skálann en í ár er það Kanadamaðurinn Frank Gehry, einn frægasti arkitekt okkar tíma.

Skálanum er best lýst með orðinu hrófatildur. Hann á ekki að halda vatni segir Gehry. Ef rignir geta gestirnir komið með regnhlífar. Gehry er einn þekktasti arkitekt okkar tíma og hefur verið áberandi nafn í framúrstefnulegum arkitektúr eftir að Guggenheimsafnið reis í Bilbao í Baskalandi. Hann er áttræður og segist ekki ætla að leggja árar í bát, vinnan haldi sér lifandi.

Um þessar mundir eru í byggingu hús eftir hann sem verða kennileiti þeirra borga sem þau prýða: krabbameinsstöð í Leeds, safn í Dubai og ný menningarmiðstöð sem er í undirbúningi í Arles í Suður-Frakklandi á yfirgefnu geymslustæði fyrir lestir. Mette Hoffmann auðkýfingur og listvinur er að koma af fullum krafti inn í ljósmyndahátíðina sem þar hefur verið um margra áratuga skeið og nú á að byggja yfir.

Sjö tíundu af rekstrartekjum Serpentine koma frá söfnuninni sem er nú um helgina. Uggur er í mönnum að eftirtekjan af skálabyggingunni sem er helsta aðdráttarafl fyrir fjárfesta og listvini verði rýrari en hin fyrri sex árin sem ráðist hefur verið í nýstárlega byggingu sem stendur fram á haust.

Þótt Gehry hafi í nær tvo áratugi verið víðkunnur fyrir nýstárlegar byggingar sínar segir hann vinnustofu sína ekki fá mörg verkefni: Enginn hafi boðið honum að hanna safn eftir Bilbao og hljómleikahöll hafi hann ekki teiknað síðan Disney-höllin reis í Los Angeles. Enginn vilji hætta á hið nýstárlega, óvænta og byltingarkennda. Menn vilji fá eitthvað kunnuglegt. Skálinn í Serpentine fellur varla undir þá lýsingu.

- pbb



**BYGGINGARLIST** Skálinn eftir Gehry í líkani.

# Saga flautunnar

Flautuleikararnir Hallfríður Ólafsdóttir og Magnea Árnadóttir segja frá þróun flautunnar í tali og tónum á Gljúfrasteini á sunnudaginn kl. 16. Þær munu leika einleiks- og samleiksverk frá fyrstu dögum þverflautunnar til dagsins í dag og notast við hljóðfæri frá ýmsum tímum, barokkflautu og klassíska flautu auk nútímaflautunnar.

Á meðal verka sem leikin verða er Fantasía eftir Telemann, Sónata eftir Stamitz, Menúett og tríó eftir Beethoven, verkið Samtal tveggja páfagauka eftir Francaix og verk Elínar Gunnlaugsdóttur, Spil.

- vþ



**HALLFRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR OG MAGNEA ÁRNADÓTTIR** Koma fram á Gljúfrasteini á sunnudag.






# Ólík tríó í Ketilhúsi

Grímur Helgason klarinettuleikari, Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari leika á hádegistónleikum Listasumars í Ketilhúsinu á Akureyri í dag kl. 12.

Þau flytja tvö afar ólík tríó fyrir klarinett, víólu og píanó; Tríó í Es-dúr „Kegelstatt“ KV 498 eftir W. A. Mozart og Märchenerzählungen op. 132 eftir R. Schumann.

Sagan segir að Mozart hafi samið Kegelstatt-tríóið á meðan hann spilaði keiluspil með félögum sínum. Það er uppfullt af undurfögrum laglínum og leikandi gáskafullum stefjum. Víólan er í óvenjustóru hlutverki, enda uppáhalds strengjahljóðfæri Mozarts.

Schumann samdi Märchenerzählungen árið 1854, eða tveimur árum fyrir andlát sitt. Það er fremur létt yfir tríóinu, jafnvel þótt Schumann hafi reynt að drekkja sér í ánni Rín viku eftir að hann skilaði því til útgefanda.

Grímur Helgason útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands vorið 2007 og stundar nú nám við Conservatorium van Amsterdam; kennari hans þar er Hans Colbers. Grímur hefur á undanförnum árum leikið með margs konar tónlistarhópum. Má þar nefna Kammersveitina Ísafold, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Njúton, Djangódjass-sveitina Hrafnaspark og Hjaltalín.

Guðrún Dalía Salómonsdóttir útskrifaðist frá Tónlistarháskólanum í Stuttgart sumarið 2007 og stundar nú framhaldsnám í París. Guðrún Dalía hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi og í Þýskalandi bæði sem einleikari og meðleikari. Þórarinn Már Baldursson stundaði framhaldsnám í Stuttgart og er fastráðinn víóluleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þórarinn er meðlimur í Kammersveitinni Ísafold og Tríó Artis. Hann hefur einnig leikið með ýmsum samspilshópum, til að mynda Hljómsveit Íslensku óperunnar og Kammersveit Reykjavíkur.

- vþ



**GUÐRÚN DALÍA SALÓMONSDÓTTIR** Kemur fram á hádegistónleikum í Ketilhúsi í dag ásamt Grími Helgasyni og Þórarni Má Baldurssyni.










FLEET FOXES


LYKKE LI

## > Í SPILARANUM

Fleet Foxes - Fleet Foxes
Lil Wayne - Tha Carter III
Albert Hammond Jr - Como te Llama
Andrúm - Andvakar
Lykke Li - Youth Novels

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Rándýr gítar Jimis Hendrix

Frægur gítar rokkarans Jimis Hendrix verður seldur á uppboði í haust. Búist er við því að yfir 75 milljónir króna fáist fyrir gripinn, þrátt fyrir að hann sé skemmdur eftir eldsvoða.

Umræddur gítar er Fender Stratocaster sem Jimi notaði á frægum tónleikum í Finsbury Astoria í London 31. mars árið 1967. Þar kveikti hann í gítarnum og var í kjölfarið fluttur á sjúkrahús með minniháttar brunasár á höndunum.

Lengi var talið að gítarinn væri týndur og tröllum gefinn. Hann fannst nýlega á heimili Noel Redding, bassaleikara The Jimi Hendrix Experience. Gítarinn verður boðinn upp í London í september. Á meðal annarra muna á uppboðinu verða bók með síðustu ljóðum Jims Morrison og síðasta Ludwig-trommusettið sem John Bonham, trommari Led Zeppelin, átti fyrir dauða sinn.


**JIMI HENDRIX** Minningarnar lifa enn.

Árið 1993 seldist gítarinn sem Hendrix notaði á Woodstock fyrir tæpar 150 milljónir króna, miðað við gengi dagsins í dag.




## > Plata vikunnar

Paul Weller - 22 Dreams

★★★★

„Fyrrverandi Jam-söngvarinn Paul Weller kemur á óvart með sannkölluðu stórvirki. Yfir tuttugu lög af litskrúðugu bresku poppi.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Neu-raveið að þrotum komið*

Ekki er mikið meira en eitt eða tvö ár síðan að litagleðin var allsráðandi í tónlistarheiminum. 90's partí voru út um allt, Klaxons þótti besta hljómsveit í heimi, allir voru í skærlituðum hettupeysum og á skemmtistöðunum dundi dynjandi taktur frá Kitsune og Ed Banger-plötufyrirtækjunum. Nú virðist hins vegar allt loftið í oflofsbólunni á þrotum. Almenningur er orðinn bæði jarðlitaðri og jarðtengdari.

Fyrir stuttu kom út þriðja safnplata franska Ed Banger-plötufyrirtækisins. Fyrirtækið hefur haft á sínum snærum helstu stjörnur neu-ravesins á borð við Uffie, Justice, Busy P, Dj Mehdi og fleiri. Síðustu tvær safnskífur Ed Banger þóttu nær byltingarkenndar og settu viðmiðin fyrir hina.



Sömu sögu er hins vegar ekki hægt að segja um nýju plötuna. Í stað þess að leiða bylgjuna áfram er staldrað við og rembst eins og rjúpan við staurinn á sama stað. Kitsune gaf líka út sanfplötu fyrir örfáum mánuðum síðan og hún var jafnvel enn meiri afturför en plata Ed Banger. Menn eru víst farnir að biðja um meira „minimal“.

Á Kitsune-plötunni var meira að segja lag með Does It Offend You, Yeah?, krónprinsum neu-rave(rokk)sins. Gagnrýnendur hafa hins vegar farið létt með að taka þá ágætu sveit af lífi og þykir sveitin ekkert sérstaklega fínn pappír. Maður fær það jafnvel á tilfinninguna að neu-raveið muni mæta sömu örlögum og nu-metallinn hér forðum daga. Guð forði neu-raveinu frá því.

Kannski endar þetta með því að velunnarar neu-ravesins þurfi að stóla á Steed Lord. Sveitin hyggst einmitt leggja land undir fót og sigra Bandaríkin á næstu vikum. Það er vonandi að þeim vegni vel. Ef ekki þá endar þetta með því að Nakti apinn fer á hausinn, þá er neu-raveinu öllu lokið.






# Ennþá óháð, ennþá fersk

**Um síðustu helgi blés bandaríska plötuútgáfan Sub Pop til mikillar tónlistarveislu í Redmond í nágrenni Seattle til að fagna tuttugu ára starfsafmæli útgáfunnar. Trausti Júlíusson rifjaði upp sögu þessarar merku útgáfu sem m.a. kom Nirvana á framfæri og sem hefur í gegn um öll tuttugu árin haldið áfram að gefa út frábæra tónlist.**


**CSS** Eitt af heitustu nöfnunum hjá Sub Pop í dag ásamt No Age, Fleet Foxes, Band of Horses, Wolf Parade, Comets on Fire o.m.fl.

Bandaríska plötuútgáfan Sub Pop er ein af þessum útgáfum sem auðvelda tónlistaráhugamönnum lífið. Það má treysta því að ef Sub Pop gefur það út þá er það ekki drasl. Þessa dagana er Sub Pop að fagna 20 ára afmælinu sínu. Útgáfan varð reyndar til nokkru fyrr, en það var í apríl 1988 sem þeir Bruce Pavitt og Jonathan Poneman hættu í daglaunavinnunum sínum, leigðu húsnæði og ákváðu að búa til alvöru plötufyrirtæki.

Þeir ákváðu að tappa inn á hina öflugu rokksenu sem skók Seattleborg á þessum tíma. Á meðal fyrstu platna útgáfunnar voru plötur með Green River, Soundgarden, Nirvana, TAD, Screaming Trees og Mudhoney. Eitt af því sem útgáfan gerði var að stofna smáskífuklúbb. Ný smáskífa var send heim til áskrifenda í hverjum mánuði. Fyrsta platan í klúbbnum var fyrsta smáskífa Nirvana Love Buzz, Big Cheese. Eftir að Nirvana sló í gegn gerðu flestar grungesveitirnar samninga við stórfyrirtæki, en Sub Pop hélt áfram að einbeita sér að góðri tónlist.

### Hefur þróast með tímanum

Eins og allar þær plötuútgáfur sem hafa staðist tímans tönn þá hefur Sub Pop þróast mikið og lagað sig að tíðarandanum. En hún hefur aldrei slegið neitt af gæðakröfunum. Á meðal listamanna sem hafa gefið út hjá Sub Pop í gegnum árin má nefna Afghan Wigs, Flaming Lips, L7, Fugazi, Dinosaur Jr, Lubricated Goat, The Postal Service, Sebadoh, The Rapture, The Shins, Low, St. Etienne, Sleater Kinney og Iron & Wine.

Í dag eru útgáfurnar að nálgast 800 og Sub Pop hefur á sínum snærum mörg af heitustu rokkböndunum, t.d. Comets on Fire, Band of Horses, Wolf Parade, The Gutter Twins, popp-ljúfmennin í Fleet Foxes og hávaðaseggina í No Age. Að ógleymdri brasilísku sveitinni CSS sem er einmitt að senda frá sér plötu númer tvö, Donkey, í næstu viku.

### Endurvakinn smáskífuklúbbur

Auk fyrrnefndra afmælistónleika er ýmislegt annað við haft vegna afmælis Sub Pop. Tímaritið Mojo er með mikla umfjöllun og safndisk, smáskífuklúbburinn verður endurvakinn í ágúst og röð af endurútgáfum er fyrirhuguð. Sú fyrsta er tvöföld viðhafnarútgáfa af Superfuzz Bigmuff með Mudhoney, en á henni eru fyrstu smáskífur sveitarinnar ásamt EP-plötu, hellingi af aukalögum og tónleikum. Frábær plata sem hljómar enn fersk og kraftmikil í dag, 20 árum eftir að hún kom fyrst út. Að lokum má geta þess að hin nýja plötubúð Smekkleysu á Laugaveginum er með afmælistilboð á plötum Sub Pop þessa dagana.



**KLASSÍK** Meistaraverkið Superfuzz Bigmuff með Mudhoney er nýkomið út í viðhafnarútgáfu.

# Nóg að gera hjá Bang Gang

Hljómsveitin Bang Gang verður mikið á ferð og flugi næstu daga. Í gær var hún stödd í Frakklandi til að spila á rokktónlistarhátíðinni Plage de Rock sem haldin er rétt fyrir utan St. Tropez. Bang Gang heldur svo til Parísar í dag þar sem hljómsveitin verður með útgáfutónleika og að þeim loknum er ferðinni heitið alla leið austur á land þar sem hljómsveitin spilar á LungA á Seyðisfirði.

Tónleikarnir á Seyðisfirði verða jafnframt þeir fyrstu sem hljómsveitin heldur hér á landi í rúm tvö ár. „Bang Gang kom fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir stuttu en þetta er í fyrsta sinn í langan tíma sem hljómsveitin kemur fram ein og óstudd. Það er gaman að þessir fyrstu tónleikar verði á Seyðisfirði þar sem ég er hálfur Seyðfirðingur og löngu orðið tímabært að ég haldi tónleika fyrir austan,“ segir Barði Jóhannsson tónlistarmaður. Barði mun ekki sitja auðum höndum í sumar því eftir tónleikana á Seyðisfirði mun hann taka að sér að semja tónlistina fyrir nýjustu kvikmynd Óskars Jónassonar, Reykjavík/Rotterdam og því næst heldur hann út á ný í tónleikaferðalag um Evrópu.

„Ég er með bókara úti sem sér um að bóka mig á tónleika. Ég mun spila á milli tuttugu til þrjátíu tónleikum í september og október, þannig að þetta er nokkuð strangt prógram sem er framundan,“ segir Barði áður en hann rýkur í hljóðprufu. - sm



**BARÐI Á FLEYGIFERÐ Í SUMAR** Bang Gang spilar á laugardaginn á LungA.

# Timbaland og Jay-Z saman í hljóðveri

Stórpródúsentinn Timbaland segir þá Jay-Z stefna á samstarf við næstu plötu rapparans. Hafa þeir kappar áður starfað saman, til dæmis við „Big Pimpin“ sem sló í gegn á heimsvísu árið 2000. Timbaland tjáði áhuga sinn á samstarfi við MTV, þótt ekkert hafi verið staðfest í þeim efnum. Það stendur þó ekki í vegi fyrir því að Timbaland tali um málið eins og um staðreynd væri að ræða. „Hann vill að ég sjái um þetta allt saman núna. Ég er að gera handa honum algjöran klassíker. Ég segi það satt, þetta verður algjört skrímsli. Við viljum ná heiminum. Þetta verða tíu Big Pimpin.“ Jay-Z er á tónleikaferðalagi og hefur ekki tjáð sig um málið.



**SANNFÆRÐUR UM SAMSTARF** Timbaland segist ætla að pródúsera Jay-Z.




**Í HÖRKU STUÐI** Egill Sæbjörnsson og Flís spila fyrir þúsundir í New York. MYND/EGILL

# Egill og Flís í New York

**Egill Sæbjörnsson og hljómsveitin Flís spila á tíu ára afmæli „Warm Up“, sem nýlistasafnið P. S.1 MoMA í New York stendur fyrir um helgina. „Warm Up“ var valið besti klúbbur New York í tímaritinu Time out 2005 og er viðburður sem beðið er eftir. Þúsundir gesta mæta ár hvert. Tónleikar eru haldnir alla laugardaga frá 5. júlí til 6. september í sex klukkustundir í senn. Meðal annarra hljómsveita sem fram koma má nefna Au Revoir Simone og James Murphy og Pat Mahoney úr LCD Soundsystem. Egill og Flís koma fram næsta laugardag, ásamt Au Revoir Simone. Egill Sæbjörnsson hefur starfað um árabil sem myndlistarmaður en margir muna þó eftir hljómplötu hans Tonk of the Lawn frá árinu 2000 og sumarsmellum eins og I love you so. Flís eru þekktastir fyrir tónlist við Leg, eftir Hugleik Dagsson, sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu síðustu tvö leikár. -kbs**



**LEIKARAR** Bloc Party leika í nýrri sápu.

# Tónlistarfólk í stjörnusápu

**Amy Winehouse, Razorlight og Bloc Party leika í nýrri sjónvarpsseríu á netinu. Þá má sjá Duffy, Girls Aloud og The Feeling í aukahlutverkum. Sápan heitir ‘The Secret World Of Sam King’ og verður aðeins aðgengileg þeim sem nota Bebo-vefsvæðið. Á hún að eiga sér stað innan Universal Records, sem standa að framleiðslu þáttarins ásamt Bebo og framleiðslufyrirtækinu Monkey Kingdom. Sápan á að snúast um ungling sem vinnur hjá Universal en setur upp eigin skrifstofu inni í skrifstofuskáp. Ekki hefur verið gefið upp hvaða hlutverk falla til stjarnanna.**

útsala
íþróttaskór sundföt sportfatnaður barnafatnaður útivistarfatnaður
Enn meiri afsláttur
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 43005 07/08
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

## > KIRSTEN MEÐ JUSTIN?

Kirsten Dunst sást rölta eftir strætum New York-borgar ásamt leikaranum Justin Long nú á dögunum, en hann er fyrrverandi kærasti Drew Barrymore. Drew og Justin tilkynntu um sambandsslit sín í byrjun júlí og svo virðist sem Justin hafi strax fundið huggun í örmum Kirsten, en þau héldust í hendur og kysstust.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Rekstrarstjóri víkur fyrir dvergi

„Einn stórleikari tekur við af öðrum,“ segir Jón Páll Leifsson, rekstrarstjóri tryggingafélagsins Elísabetar. Til þessa hefur Jón Páll leikið í auglýsingu fyrir fyrirtækið þar sem Austin Mini er lagt við hliðina á löngum jeppa, til marks um muninn á verði trygginga Elísabetar og annarra tryggingafélaga. Nú er farin í gang ný herferð undir yfirskriftinni Nútímaleg og betri Elísabet og hefur gamla Mini-inum verið skipt út fyrir nýjan sem er þó stærri í sniðum. „Til þess að jafna út stærðarmun bílanna ákvað ég að ráða til mín þennan knáa dverg sem fór í mín föt í bókstaflegri merkingu,“ segir Jón Páll og á þar við hinn smágerða Frank Höybye Christensen.

Fyrri útgáfan og sú nýja eru báðar sýndar í nýju auglýsingunni. Sú fyrri er þó spiluð hratt. „Ég held að þetta sé eina auglýsingin í sjónvarpi í dag sem er spiluð hratt,“ segir Jón Páll. Hann segir auglýsingaherferðina ætlaða til þess að kynna tvær breytingar á tryggingafélaginu. „Við erum hætt að tryggja kraftmikla smábíla en einnig erum við búin að taka upp sérstakt gjald sem fólk þarf að greiða, ætli það að keyra á kvartmílubrautum eða öðru slíku. Í hvoru tveggja er mikið um tjón og með þessum aðgerðum miðum við að því að geta lækkað iðgjaldið hjá hinum viðskiptavinunum,“ segir Jón Páll Leifsson, rekstrarstjóri og stórleikari.

-shs



**JÓN PÁLL** Vék úr sæti fyrir dverginn Frank Höybye Christensen til að jafna út stærðarhlutföll. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KOMINN Í FLUGIÐ** Connor Cruise er ættleiddur sonur Nicole Kidman og Toms Cruise.

## Lærir að fljúga

Sonur Toms Cruise og Nicole Kidman virðist ætla að feta í fótspor föður síns. Hann hefur þó ekki farið út í leiklistina heldur er hann farinn að læra flug. Connor, sem er aðeins þrettán ára gamall, fór í fyrsta flugtímann sinnn um síðustu helgi og lærði að taka flugvélina, af gerðinni Cessna Skyhawk, á loft og lenda henni. Þar vestra er löglegt fyrir þrettán ára ungling að fara í flugtíma svo lengi sem hann er nógu hávaxinn til að ná niður í pedalana.






# Fín ljóðskáld á Litla-Hrauni

**Verðlaun verða veitt í ljóðasamkeppni fanga á Litla-Hrauni í dag. Átta fangar tóku þátt og munu þrír þeirra flytja ljóð sín í dag. Einar Már Guðmundsson hrósar skáldskap fanganna.**

„Þátttakan varð bara betri en ég átti von á,“ segir fangavörðurinn Ívar Örn Gíslason, sem hrinti af stað ljóðaátaki á Litla-Hrauni í sumar. Það ber heitið Steinn í steininum, en hugmyndin kviknaði í tengslum við aldarafmæli Steins Steinarrs í haust. Verðlaunaafhending í ljóðasamkeppni fanganna fer fram í dag, en alls tóku átta manns þátt. Ívar er hæstánægður með þá þátttöku. „Það eru margir sem skrifa sér til gamans hér inni, en sumir vildu kannski ekki athyglina. Ljóð eru líka oft svo persónuleg. Ég held að ef svo færi að við gerðum þetta aftur að ári myndu fleiri taka þátt,“ segir Ívar. Hann er einnig verkstjóri bókasafnsins á Litla-Hrauni, sem hann segir þó ekki viðamikið. „Við fáum samt bókagjafir af og til sem eru afar vel þegnar,“ segir hann.

Á verðlaunaafhendingunni munu þrír þáttakendur, þeir Þór Sigurðsson, Sigurbjörn Adam Baldvinsson og Ólafur Ágúst Hraundal, flytja ljóð sín við frumsamda tónlist, ásamt fleiri lögum úr eigin smiðjum. Þá mun formaður dómnefndar, Silja Aðalsteinsdóttir, flytja ávarp og verðlaunaljóðin verða lesin upp. Ásamt Silju sitja þeir Einar Már Guðmundsson, Hallgrímur Helgason, Ísak Harðarson og fangavörðurinn Björn Ingi Bjarnason í nefndinni.



**JÁKVÆTT FRAMTAK** Einar Már Guðmundsson segir margt gott að finna innan um í ljóðakeppni fanga á Litla-Hrauni og er hæstánægður með framtakið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég hef nú áður lesið yfir í svona keppnum og þarna er gæðastandardinn síst minni en oft áður,“ segir Einar Már. „Það eru virkilega góðir hlutir innan um og maður sér að margir þarna myndu eflaust fá mikið út úr því að skrifa,“ segir Einar. „Ég gæti ímyndað mér að það væri vel hægt að koma af stað einhverjum ritlistarnámskeiðum þarna og fá jafnvel fagmenn inn sem leiðbeinendur. Ég veit að það er verið að hvetja menn í þessari stöðu til að vinna í sínum málum og finna einhvern jákvæðan flöt á sínu lífi og ég held að allt af því tagi sé mjög jákvætt,“ segir Einar Már.

sunna@frettabladid.is

# Boðið í bloggarann Jens Guð

„Já, hann Reynir Traustason var að hringja. Og lofa mér gulli og grænum skógum ef ég myndi flytja mig yfir á dv.is,“ segir bloggarinn vinsæli Jens Guð.

DV er nú að stofna enn eitt bloggarasamfélagið en slík má finna á Eyjunni, Moggablogginu og Vísi. Þegar eru komnir í bloggarahóp DV ýmsir úr starfsliði Birtíngs, útgáfufélags DV, svo sem Þórarinn Þórarinsson, Valur Grettisson, Jóhann Hauksson og sjálf Kaffi-Gurrý en blogg hennar hýsti einmitt Mogginn til skamms tíma.

Jens Guð er einhver allra vinsælasti bloggari landsins og hefur haldið til á Moggablogginu líkt og Gurrý hingað til. Að sögn Jens sagði Reynir það inni í myndinni að DV myndi kaupa af honum efni og fá hann í launuð verkefni á vegum blaðsins. „Það kitlaði mig hversu mjög hann hrósaði mér. Eins sögðust þeir ætla að gera mikið úr blogginu mínu. Þeir hafa svo sem aldrei gert neitt slíkt fyrir mig þarna á Mogganum,“ segir Jens sem telur það líklegra en ekki að hann flytji sitt blogg til DV-manna.

- jbg



**JENS GUÐ** Nú er slegist um bloggara og ekki síst hann þennan, Jens Guð, sem er með vinsælli bloggurum landsins.





Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Mörgum hættir við að bruna framhjá markverðum stöðum og aldrei að vita hverju þú missir af ef farið er um í óðagoti.

Ferðumst um landið – en förum okkur hægt og komum heil heim.

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA 9080339



**SJÖUNDA MEÐFERÐIN** Ronnie Wood er kominn í meðferð á Priory-heimilinu, eftir að sonur hans sannfærði hann um að það væri hið eina rétta í stöðunni.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Ronnie Wood kominn í meðferð

**Ronnie Wood er kominn í meðferð, í sjöunda skiptið. Hann vill enn halda sambandi við hina rússnesku Ekaterinu Ivanovu, fjölskyldu sinni og móður Ekaterinu til mikils ama.**



**HUGFANGIN** Ekaterina Ivanova er komin í felur, en hún ku vera yfir sig ástfangin af rokkaranum sem er rúmum 40 árum eldri en hún.

Rolling Stones-rokkarinn Ronnie Wood hefur tékkað sig inn í meðferð á Prioary-meðferðarheimilinu. Hann sneri aftur heim til Englands fyrr í vikunni eftir að hafa dvalist á Írlandi og stundað stífa drykkju í félagsskap Ekaterinu Ivanovu, sem hann mun vera hugfanginn af. Aldur Ekaterinu virðist vera nokkuð á reiki í fregnum að utan, en hún er sögð á bilinu átján til tuttugu ára gömul. Vinir hennar segja hana yfir sig ástfangna af Wood, en þau hafa þekkst síðan í apríl og hefur Ekaterina meðal annars setið fyrir fyrir rokkarann.

„Ronnie er mjög ringlaður nákvæmlega núna. Áfengið hefur náð tökum á honum. Hann er algjörlega hugfanginn af Ekaterinu og sagði henni að hann ætlaði að reyna að smygla farsíma með sér svo þau gætu verið í sambandi áfram,“ segir vinur rokkarans. Eiginkona Woods, Jo, hefur hins vegar flúið land og haldið til Barcelona, en hún mun vera eyðilögð manneskja yfir fregnunum af sambandi Ronnies og Ekaterinu. Jo og Ronnie hafa verið gift í 23 ár og hefur samband þeirra yfirleitt verið talið traust.

Ronnie sneri aftur til Englands fyrr í vikunni eftir að sonur hans, Jesse, flaug til Írlands til að sannfæra föður sinn um að leita sér hjálpar. Það virðist hafa borið árangur og er Wood nú kominn í meðferð í sjöunda skipti á ævinni. Sjötta skiptið átti sér stað í júní og þá mun Ekaterina hafa heimsótt prinsinn sinn tvisvar sinnum.

Ekaterina hefur líka snúið heim frá Írlandi og er nú í felum, að sögn móður hennar, Irinu. Sú er ekki heldur hrifin af sambandinu. „Ég vissi að þau áttu eitthvað sérstakt samband, en ég áttaði mig ekki á því hversu langt það gekk. Ég hélt að þau ynnu bara saman. Hún sagði að Ronnie hefði beðið hana um að sitja fyrir. Hann vildi teikna hana,“ segir Irina, sem er ekki hrifin af Wood. „Hvað heldur hann að hann sé að gera? Hann er nógu gamall til að vera afi hennar. Hann þarf að senda hana til baka áður en þetta fer úr böndunum og annaðhvort hún eða fjölskylda hans verða særð,“ segir Irina.

# Nefnd eftir ömmu og langafa

Á meðan heimsbyggðin bíður þess að fyrstu myndirnar af tvíburum Angelinu Jolie og Brads Pitt komi fyrir augu hennar hafa margir velt vöngum yfir nafngiftunum. Tvíburarnir hafa, eins og áður hefur komið fram, hlotið nöfnin Vivienne Marcheline og Knox Leon. Það þótti ekki beinlínis vera í takt við aðrar nafngiftir í fjölskyldunni, en í fjölmennum Jolie-Pitt hópnum eru fyrir börnin Maddox, Pax, Zahara og Shiloh.

Fjölmiðlar greina nú frá því að Knox-nafnið sé komið frá afa Pitts, sem hét Hal Knox Hillhouse. Nafnið sjálft ku vera komið úr fornensku og tengjast hlíðum og hæðum, svipað og eftirnafn afans. Leon á ættir sínar hins vegar að rekja til grísku, og þýðir, mikið rétt, ljón, eða ljónshjarta. Systirin Vivienne Marcheline fær seinna nafn sitt frá móður Angelinu, sem lést snemma á síðasta ári. Vivienne á rætur sínar að rekja til latínu, og þýðir sú sem lifir, eða lífleg.

Hin nöfnin fjögur hafa einnig einhverja merkingu sem liggur kannski ekki í augum uppi. Maddox er gamalt velskt nafn, sem þýðir góður og örlátur. Pax fær nafn sitt frá latneska orðinu fyrir frið, Zahara þýðir skínandi á arabísku, og nafnið Shiloh er komið úr hebresku og þýðir „gjöf hans“.



**VELJA NÖFNIN VEL** Börn Angelinu Jolie og Brad Pitt hafa öll nöfn sem merkja eitthvað fallegt, en tvíburarnir eru þar að auki nefndir eftir ömmu og langafa sínum.
NORDICPHOTOS/GETTY










Á leið milli Þingeyrar við Dýrafjörð og Bolungarvíkur við Ísafjarðardjúp eru tvö kauptún sem vert er að skoða, Flateyri við Önundarfjörð og Suðureyri við Súgandafjörð.

www.ferdalag.is

UMFERÐARSTOFA

Ferðamálastofa
www.ferdalag.is

# Örn gegn Hrafni kveðja

Myndlistardúóið Eagle vs Raven opnar yfirlitssýningu í Gallerí Ibiza Bunker í dag. Teymið samanstendur af Örnu Óttarsdóttur, þriðja árs myndlistarnema við LHÍ og Hrafnhildi Helgadóttur, annars árs myndlistarnema við Gerrit Rietveld Akademíuna í Hollandi. Þær hafa starfað saman síðan 2004. Með yfirlitssýningunni kveðja þær samstarf sitt. „Þetta byrjaði í FB, þegar við kynntumst þar. Við tölum rosalega mikið og borðum saman, höfum það skemmtilegt. Þetta er mjög skemmtilegt samstarf. En núna ætlum við að hætta því. En það er ekkert ákveðið. Við gætum snúið aftur eins og Jet Black Joe, jafnvel alveg tíu sinnum. Við erum ekkert búin að vinna saman í tvö ár, eftir að ég hætti í FB. Okkur langaði þess vegna að halda yfirlitssýningu með verk frá 2005-2006,“ sagði Arna.



**SLÍTA SAMSTARFI** Arna og Hrafnhildur fljúga hvor sína leið. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Talandi um að snúa aftur. Hljómsveitin We painted the Walls gera einmitt það á opnuninni, en hún var valin áhugaverðasta hljómsveit Músíktilrauna 2005 og hafa skotið upp kollinum við og við síðan. Sveitina skipa þau Logi Höskuldsson og Júlía Hermannsdóttir, en þar sem Júlía er í námi í Bandaríkjunum hefur sveitin lagt upp laupana. „Þau eru ótrúlega góðir vinir okkar. Ég hef samið einn texta við eitt lag og Hrafnhildur einn texta og okkur fannst það skemmtileg tenging. Við fengum þau til að spila þessa einu tónleika, en ég held að þau ætla ekkert að snúa meira aftur en það,“ sagði Arna.

Haldið verður upp á samstarfslokin með garðpartý. „Það verður engin athöfn sérstaklega heldur viljum við bara hafa það gaman.“ Sýning Eagle vs Raven er einungis opin í dag milli fimm og átta í húsakynnum Ibiza Bunker á Þingholtsstræti 31. Þetta er fyrsta sýning nemanna af þessarri stærðargráðu.

-kbs

# Fá Færeyinga til að dansa

## Íslenskir plötusnúðar spila á tónlistarhátíð í Færeyjum um helgina.

Færeyska tónlistarhátíðin G-festival verður haldin nú um helgina. Í ár mun hátíðin bera yfirskriftina G-mini og verður hún eitthvað minni í sniðum en fyrri hátíðir. Með þessu móti búast skipuleggjendur hátíðarinnar við því að geta boðið gestum upp á enn stærri og betri hátíð að ári liðnu. Íslenska plötusnúðatvíkeykið Karíus & Baktus eru á meðal þeirra sem munu spila á hátíðinni um helgina, en tvíeykið skipa þeir Heimir Héðinsson og Raffaele Manna og eru þeir einu Íslendingarnir sem spila á hátíðinni í ár. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem þeir félagar spila saman á erlendri grundu.



**SKEMMTA FÆREYINGUM UM HELGINA** Heimir og Raffaelle skipa saman plötusnúðatvíeykið Karíus & Baktus.

„Ég hef spilað bæði í Gvatemala og í Boston í Bandaríkjunum og Raffi bjó lengi á Ítalíu þannig að hann hefur mikið spilað á skemmtistöðum þar,“ segir Heimir, annar helmingur tvíeykisins. Heimir og Raffaele hafa spilað saman frá árinu 2005 og hófu ferilinn á Kaffi Cultura. „Við byrjuðum þar en fórum svo fljótlega að spila á öðrum stöðum eins og Sirkús og Barnum. Þessa dagana spilum við helst á Qbar þar sem bæði Sirkús og Barinn eru horfnir.“ Að öllu jöfnu spila Heimir og Raffaele svokallaða drak electro-tónlist en segjast hafa fært sig yfir í ögn glaðværari tóna þegar sól tók að hækka. „Í sumar höfum við mikið verið að spila tónlist sem kallast latino minimal sem er ekki jafn hörð,“ segir Heimir. Þeir félagar hafa einnig verið iðnir við að skipuleggja þemakvöld á skemmtistaðnum Qbar. „Markmiðið með þeim kvöldum er bara það að halda góð partý. Við leggjum mikinn metnað í þetta og höfum til dæmis oft þurft að gjörbreyta staðnum til þess eins og ná fram réttri stemningu. Við höfum meðal annars haldið strandpartý og galakvöld á Qbar og þann 26.07. verðum við með Studio 54-partý.“ Aðspurður segir Heimir mikinn tíma fara í tónlistina, „Það fer mikill tími í að grúska og fylgjast með því sem er að gerast innan danstónlistar. oft eru þetta nokkrir klukkutímar á dag sem fara í það eitt að finna ný lög fyrir komandi helgi,“ segir Heimir, en til gamans má geta að hann er yngri bróðir Baldurs Héðinssonar sem fyrr í vetur var valinn besti plötusnúðurinn í Boston annað árið í röð.

Í haust er svo stefnan tekin á London þar sem þeir félagar hyggjast skemmta Londonbúum, „Þetta er allt í bígerð en ætti að skýrast á næstu vikum. Við höfum líka verið að semja sjálfir í nokkur ár en verið latir við að reyna að gefa það út þannig við stefnum á að fara að vinna í því líka í haust,“ segir Heimir að lokum.

sara@frettabladid.is

# Byggja á draumum sínum

Götuleikhús Kópavogs stendur fyrir sýningu í hvíta húsinu fyrir utan Kársnesskóla í kvöld klukkan átta. Frítt er inn og ber hún nafnið Góða nótt. Hópurinn samanstendur af fjórtán 9. og 10. bekkingum. Þau unnu sýninguna í spuna og með gjörningum, svokallað „devised“ og með húsnæðið sem grunn, eða „site-specific“. Hér er því ekki um hefðbundna línulega sýningu að ræða. Leikstjórar eru Árni Kristjánsson, sem lauk BA-námi við Fræði og framkvæmd Listaháskólans í vor og Benedikt Karl Gröndal, sem leggur stund á leiklistarnám í Danmörku.



**ALDREI SLÖK STUND** Götuleikhús Kópavogs lætur sig dreyma. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Það er búið að ganga vonum framar. Við erum búin að vera með alls konar starfsemi í sumar, höfum farið út á götur og með barnaleikrit í leikskólana. Þetta verkefni hefur tekið þriggja vikna krefjandi vinnu,“ segir Árni. „Krakkarnir komu með drauma og við reyndum að útfæra þá á bæði leikrænan og myndrænan hátt, í þeirra aðstöðu sem okkur var gefin. Það er búið að vera mjög áhugavert að vinna með drauma, því við erum að nota þeirra sögur, þeirra minningar, en gefa samt hugmyndafluginu lausan tauminn. Í ferlinu höfum við komist að því að þetta er mjög skapandi og frjó leið til að virkja það hugmyndaflug sem birtist okkur á hverjum einasta degi. Þá verður listsköpunin eðlileg, eitthvað sem fólk finnur innan í sjálfu sér. Í draumum þessara krakka er aldrei slök stund.“

-kbs

NÝTT Í BÍÓ!

AÐ BJARGA HEIMINUM ER HELJARINNAR VINNA! HELLBOY GOLDEN ARMY

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI! MAMMA MIA! LÚXUS ★★★★ Ó.H.T, RÁS 2 ★★★ T.V, KVIKMYNDIR.IS ★★★ L.I.B, TOPP5.IS/FBL

Þau komu langt utan úr geimnum í fullkomnu dulargervi! Það er heill heimur inni í honum sem heldur honum gangandi! EDDIE MURPHY MEET DAVE HAGKAUP

FRÁBÆR SKEMMTUN SEM HÖFÐAR TIL ALLRA ALDURSHÓPA - L.I.B, TOPP5.IS/FBL TÓMMI - KVIKMYNDIR.IS KUNG FU PANDA BYR

WILL SMITH FINASTA SUMARSKEMMTUN - V.J.V, TOPP5.IS/FBL HANCOCK

ÞAÐ ER KOMINN NÝR HROTTI Í FANGELSIÐ...AF MINNI GERÐINNI! BIG STAN

- Viggó, 24stundir - V.J.V., Topp5.is/FBL HULK

SEX AND THE CITY

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HELLBOY 2 | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MEET DAVE | kl. 3.45 - 8 - 10.10 | 7 |
| HANCOCK | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 3.45 - 5.50 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| MEET DAVE | kl. 6.10 - 8.30 - 10.40 | 7 |
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HELLBOY 2 | kl. 6 - 8.30 - 10.50 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8.30 - 10.50 | L |
| HANCOCK | kl. 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ENSKT TAL | kl. 6 - 8 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HELLBOY 2 | kl. 6 - 8 - 10.10* | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 - 10.10 | L |

* KRAFTSÝNING

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

MAMMA MIA! VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI ★★★ - T.V, Kvikmyndir.is ★★★★ - Ó.H.T, Rás 2 ★★★ - L.I.B, Topp5.is/FBL

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HELLBOY 2 | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3.30, 5.50, 8 og 10.15 | L |
| HANCOCK | kl. 8 og 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA - DIGITAL | kl. 4-D - Íslenskt tal | L |
| NARNIA: PRINCE CASPIAN | kl. 5 | 7 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

STÓRLEIKARARNIR HUGH JACKMAN OG EWAN MCGREGOR FARA HAMFÖRUM Í BESTA BESTA ÞRILLER SUMARSINS DECEPTION

MAMMA MIA! Ó.H.T, RÁS 2 T.V, Kvikmyndir.is L.I.B, Topp5.is/FBL VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI!

Þau komu langt utan úr geimnum í fullkomnu dulargervi! HAGKAUP MEET DAVE

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA. KUNG FU PANDA

WANTED

WILL SMITH HANCOCK

ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D | L |
| MAMMA MÍA | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| DECEPTION | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 3:40D - 6 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| HANCOCK | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DECEPTION | kl. 8:10 - 10:30 | 14 |
| MEET DAVE | kl. 4 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 4D - 6D DIGITAL | L |
| WANTED | kl. 8D - 10:20D DIGITAL | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5:15 | 7 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 | 12 |
| THE BANK JOB | kl. 10:20 | 16 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 5:40 - 8 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| THE BANK JOB | kl. 10:20 | 16 |
| HANCOCK | kl. 10:20 | 12 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 | kl. 5:40 | 7 |
| DECEPTION | kl. 8 - 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| WANTED | kl. 10 | 12 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HELLBOY 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| MEET DAVE | kl. 6 | L |
| BIG STAN | kl. 10:20 | 12 |

SparBíó 550kr í dag föstudag SAMbio.is SAMBÍÓIN

KUNG FU PANDA kl. 3:40 í Álfabakka með íslensku og kl. 4 með ensku tali kl. 4 í Kringlunni með íslensku tali kl. 6 á Selfossi, Akureyri og í Keflavík með íslensku tali

MAMMA MIA kl. 3:40 í Álfabakka kl. 5:40 á Selfossi

DECEPTION kl. 3:30 í Álfabakka

MEET DAVE kl. 4 í Kringlunni og kl. 6 í Keflavík

NARNIA 2 kl. 5 í Álf., kl. 5:40 á Ak. kl. 5:15 í Kringlunni

# Ís með Eltonbragði

Elton John hefur aðstoðað ísframleiðandann Ben & Jerry's við að búa til nýjan ís sem hefur fengið heitið Goodbye Yellow Brickle Road.

Ísinn verður til í takmörkuðu upplagi og verður aðeins fáanlegur í ísbúðum framleiðandans í Vermont frá 18.-25. júlí. John réði sjálfur innihaldi og bragði íssins sem er blanda af hnetusmjörs- og súkkulaðiís með hvítum súkkulaðibitum í.

Allur ágóði af sölu íssins mun renna til Alnæmissamtakanna.



**REYNIR FYRIR SÉR Á NÝJUM VETTVANGI** Elton John hefur aðstoðað ísframleiðanda með nýja bragðtegund.

# Nagli Benedikts til Svíþjóðar

Stuttmyndin Naglinn, í leikstjórn Benedikts Erlingssonar, hefur verið valin í aðalkeppni Nordisk Panorama-kvikmyndahátíðarinnar sem haldin verður í Svíþjóð í haust. Hátíðin er sérstaklega ætluð heimildar- og stuttmyndum og komust tvær íslenskar stuttmyndir inn í aðalkeppnina í ár. Framleiðendur myndarinnar eru þeir Örn Marinó Arnarson og Þorkell Harðarson sem saman reka fyrirtækið Merkell.

„Við funduðum með Benedikt í fyrra og ætluðum að framleiða fyrstu myndina hans, Takk fyrir hjálpið, en hún endaði hjá öðrum framleiðanda. Við fengum svo veður af Naglanum og leist ljómandi vel á handritið og ákváðum að framleiða hana," segir Þorkell um upphafið á samstarfinu við Benedikt. „Það eru stórleikarar í næstum öllum hlutverkum myndarinnar og tónlistarkonan vinsæla, Ragnhildur Gísladóttir, semur tónlistina fyrir hana."



**TIL SVÍÞJÓÐAR Í HAUST** Stuttmyndin Naglinn hefur verið valin í aðalkeppni Nordisk Panorama.

Benedikt Erlingsson, leikari og leikstjóri myndarinnar, segir að hægt sé að skilja myndina á marga vegu en að í stuttu máli fjalli hún um dauða og kynlíf eins og allar góðar sögur. „Ég vil helst ekki segja of mikið, en sagan er um mann sem verður fyrir slysi og í kjölfar þess leysast úr læðingi innra með honum áður óþekkt öfl," segir Benedikt, en hann er jafnframt höfundur handritsins.

Þrjár íslenskar heimildarmyndir voru einnig valdar til að taka þátt í hátíðinni og er heimildarmyndin Kjötborg þar á meðal. **- sm**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Orðrómur er á kreiki þess efnis að írski leikarinn **Colin Farrell** sé að verða pabbi í annað sinn, eftir að hann og kærasta hans, **Emma Forrest**, sáust kaupa þungunarpróf í Los Angeles á dögunum. Skötuhjúin opinberuðu samband sitt fyrir rétt um mánuði síðan en hafa verið óaðskiljanleg síðustu vikur, og ku Farrell nú vera að undirbúa flutning til Hollywood til að búa með kærustu sinni. Farrell á fyrir soninn **James**, fjögurra ára, með fyrrverandi kærustu sinni, **Kim Bordenave**.



Samband **Orlando Bloom** og áströlsku fyrirsætunnar **Miröndu Kerr** virðist vera á hálum ís. Fjölmiðlar í Bandaríkjunum greindu frá því að þau væru hætt saman eftir að til Miröndu sást í félagsskap fyrrverandi kærasta síns, olíuerfingjans **Brandon Davis**, og sögðu sjónarvottar þau hafa kært sig kollótt um hver yrði vitni að kossaflensinu þeirra á milli. Talsmaður Miröndu neitar því hins vegar að hún og Bloom hafi skilið að skiptum.



**Madonna** rær nú að því öllum árum að ná **Britney Spears** og **Justin Timberlake** saman á svið fyrir væntanlegt tónleikaferðalag hennar, Sticky and Sweet. Spears og Timberlake gætu þurft dálítlar fortölur til að fallast á það, en þau hafa lítið sem ekkert sést saman síðan þau slitu sambandi sínu árið 2002. Talið er líklegra að þau fallist á að koma fram hvort í sínu lagi, en þau hafa bæði unnið með Madonnu í gegnum tíðina.



American Beauty-leikkonan **Mena Suvari** hefur trúlofað sig. Kærasti hennar er tónlistarframleiðandinn **Simone Sestito**, en þau hafa verið saman í tæpt ár. Mena mun þó vilja fara hægt í sakirnar, en hún var áður gift hinum átján árum eldri **Robert Brinkmann** í fimm ár. Þau skildu árið 2005. Mena hefur ekki verið mjög áberandi á hvíta tjaldinu síðustu ár, en hún leikur næst í sjónvarpsmyndinni Murder in Sin City á móti **Matthew Modine**.






## >Frítt á landsleikina gegn Spáni

Vodafone og Bylgjan munu bjóða á landsleikina gegn Spáni í handbolta sem fara fram í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda í kvöld og á morgun. Leikurinn í kvöld hefst kl. 19.30 og verða miðar á þann leik afhentir í verslunum Vodafone á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, vitanlega gegn góðu stuðningsópi við íslenska liðið. Síðari leikurinn fer svo fram kl. 16.00 á morgun og þá mun Bylgjan annast dreifingu miða á leikinn. Leikirnir tveir gegn geysisterku liði Spánverja eru síðustu heimaleikir íslenska landsliðsins í handbolta fyrir Ólympíuleikana í Peking sem hefjast í ágúst.



# sport

sport@frettabladid.is

**KRISTINN JAKOBSSON:** RANN BLÓÐIÐ TIL SKYLDUNNAR OG DÆMIR Í ÞRIÐJU DEILDINNI Í KVÖLD

## *Skemmtilegra að hlaupa á grasi en malbiki*



Dómarinn Kristinn Jakobsson sá sér renna blóðið til skyldunnar þegar KSÍ sendi bréf á dómara í vikunni. Leitað var eftir dómara á þriðjudeildarslag Augnabliks og KB, Knattspyrnufélags Breiðholts. Slík bréf eru tíð þegar dómara vantar í verkefni.

Milliríkjadómarinn kvaðst laus og tók verkefnið að sér. Það er ekki á hverjum degi sem leikmenn í þriðju deildinni fá dómara á borð við Kristinn á leiki hjá sér en hann dæmdir reyndar í öllum deildum á hverju ári.

„Mér finnst skemmtilegra að hlaupa á grasi en malbiki. Ég var laus og maður má ekki gleyma uppruna sínum, ég byrjaði auðvitað að dæma í neðri deildunum,“ sagði Kristinn sem valdi leikinn sem er steinsnar frá heimili hans í Kópavogi.

Kristinn dæmdi leik Stjörnunnar og Njarðvíkur í 1. deildinni í gær og á mánudag dæmir hann leik Fjölnis og Þróttar í Landsbankadeildinni. Hann dæmdi á Símamótinu um síðustu helgi auk EM-verkefnisins fyrr í sumar. Það er því skammt stórra högga á milli hjá Kristni sem finnst gaman að dæma í öllum deildum.

„Menn átta sig kannski ekki á því en það er oft krefjandi að vera dómari í þriðju deild. Eins og eðlilegt er eru menn í deildinni kannski hægari og grófari en úrvalsdeildarleikmenn. Það koma því upp atvik sem eru oft ekki í efri deildunum sem gaman getur verið að glíma við,“ segir Kristinn sem stefnir jafnframt á að nýta reynslu sína í að leiðbeina ungum og upprennandi aðstoðardómurum í neðri deildunum.

„Allir leikir eru mikilvægir,“ segir Kristinn sem játar að óbilandi dómaraáhugi ráði fyrst og fremst ferðinni. „Fyrst og fremst er þetta áhuginn. Mér finnst eðlilegt að dæma svipað marga leiki og leikmenn eru að spila á viku sem oft eru tveir til þrír.“

Kristinn fylgir einnig æfingaáætlun dómara frá UEFA sem felur í sér hreyfingu á hverjum degi. „Partur af því er að hjóla og synda og slíkt. Það er betra að æfa á grasi en hlaupa á malbikinu eða inni á hlaupabretti. Maður gerir það bara á veturna,“ sagði Kristinn sem vill helst dæma sem flesta leiki yfir sumarið.

## ÚRSLIT

*UEFA bikarinn:*

| | |
|---|---|
| **FH-Grevenmacher** | **3-2** |
| 0-1 Steinmetz (20.), 0-2 Maric (25.), 1-2 Tryggvi Guðmundsson, víti (40.), 2-2 Arnar Gunnlaugsson (50.), 3-2 Tryggvi Guðmundsson (66.). | |
| **Honka Espoo-ÍA** | **3-0** |

*1. deild karla:*

| | |
|---|---|
| **Leiknir-ÍBV** | **1-1** |
| Jakob Spangsberg - Bjarni Rúnar Einarsson. | |
| **Selfoss-Víkingur R.** | **1-0** |
| Boban Jovic. | |
| **Víkingur Ó.-Haukar** | **2-1** |
| Josip Marosevic, Jón Pétursson - Marco Kirsch. | |
| **KS/Leiftur-Þór** | **0-0** |
| **Fjarðabyggð-KA** | **2-2** |
| Vilberg Marinó Jónasson, Guðmundur Steinþórsson - Arnar Guðjónsson, Steinn Gunnarsson. | |
| **Stjarnan-Njarðvík** | **4-2** |
| Halldór Orri Björnsson 2, Grétar Atli Grétarsson, Ellert Hreinsson - Vignir Benediktsson, sjm. | |




**ÞRÍR EFSTIR** Bandaríkjamaðurinn Rocco Mediate, sjá mynd, Norður-Írinn Graeme McDowell og Ástralinn Robert Allenby eru efstir á opna breska meistaramótinu eftir fyrsta dag á einu höggi undir pari.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Jóhann B. snýr heim á leið:

## Best að vera í Keflavík

**FÓTBOLTI** Jóhann B. Guðmundsson hefur ákveðið að snúa aftur á fornar slóðir og leika með Keflavík í Landsbankadeildinni eftir að Suðurnesjaliðið náði samkomulagi við sænska liðið GAIS um að fá kappann í sínar raðir. Jóhann mun fá sig lausan á allra næstu dögum.

„Það liggur ekki alveg fyrir hversu fljótt það verður en ég mun alla vega leika með GAIS um helgina og svo kemur í ljós hvort liðið þurfi á mér að halda í leik sem fram fer 28. júlí. Ef ekki, þá gæti ég náð leik Keflavíkur og Breiðabliks í 8-liða úrslitum VISA-bikarsins þann 24. júlí,“ sagði Jóhann sem er fullur tilhlökkunar að snúa aftur til Keflavíkur.

„Þetta er mjög spennandi dæmi og það er náttúrulega best að vera í Keflavík,“ sagði Jóhann sem gerir samning við Keflavík út tímabilið í sumar og svo þrjú ár til viðbótar. **- óþ**



GANGA.IS
Ungmennafélag Íslands

# Naumur sigur gegn Grevenmacher

### FH reif sig hressilega upp eftir að hafa lent 0-2 undir gegn Grevenmacher frá Lúxemborg. FH kom til baka og náði að lokum að landa 3-2 sigri. Kærkominn sigur fyrir FH-inga sem hafa ekki spilað vel síðustu vikur.

**FÓTBOLTI** FH marði sigur á Grevenmacher frá Lúxemborg, 3-2, í fyrstu umferð forkeppni Evrópukeppni félagsliða á heimavelli sínum í gærkvöld.

Leikurinn var aðeins 19 mínútna gamall þegar Grevenmacher komst yfir. Thierry Steinmetz skoraði gott mark af stuttu færi eftir laglega skyndisókn upp hægri kantinn. Aðeins sex mínútum síðar var staðan orðin 2-0 fyrir gestina frá Lúxemborg þegar Dario Maric skoraði með hnitmiðuðu skoti úr teignum eftir hornspyrnu. Óvænt en sanngjörn forysta gestanna staðreynd.

Það var ekki margt sem benti til þess að FH næði að minnka muninn þegar Tryggvi Guðmundsson féll í vítateignum á 40. mínútu og víti dæmt. Tryggvi skoraði sjálfur af miklu öryggi úr vítaspyrnunni og staðan 1-2 í leikhlé.

Tryggvi viðurkenndi eftir leik að um lítið brot hefði verið að ræða. „Ég missi jafnvægið hvort sem það er hann sem er þess valdandi eða bara ég sjálfur. Ég hefði ekkert farið að væla ef hann hefði ekki dæmt víti. Ég þakkaði bara kærlega fyrir það og setti hann í vinkilinn.“

Síðari hálfleikur var aðeins fimm mínútna gamall þegar Arnar Gunnlaugsson jafnaði metin eftir frábæran undirbúning Hjartar Loga Valgarðssonar. „Við ræddum saman í hálfleik og börðum hver annan og sögðum að þetta gengi ekki lengur. Við sýndum það í seinni hálfleik að við erum mun betra lið en þetta lið. Við gefum þeim gott veganesti með tveimur útimörkum. Þetta gæti orðið erfitt í Lúx,“ sagið Tryggvi.

Yfirburðir FH voru miklir í síðari hálfleik og virtist lið Grevenmacher springa á limminu en deildarkeppnin í Lúxemborg hefst í ágúst og liðið því ekki í mikilli leikæfingu.

„Þetta er ágætisspilandi lið og nokkrir snöggir þarna fram á við. Maður sér það í seinni hálfleik að það dregur aðeins úr þeim og við keyrum á þá og áttum að gera aðeins betur. Við erum heilt yfir betra lið þegar við erum ekki sofandi eins og fyrstu 25,“ sagði Tryggvi Guðmundsson sem kom FH í 3-2 á 66. mínútu en þrátt fyrir urmul af færum náðu FH-ingar ekki að setja fleiri mörk og fara því með aðeins eins marks forystu til Lúxemborgar.

Heimir Guðjónsson þjálfari var að vonum sáttur við sigurinn og að liðið hefði náð að snúa vonlausri stöðu sér í vil.

„Við byrjuðum ekki nógu vel og byrjunin var kannski í framhaldi af því sem við höfum verið að gera. Eftir 25 mínútna leik tóku menn sig saman í andlitinu og spiluðu frábærlega eftir það, sýndu gríðarlega mikinn karakter að koma til baka. Það hefur gengið illa að snúa taflinu við eftir mótlæti.

Maður fann það inni í klefa í hálfleik að menn voru staðráðnir í að bæta fyrir þennan fyrri hálfleik og sýna fólki það að við erum með gott fótboltalið. Þessi leikur var gríðarlega mikilvægur fyrir framhaldið og sjálfstraustið hjá liðinu. Úr því sem komið var þá sleppur þetta. Við verðum að mæta jafnvel stemmdir í seinni leikinn eins og við gerðum síðasta klukkutímann í leiknum. Við verðum að halda þessu áfram og taka þetta með okkur í næsta leik á móti HK,“ sagði Heimir **- gmi**



**VÍTI?** FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson fiskar hér víti gegn Grevenmacher. Hann skoraði sjálfur úr spyrnunni og bætti öðru marki við í síðari hálfleik. FH fékk fjölda færa í leiknum en varð að sætta sig við 3-2 sigur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skagamenn í erfiðum málum í UEFA-bikarnum eftir tap, 3-0, gegn finnska liðinu Honka í gær:

# Ætlum ekki að svekkja okkur á þessu tapi

**FÓTBOLTI** Skagamenn eiga litla von um að komast áfram í UEFA-bikarnum eftir 3-0 tap gegn Honka í Finnlandi. ÍA hefði hæglega getað tapað stærra en Esben Madsen varði víti frá finnska liðinu í síðari hálfleik.

„Þetta var ekkert sérstakur leikur af okkar hálfu. Það verður að viðurkennast. Þetta finnska lið var hörkugott og er hörkugott fótboltalið,“ sagði Bjarni Guðjónsson, fyrirliði ÍA, við Fréttablaðið eftir leikinn. Skagamenn lögðu eðlilega upp með að verjast og stilltu upp mjög varnarsinnuðu liði. Vopnin voru þó slegin úr höndunum á þeim eftir aðeins 28 mínútur er Honka komst í 2-0.

„Þessi taktík gekk mjög vel upp hjá okkur í 20 mínútur og þeir voru farnir að pirrast sem var nákvæmlega það sem við vildum. Fyrsta markið þeirra kemur í raun eftir að við höfðum átt ágætt færi, þeir keyrðu hratt upp og náðu að setja á okkur. Annað markið þeirra kemur svo úr ódýru víti sem Esben var ekki fjarri því að verja. Við breyttum engu í síðari hálfleik sem var skárri af okkar hálfu. Héldum boltanum betur, áttum nokkra krossa en það gekk lítið að binda endahnútinn á sóknirnar,“ sagði Bjarni en hann segir finnska liðið hafa verið betra en Skagamenn hafi átt von á þó svo ekkert vanmat hafi verið í gangi af þeirra hálfu.

„Við höfðum heyrt af vanmati hjá þeim og ætluðum að nýta okkur það. Annars er það víst þannig að annað hvort eru liðin hér mjög líkamleg eða spila flottan fótbolta og þetta lið spilar hörkufótbolta,“ sagði Bjarni sem viðurkennir að baráttan sé svo gott sem búin.

„Auðvitað verður þetta erfitt í seinni leiknum. Annars ákváðum við að líta á þennan leik sem smá frí frá vandræðunum heima og vorum ákveðnir í að svekkja okkur ekki sama hvernig færi. Engu að síður ætluðum við að leggja allt í leikinn sem við og gerðum. Tap samt staðreynd og við munum ekki svekkja okkur á því,“ sagði Bjarni, en athygli vakti að leikurinn fór fram á gervigrasi.

„Ég sagði við strákana þegar við nálguðumst völlinn „sjáiði hvað þetta er flottur völlur, strákar.“ Svo þegar við komum nær áttuðum við okkur á því að þetta væri gervigras. Við höfðum ekki hugmynd um það og það mættu ekki allir með réttan skóbúnað til þess að spila á gervigrasi en það hafði engin endanleg áhrif samt á úrslit leiksins,“ sagði Bjarni. **- hbg**




**TAP FYRIR GÓÐU LIÐI** Bjarni Guðjónsson segir að finnska liðið Honka sé hörkugott og í raun betra en Skagamenn áttu von á. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Framherjinn Heiðar Helguson hjá Bolton er stöðugt orðaður við önnur félög:

# Hvert er ég á leiðinni í dag?

**FÓTBOLTI** Heiðar Helguson er kominn á fulla ferð eftir að hafa jafnað sig af meiðslum og kveðst ekkert vera á förum frá Bolton eins og staðan er í dag þrátt fyrir þrálátan orðróm í breskum fjölmiðlum um annað.

Sögusagnir þess efnis að Heiðar væri á förum frá Bolton fengu byr undir báða vængi eftir að enska félagið gekk frá kaupum á sænska framherjanum Johan Elmander á ellefu milljónir punda og Dalvíkingurinn knái hefur verið orðaður við fjöldan allan af liðum síðustu daga. Coventry, Nottingham Forest, Sheffield United, Cardiff og nú síðast Charlton eru öll talin vera að fylgjast með stöðu mála hjá Heiðari sem er sjálfur pollrólegur og lætur sér fátt um finnast.

„Nú, hvert er eiginlega ég á leiðinni í dag? Ég veit ekki til hversu margra félaga ég á að hafa verið farinn á síðustu vikum samkvæmt breskum fjölmiðlum. En verður maður ekki bara taka því sem hrósi, að maður sé að gera eitthvað rétt. Það er annað hvort það eða þá að umboðsmaðurinn minn hafi verið svona duglegur að hringja í dagblöðin,“ sagði Heiðar í gamansömum tón og hélt áfram:

„Ég hef reyndar ekkert verið í sambandi við umboðsmann minn upp á síðkastið og veit ekkert hvað Bolton ætla sér að gera, hvort einhver annar framherji eigi eftir að bætast í hópinn eða hvað. Það kemur bara í ljós, en mér skilst að einhver nýr leikmaður sé í læknisskoðun hjá Bolton núna en ég veit ekki hver það er. Það kemur fljótlega í ljós,“ sagði Heiðar sem einbeitir sér bara að því að komast í toppform að nýju eftir að hafa náð sér af meiðslum sem upphaflega var talið að myndu halda honum utan vallar í fjóra mánuði.

„Ég er staddur í Austurríki í æfingaferð með Bolton og er orðinn fínn af meiðslunum tveimur mánuðum fyrr en áætlað var þannig að ég einbeiti mér bara að því að æfa vel og koma mér í toppform. Ég er samningsbundinn Bolton til ársins 2010 og er ekkert á förum frá félaginu og mun bara halda mínu striki og sjá hvernig þetta spilast allt saman,“ sagði Heiðar vongóður. - óþ



**HARÐJAXL** Heiðar er orðinn góður af meiðslunum sem upphaflega áttu að halda honum utan vallar þangað til um miðjan september. Á myndinni er hann í leik með Bolton gegn sínum gömlu félögum í Fulham. NORDIC PHOTOS/GETTY



**VONGÓÐUR** Ferguson vonast til þess að United sé að fara að klófesta nýjan leikmann á næstunni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Man. Utd að landa leikmanni:

## Berbatov á leið til Man. Utd?

**FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, staðfesti í viðtali við Sky Sports-fréttastofuna í gær að Englandsmeistararnir væru búnir að leggja á borðið kauptilboð í leikmann sem hann væri vongóður um að fá til félagsins.**

**„Við erum með boð í gangi í einn leikmann sem við erum vongóðir um að fá og ef það gengur eftir þá myndi hann styrkja liðið gríðarlega,“ sagði Ferguson en breskir fjölmiðlar telja líklegast að Dimitar Berbatov, framherji Tottenham, sé leikmaðurinn sem um ræðir. - óþ**

Heimildarmaður BBC Sports:

## West Ham ekki í fjárhagsvanda

**FÓTBOLTI** Íslendingafélagið West Ham United í eigu Björgólfs Guðmundssonar seldi í vikunni þá Bobby Zamora og John Pantsil á 6,3 milljónir punda til nágranna sinna í Fulham. Zamora lét í kjölfarið að því liggja, í viðtali við götublaðið The Sun, að fjárhagsstaða West Ham væri bág og það væri ástæðan fyrir sölunni og að hann ætti von á því að talsvert fleiri leikmenn myndu verða seldir frá félaginu.

BBC Sports hafði það hins vegar eftir ónafngreindum heimildarmanni sínum innan raða West Ham að félagið væri ekki í neinum fjárhagskröggum heldur væri leikmannahópur félagsins einfaldlega alltof stór, sem og reyndar launareikningur þess.

„Við munum kaupa leikmenn í sumar og þurfum ekki að selja leikmenn gagngert til að eiga pening fyrir nýjum í staðinn. Þetta snýst frekar um hagræðingu þar sem við erum með alltof stóran leikmannahóp eins og er og launakostnaðurinn samkvæmt því of hár,“ sagði heimildarmaðurinn við BBC Sports.

West Ham hefur til þessa aðeins fengið tvo unga leikmenn til félagsins, þá Hólmar Örn Eyjólfsson og Balint Bajner. - óþ



**FAST SKOT** Zamora lét hafa eftir sér að hann hefði verið seldur vegna slæmrar fjárhagsstöðu West Ham. NORDIC PHOTOS/GETTY



# Misstórir dropar í uppeldisbætur

**Íslensk félög græða mörg á því að hafa selt sína bestu leikmenn til útlanda. Fyrir sum félög eru þetta þó aðeins dropar í djúpt haf fjármálarekstursins en fyrir minni félög kærkomnar krónur í kassann. Þrjú félög fá uppeldisbætur fyrir Pálma Rafn Pálmason og ÍR fagnar vel þeim milljónum sem koma fyrir Eið Smára.**

**FÓTBOLTI** Það var líklega fagnað vel í Neðra-Breiðholtinu þegar Eiður Smári Guðjohnsen fór frá Chelsea til Barcelona fyrir ríflega 8 milljónir punda, um 1,2 milljarða íslenskra króna. ÍR, Valur og KR skiptu á milli sín svokölluðum uppeldisbótum. ÍR fékk tæpar átta milljónir í sinn hlut, Valur um milljón minna og KR um eina milljón.

### Þrjár tegundir bóta

Útreikningar við bætur fyrir leikmenn eru vægast sagt flóknir. Þær skiptast í þrennt. Uppeldisbætur eru aðeins greiddar þegar leikmaður skrifar undir sinn fyrsta leikmannasamning, eða við sölu á leikmanninum sem atvinnumanni þar til hann verður 23 ára. Eftir 23 ára aldur eru því engar bætur greiddar.

Þá eru einnig greiddar svokallaðar Samstöðubætur. Þær eru 5% að kaupverði leikmanns sem greiðist aðeins ef hann er seldur á milli landa. ÍBV hefur til að mynda aldrei fengið uppeldisbætur fyrir Hermann Hreiðarsson sem hefur fimm sinnum skipt um félag, en alltaf innan Englands.

Þriðja tegundin er svo hlutdeild í félagaskiptagjaldi. Ef leikmaður hefur spilað með fleiri en einu félagi á þremur síðustu heilu keppnistímabilum eiga öll félögin rétt á hlutdeild í kaupverðinu. Dæmi um bæturnar eru í kassanum hér fyrir neðan þar sem Pálmi Rafn Pálmason, nýjasti atvinnumaður Íslands, er tekinn sem dæmi.

### Félög þurfa að vera vakandi

Gísli Gíslason er formaður formanna í Landsbankadeild karla. Hann er einnig formaður knattspyrnudeildar ÍA sem fékk bætur fyrir Grétar Rafn Steinsson. Hann segir að félög þurfi að vera vakandi fyrir sínum rétti. Á fundi formannanna nýverið voru bæturnar ræddar.

„Við ræddum um að það þyrfti að upplýsa félög um meginreglurnar sem gilda í þessu á einfaldan hátt. KSÍ tók mjög vel í að fara í það með okkur. Við höfum mestar áhyggjur af því að félög séu ekki meðvituð um það regluverk sem er í gildi. Eins og gengur er áhugasamt fólk í stjórnum félaga en það hefur ekki endilega þann bakgrunn sem þarf til að þekkja regluverkið,“ sagði Gísli sem er lögfræðingur að mennt.

Hann segir einnig að KSÍ hafi tekið jákvætt í að hafa trúnaðarlögræðing á sínum snærum. „Hann gæti beitt sér fyrir þessum málum ef eftir því er óskað,“ segir Gísli sem er nokkuð viss um að félög hafi misst af tekjum vegna vanþekkingar á reglunum. „Við höfum ekki nein staðfest dæmi en það er mjög líklegt. Svo getur þetta líka verið öfugt, félög telja sig eiga rétt á bótum en eiga það ekki,“ sagði Gísli.

### Erlend félög treg

Dæmi eru um að erlend félagslið séu mjög treg í að borga slíkar bætur. Sumir höfðu heyrt dæmi um að félög fölsuðu hreinlega samninga til að sleppa við að borga bæturnar. „Það getur tekið óratíma að fá þetta greitt,“ segir Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri FH.

Hann segir þó að FH fylgist vel með sínum máli og gefi ekkert eftir. „Við erum mjög harðir á að fá bætur fyrir okkar menn. Ég held að ekkert félagslið á Íslandi gefi þetta eftir,“ sagði Pétur sem sagðist hafa unnið vel með KSÍ í þessum málum.

Hann benti á, líkt og flestir viðmælendur, að hver einasta króna í kassann skipti mál, sér í lagi á þessum síðustu og verstu tímum í þjóðfélaginu.

### ÍR græðir á Eiði Smára

Bragi Björnsson, formaður meistaraflokksráðs ÍR, segir að félagið hafi fengið tæpar átta milljónir króna þegar Eiður Smári Guðjohnsen hafi verið seldur. Hann taldi að Valur fengi aðeins lægri upphæð og KR um eina milljón.

„Þetta skiptir miklu máli fyrir okkur,“ sagði Bragi en ÍR skipti upphæðinni milli allra deilda innan félagsins. „Þetta er auðvitað afar kærkomið,“ segir Bragi.

KS á Siglufirði fékk tæpar fjórar milljónir þegar Grétar Rafn Steinsson fór frá AZ Alkmaar til Bolton og ÍA líklega um helming þeirrar upphæðar.

### Nauðsynlegt að fylgjast með

Gísli undirstrikar að nauðsynlegt sé að hafa gott bókhald utan um leikmenn sína, allt frá unga aldri. „Það þurfa allir að halda vöku sinni yfir því hverju þeir eiga rétt á. Félög verða að fylgjast með þessu,“ segir Gísli.

hjalti@frettabladid.is



**ÍR OG VALUR GRÆÐA VEL Á EIÐI** ÍR fær um átta milljónir króna í sinn hlut vegna Eiðs Smára Guðjohnsen sem lék með félaginu á sínum yngri árum. Valur fékk aðeins lægri upphæð, tæpar sjö milljónir. Hér er hann í leik með Val árið 1994 gegn Stjörnunni á Laugardalsvelli. MYND/BRYNJAR GAUTI



**FJÓRAR MILLJÓNIR** KS á Siglufirði fékk tæpar fjórar milljónir þegar Grétar Rafn Steinsson var seldur frá AZ Alkmaar til Bolton á Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Heiðar Helguson: Borgaði Dalvík fyrir sjálfan sig

Þegar Heiðar Helguson fór út í atvinnumennsku voru ekki til neinar reglur um uppeldisgreiðslur. Heiðar fór frá Dalvík til Þróttar og síðan til Lillestrøm í Noregi. Þaðan var hann seldur til Watford. Hvorugt íslenska félagið fékk krónu fyrir.

„Heiðar er mikill heiðursmaður og þegar hann var seldur til Englands tók hann þá ákvörðun að láta fé af hendi rakna til Dalvíkur,“ sagði Björn Friðþjófsson Dalvíkingur um Heiðar.

## PÁLMI RAFN: FRÁ VÖLSUNGI TIL STABÆK

*Fréttablaðið tekur sem dæmi um uppeldisbætur Pálma Rafn Pálmason, nýjasta atvinnumanni Íslendinga. Heimildir Fréttablaðsins herma að kaupverð Stabæk á Pálma sé tæpar 40 milljónir króna og miðum við við 37 milljónir í þessu tilfelli. Útreikningarnir þurfa ekki að vera 100% réttir en ættu að gefa ágæta mynd af því hvernig greiðslurnar skiptast.*

### *SAMSTÖÐUBÆTUR*

Fimm prósent af söluverði skiptast á milli félaga sem leikmaðurinn hefur verið hjá frá 12 ára aldri til 23 ára aldurs.

**12-15 ára:** 5% (0,25% af heild) hvert tímabil

**16-23 ára:** 10% (0,5% af heild) hvert tímabil

### *HLUTDEILD Í FÉLAGASKIPTAGJALDI*

Hafi leikmaður leikið fyrir annað félag/önnur félög eitthvert af síðustu þremur heilu keppnistímabilum á Íslandi skal það/þau eiga hlutdeild í félagaskiptagjaldinu. Hlutdeildin er í réttu hlutfalli við dvöl hans hjá hverju þeirra innan tímamarka keppnistímabils.



### *Pálmi Rafn Pálmason*

**Fæddur:** 9. nóvember ´84

Uppalinn í Völsungi

**21. febrúar 2003**
fer hann til **KA (18 ára)**

**1. janúar 2006**
fer hann til **Vals (21 árs)**

**Júlí 2008**
fer til **Stabæk** í Noregi **(23 ára)**

### SAMSTÖÐUBÆTUR VÖLSUNGS, KA OG VALS

| | |
|---|---|
| **6-17 ára í Völsungi:** | 935.882 krónur |
| **18 ára til KA:** | 544.118 krónur |
| **22 ára til Vals:** | 370.000 krónur |

### HLUTDEILD KA Í FÉLAGASKIPTAGJALDINU

Knattspyrnutímabil á Íslandi er skilgreint frá 1. febrúar til 15. október. Pálmi hefur leikið með tveimur félögum, KA og Val, síðustu þrjú tímabil. Greiðslan skiptist því á milli þeirra í réttu hlutfalli. Ef miðað er við að Pálmi skrifi undir 25. júlí hjá Stabæk eru síðustu þrjú tímabil á Íslandi frá 25. júlí 2005 til 25. júlí 2008. Knattspyrnutímabilið á þremur árum eru 25.5 mánuðir. Pálmi lék því með KA í þrjá mánuði af þessum 25,5 sem uppsker eftir því.

| | |
|---|---|
| **KA:** | 4.135.294 milljónir |
| **Valur:** | 31.014.706 milljónir |

***Samtals:***

| | |
|---|---|
| **Völsungur:** | 935.882 krónur |
| **KA:** | 4.679.412 krónur |
| **Valur:** | 31.384.706 krónur |
| **Samtals:** | **37 milljónir** |



**AÐVÖRUN** Coppell sendir reyndari leikmönnum Reading tóninn og segir að enginn sé öruggur um sæti í liðinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Steve Coppell, Reading: Bindur vonir við Gylfa Þór

**FÓTBOLTI** Steve Coppell, knattspyrnustjóri Reading, skaut föstum skotum að reyndari leikmönnum Reading í viðtali við The Reading Chronicle í gær þar sem hann sagði engan leikmann öruggan um sæti sitt í byrjunarliðinu á næstu leiktíð í Championship-deildinni.

„Ef einhverjir leikmenn liðsins halda að þeir fái einhverja sérmeðferð fyrir aldur og fyrri störf þá skjátlast þeim hrapallega. Eins og staðan er í dag þá er mikil samkeppni um stöður í liðinu og þeir sem leggja sig fram af lífi og sál munu fá tækifærið,“ sagði Coppell og hrósaði nokkrum leikmönnum sérstaklega og þar á meðal hinum 18 ára Gylfa Þór Sigurðssyni.

„Ég hef trú á því að leikmenn eins og Jem Karacan, Gylfi Sigurðsson, Jimmy Kebe og Alan Bennett eigi eftir að blanda sér í baráttuna og þeir hafa tækifæri til þess að vinna mig á sitt band á þessu tímabili,“ sagði Coppell. - óþ

## Brett Favre: Íhugar endurkomu í NFL

**NFL** Ameríska íþróttagoðsögnin Brett Favre er hugsanlega hættur við að hætta í boltanum en hann sagði á blaðamannafundi þann 3. mars síðastliðinn að hann hefði leikið sinn síðasta leik á ferlinum.

„Ég er sekur um að hætta of snemma og það er ástæða fyrir því. Er ég sagðist vera hættur var ég ekki alveg viss um hvort ég vildi spila,“ sagði hinn 38 ára gamli Favre en blaðamannafundurinn er hann sagðist vera hættur var dramatískur í meira lagi enda felldi Favre tár á fundinum. Hann átti frábært tímabil á síðustu leiktíð og var ekki fjarri því að koma yngsta liði deildarinnar, Green Bay Packers, í sjálfan SuperBowl-leikinn.

Eftir að það kvisaðist út að hann væri að íhuga endurkomu hefur allt farið í loft upp í Green Bay þar sem Favre lék í 16 ár. Þjálfari liðsins var þegar búinn að ákveða að tefla arftaka hans fram næsta vetur en forráðamenn félagsins eru í mikilli krísu og eiga erfitt með að skilja Favre eftir ef hann vill halda áfram.

„Mér var tjáð að það væri ekki lengur möguleiki að spila í Green Bay. Seinna heyrist að þeir geti ekki hugsað sér að hafa mig í öðru liði. Ég er því í lausu lofti. Hef ekki ákveðið mig endanlega en það er fiðringur í mér,“ sagði Favre. - hbg



# HÁSPENNA Á HOCKENHEIM

Um helgina er keppt á hinni frægu Hockenheim braut í Þýskalandi.
Söguleg staða er komin upp í stigamótinu í Formúlu 1.

| | | |
|---|---|---|
| LEWIS HAMILTON | MCLAREN | 48 |
| FELIPE MASSA | FERRARI | 48 |
| KIMI RAIKKÖEN | FERRARI | 48 |
| ROBERT KUBICA | BMW | 46 |



**FÖSTUDAG KL. 7:55 OG 11:55**
**BEIN ÚTSENDING FRÁ ÆFINGUM**

**LAUGARDAG KL. 8:55**
**BEIN ÚTSENDING FRÁ ÆFINGUM**

**LAUGARDAG KL. 11:45 - Í OPINNI DAGSKRÁ**
**TÍMATAKA – BEIN ÚTSENDING**

**SUNNUDAG KL. 11:30 - Í OPINNI DAGSKRÁ**
**KAPPAKSTURINN – BEIN ÚTSENDING**

**SUNNUDAG KL. 22:00**
**VIÐ ENDAMARKIÐ**

Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin.
Farið verður yfir helstu mál keppninnar og þau krufin til mergjar.

BEIN ÚTSENDING FRÁ TÍMATÖKUNNI OG KAPPAKSTRINUM Í OPINNI DAGSKRÁ.

SPORT besta sætið

SPORT besta sætið

DHL BYGG LÝSING N1

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Joseph Fiennes

„Það tók mig mörg ár að koma mér á framfæri sem leikari. Þegar loksins varð einhver afrakstur af erfiðinu, töluðu allir um að ég hefði orðið frægur yfir nótt.“ Fiennes leikur í kvikmyndinni Kaupmaður í Feneyjum sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SARA MCMAHON VILL FLEIRI DÝRALÍFSÞÆTTI

## *Minnist Fagra-Blakks með bros á vör*



Þegar ég var ung var þáttaröðin um folann Fagra-Blakk í miklu uppáhaldi hjá mér. Í hverri viku háðum við systir mín hatramma baráttu um besta sætið í sófanum, sætið sem var beint fyrir framan sjónvarpið og ekki örlítið á ská, og gerðum okkur tilbúnar fyrir ævintýri svarta folans. Svo byrjaði ævintýri vikunnar; kolsvartur hesturinn þeystis um græna grundu, upp hóla og hæðir, bjargaði ungri stúlku úr eldsvoða og ætíð ómaði stefið við þættina í bakgrunni.

Það var þá sem ég var bitin af hestabakteríunni. Mig dauðlangaði í hest en í stað þess að fá einn alhliða gæðing að gjöf frá foreldrum mínum fékk ég að sækja reiðnámskeið hjá Gusti á hverju sumri. Með árunum hefur áhuginn dofnað en aldrei horfið og í gær ýfðist upp þessi gamli draumur minn um að eignast hest þegar ég horfði á þáttinn um baldna folann. Þarna eru grænu hagarnir aftur komnir, hesthúsið og gæðingarnir. Þetta eru hugljúfir þættir um lífið á hestabúgarði á Írlandi og um samband mannsins við þessar tignarlegu skepnur. Þetta er Fagri-Blakkur nútímans og hér er enginn í kapphlaupi við tímann við að leysa sakamál, hér er ekki verið að fjalla um ástir og örlög ungs fólks í Stóra eplinu, heldur aðeins hið ævagamla samband manns og skepnu.

Ég er ánægð að hafa fengið að upplifa gamla æskudrauma á ný með komu baldna folans en á sama tíma dauðlangar mig að sjá fleiri dýralífsþætti í sjónvarpinu. Heimildarmyndin um ferðalag keisaramörgæsanna var mjög vel sótt af gestum kvikmyndahúsanna á sínum tíma og þar af leiðandi vil ég trúa því að vandaðir dýralífsþættir geti orðið vinsælt sjónvarpsefni í dag. Mun vinsælla en raunveruleikaþættir þar sem hópur kvenna berst um ást karlmanns fyrir framan alþjóð með tilheyrandi gráti og gnístran tanna og einstaka yfirliði. Mín spá er að dýra- og náttúrulífsþættir geti orðið Sex and the City framtíðarinnar.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Life is Wild SKJÁREINN



▶ **20.35** Football Rivalries STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.45** Skins STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.10** Phenomenon STÖÐ 2



▶ **23.45** Gullmót í frjálsum íþróttum SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Opna breska meistaramótið í golfi** Bein útsending frá 137. opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Birkdale-vellinum á Englandi og stendur yfir frá fimmtudegi til sunnudags. Mótinu lýsa Hrafnkell Kristjánsson og Ólafur Þór Ágústsson.

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) (11:23) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.00 Myndarstúlka** (Pixel Perfect) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2004. Hljómsveitin hennar Samönthu hefur ekki enn tekist að slá í gegn. Það breytist þó eftir Ricky vinur Samönthu býr til söngvara fyrir hana með heilmyndatækni. Þá stendur ekki á vinsældunum en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Aðalhlutverk: Ricky Ullman, Leah Pipes og Spencer Redford.

**21.35 Kaupmaður í Feneyjum** (The Merchant of Venice) Bandarísk bíómynd frá 2004 byggð á leikriti Williams Shakespeares. Aðalhlutverk: Al Pacino, Jeremy Irons, Joseph Fiennes, Lynn Collins, Zuleikha Robinson og Kris Marshall.

▶**23.45 Gullmót í frjálsum íþróttum** Upptaka frá fjórða gullmóti sumarsins í frjálsum íþróttum sem fram fór á Saint-Denis leikvanginum í París fyrr í kvöld. Gullmótin í frjálsum íþróttum eru sex en keppni ársins lýkur á lokamóti í Mónakó í september.

**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.10 Field of Dreams**

**10.00 Last Holiday**

**12.00 Buena Vista Social Club**

**14.00 Field of Dreams**

**16.00 Last Holiday**

**18.00 Buena Vista Social Club**

**20.00 North Country** Kvikmynd sem tilnefnd var til tveggja Óskarsverðlauna með Charlize Theron í aðalhlutverki.

**22.05 Assault On Precinct 13**

**00.00 Die Hard**

**02.10 Fled**

**04.00 Assault On Precinct 13**

**06.00 Borat: Cultural Learnings of America**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ofurhundurinn Krypto, Hvolpurinn Scooby-Doo og Tommi og Jenni.

**08.10 Oprah**

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Missing** (9:19)

**11.15 Bandið hans Bubba** (3:12)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Neighbours**

**12.55 Forboðin fegurð** (3:114)

**13.40 Forboðin fegurð** (4:114)

**14.30 Friends**

**14.55 Friends**

**15.15 Bestu Strákarnir** (37:50)

**15.55 Galdrastelpurnar** (17:26)

**16.18 Nornafélagið**

**16.38 Bratz**

**17.03 Smá skrítnir foreldrar**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.49 Íþróttir**

**18.56 Ísland í dag**

**19.04 Veður**

**19.15 The Simpsons**

**19.40 America's Got Talent** (12:12)

▶**21.10 Phenomenon** George Malley býr í þorpinu Harmon. Íbúarnir þekkja hann vel og vita að hann er mjög fínn náungi, afbragðs bifvélavirki og áreiðanlegur vinur. Á 37. afmælisdegi hans gerast yfirnáttúrulegir atburðir og George tekur miklum breytingum. Aðalhlutverk: John Travolta og Kyra Sedgwick.

**23.10 No Good Deed** Spennumynd með Samuel L. Jackson í aðalhlutverki. Lögreglumaður lendir óvænt í klóm hættulegra bankaræningja. Hann er skilinn eftir í vörslu einstaklega tælandi ungrar konu sem kann augljóslega þá list betur en aðrir að vefja karlmönnum um fingur sér. Við það hefst sálfræðistríð milli þeirra sem ekki sér fyrir endann á.

**00.50 The Cooler** Bernie Lootz hefur gert það að ævistarfi sínu að spilla fyrir heppnum fjárhættuspilurum í Las Vegas.

**02.30 Kinky Boots**

**04.15 The Jewel of the Nile**

**06.00 Fréttir**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.55 Formúla 1 2008 - Þýskaland** Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Þýskalandi.

**11.55 Formúla 1 2008 - Þýskaland** Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Þýskalandi.

**18.00 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

**18.25 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.

**18.55 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**19.35 Formúla 1 2008 - Þýskaland** Útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn.

**23.10 Main Event (#13)** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

**00.00 Main Event (#14)**

## 2 SPORT 2

**18.25 Bestu leikirnir** Sunderland - Man. Utd.

**20.05 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

▶**20.35 Football Rivalries** Liverpool v Man. Utd. Í þessum þætti verður fjallað um ríg Liverpool og Man. Utd innan vallar sem utan og einnig skoðaður rígur Benfica og Porto.

**21.30 10 Bestu - Ásgeir Sigurvinsson** Áttundi þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**22.20 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**23.15 PL Classic Matches** Tottenham Hotspur - Liverpool, 93/94. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**23.45 PL Classic Matches** Manchester City - Tottenham, 1994. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**16.00 Vörutorg**

**17.00 Rachael Ray**

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 Dynasty**

**19.20 Kimora: life in the fab line** (e)

**19.45 Hey Paula** (e)

▶**20.10 Life is Wild** (5:13) Katie og Jesse nenna ekki að sinna störfum sínum á gistiheimilinu og langar að njóta lífsins með Oliver og Emily. Jesse stingur af og Katie, sem er orðin leið á því að vera alltaf góða stelpan, ákveður að láta slag standa. Hún reynir að ganga í augun á Oliver en það endar illa og þau enda á bak við lás og slá.

**21.00 The Biggest Loser** (5:13) Keppendum bregður þegar þeim er tilkynnt að æfingasalnum hefur verið lokað þessa vikuna. Bob og Kim sýna þeim hvernig þau geti gert árangursríkar æfingar án þess að hafa fullkomin tæki og tól.

**21.50 The Eleventh Hour** (12:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti. Yfirmenn stöðvarinnar eru ósáttir með áhorfið og ráða unga og glæsilega konu til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni og það fellur misvel í kramið hjá gömlu fréttahaukunum.

**22.40 Call Girls: The Truth** (e)

**23.30 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**00.20 The IT Crowd** (e)

**00.45 The Real Housewives of Orange County** (e)

**01.35 Conviction** (e)

**03.05 Dynasty** (e)

**03.55 Jay Leno** (e)

**04.45 Jay Leno** (e)

**05.35 Vörutorg**

**06.35 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Föstudagsþátturinn** Farið yfir fréttir liðinnar viku. Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.40

### America's Got Talent



Það er komið að úrslitastund í America's Got Talent. Aðeins fjórir keppendur standa eftir hver öðrum hæfileikaríkari. Terry Fator er ótrúlega snjall búktalari og eftirherma, Cas Haley þykir einstaklega hæfileikaríkur tónlistarmaður, Butterscotch hefur einstaka sönghæfileika, og Julienne Irwin er aðeins 14 ára gömul stúlka sem syngur eins og engill.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Kaupmaður í Feneyjum**
**Sjónvarpið kl. 21.35**



Kaupmaður í Feneyjum (The Merchant of Venice) er bandarísk bíómynd frá 2004 byggð á leikriti Williams Shakespeares. Sagan gerist rétt fyrir aldamótin 1600 og segir frá kaupmanninum Antóníó sem tekur mikla peninga að láni fyrir vin sinn, Bassaníó. Hann hryllir við bótunum sem lánarinn Shylock fer fram á verði skuldin ekki greidd á réttum tíma. Aðalhlutverk: Al Pacino, Jeremy Irons, Joseph Fiennes, Lynn Collins, Zuleikha Robinson og Kris Marshall

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sumarást
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Táslur og tjull
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Tónlist úr þularstofu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Mánafjöll
**21.10** Brjóstdropar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Viltu syngja minn söng?
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Ally McBeal** (4:23)
**17.45 Skins** (3:9)
**18.30 The Class** (15:19)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Ally McBeal** (4:23) Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 síðari ára er nú sýndur aftur á Stöð 2 Extra. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
▶**20.45 Skins** (3:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**21.30 The Class** (15:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.
**22.00 Canterbury's Law** (1:6) Elizabeth Canterbury er eldklár verjandi sem vílar ekki fyrir sér að sniðganga lögin þegar frelsi skjólstæðinga hennar sem hún telur saklausa, er í húfi. Þættirnir koma úr smiðju þeirra sömu og gerðu Rescue Me, þar á meðal Denis Leary.
**22.45 Moonlight** (8:16)
**23.30 ReGenesis** (6:13)
**00.15 Twenty Four 3** (8:24)
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Gestir: Hjörtur Howser, Ellý Ármanns, Sigríður Klingenberg.
**21.00 Hvernig er heilsan?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Hallgrímur Magnússon læknir.
**21.30 Íslands Safari** Umsjón: Akeem Richard Oppong, formaður Íslands Panorama. Gestir: Arna Schram og Urður Gunnarsdóttir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.05** Med rygsæk **11.30** Kær på tur **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Fredagsbio **15.40** Benjamin Bjørn **16.00** Hjerterum **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.35** Aftentour 2008 **20.00** Livsfarlig frekvens **21.55** En fremmed uden navn

## NRK 1

**9.55** Ut i naturen jukeboks **10.55** Sport Jukeboks **12.00** Jazz jukeboks **13.00** Ekstremvær jukeboks **14.10** Columbo **15.20** Sydvendt **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Asta-Marie, det er meg **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Charlie og Lola **16.30** Safari Europa **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.00** Friidrett: Golden League fra Paris **20.00** Detektimen: BlackJack **21.00** Kveldsnytt **21.15** Detektimen: BlackJack **21.45** NM friidrett **21.55** Mandela-konserten - høydepunkter fra Hyde Park **23.25** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Minnenas television **12.50** Hollywoodredaktionen **13.15** Veronica Mars **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Jag samlar inte på gårdagar **15.30** Meteorologdaghem **15.35** Bara blåbär **16.00** Charlie och Lola **16.15** Dra mig baklänges **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.45** Sune **17.15** Värsta vännerna **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Tre kärlekar **18.55** Om kärlek **19.00** Tur & retur **20.25** Grotesco **20.55** Rapport **21.05** Dirty Pretty Things **22.40** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta nú eiginlega mest á útvarp í vinnunni og skipti þá aðallega á milli FM 957 og svo Flass 104,5.“*

Jóhann Kröyer rafvirki.

# Yosoy Guðrúnar Evu kvikmynduð

„Ég er að sjálfsögðu himinlifandi með að Snorri Þórisson hafi keypt réttinn. Óhemju flinkur fagmaður. Ég veit að honum er mikil alvara með að gera úr þessu alvöru bíómynd,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson, forstjóri Forlagsins, sem er útgefandi Guðrúnar Evu Mínervudóttur.

Kvikmyndafélagið Pegasus hefur undirritað samning við Réttindastofu Forlagsins um kvikmyndarétt á skáldsögunni Yosoy eftir Guðrúnu Evu. Bókin kom út árið 2005 og hlaut Menningarverðlaun DV. Hún fjallar um óvenjulegt fjölleikahús sem rekið er í gamalli ullarverksmiðju við Álafoss og óhugnanlega starfsemi þar.

„Sagan er tvímælalaust vel fallin til kvikmyndunar. Jájá, grótesk bók. Mjög. Og ég held að þetta geti orðið gríðarlega spennandi kvikmynd,“ segir Jóhann Páll og sér ekki neitt því til fyrirstöðu að filma óhugnaðinn. Kvikmyndaréttur sem þessi er ekki metinn undir milljón. Og þá sem staðfestingargjald viðkomandi kvikmyndagerðarmanns. Fari myndin í framleiðslu bætist við þá upphæð og eru svo samningsákvæði um frekari greiðslur til samræmis við velgengni myndarinnar. Sem fyrr segir er það Snorri Þórisson hjá Pegasus sem nú hefur tryggt sér kvikmyndaréttinn en það er Marteinn Þórsson sem skrifar handrit upp úr bók Guðrúnar. „Ég hef óbilandi trú á Guðrúnu Evu. Og kannski ekki tímabært um að tala en við verðum með nýja bók eftir hana í haust, bók sem ég held að eigi eftir að vekja gríðarlega athygli. Og ljóst þykir mér að Snorri ætti þá að vera í startholunum með að tryggja sér réttinn á henni líka,“ segir útgefandinn snjalli. **-jgb**



**SAMINGUR UM KVIKMYNDARÉTT UNDIRRITAÐUR** Úa Matthíasdóttir hjá Forlaginu, Snorri Þórisson og Guðrún Eva kát við undirritun samnings. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN PÁLL



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í Asíu, **6.** tveir eins, **8.** hljóð rjúpunnar, **9.** skjön, **11.** guð, **12.** viðburður, **14.** Stefna, **16.** málmur, **17.** líða vel, **18.** haf, **20.** ónefndur, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvísl, **3.** rykkorn, **4.** aumkunn, **5.** herma, **7.** litatónn, **10.** síðan, **13.** svelg, **15.** einn milljarðasti, **16.** kærleikur, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** java, **6.** ll, **8.** rop, **9.** mis, **11.** ra, **12.** atvik, **14.** boðun, **16.** ál, **17.** una, **18.** sær, **20.** nn, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT:** **1.** álma, **3.** ar, **4.** vorkunn, **5.** apa, **7.** litblær, **10.** svo, **13.** iðu, **15.** nanó, **16.** ást, **19.** ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Fjögur prósent.
2. Ásmundur Jóhannsson.
3. Þyrluflug.

GANGA.IS
Ungmennafélag Íslands

HERBERT GUÐMUNDSSON: EKKI ÞORAÐ AÐ SEGJA NOKKRUM MANNI FRÁ ÞESSU

# Charlie Watts trommar fyrir Herbert Guðmundsson

„Já, Charlie Watts er þarna í nokkrum lögum á plötunni Dawn of the Human Revolution,“ segir Herbert Guðmundsson tónlistarmaður með meiru.

Leyndarmál, sem farið hefur verið með sem mannsmorð í tónlistarbransanum nú í kvartöld, er nú gert opinbert. En þannig er að Charlie Watts, trommari Rolling Stones, spilar í nokkrum lögum á plötu Herberts, Dawn of the Human Revoluton, sem kom út árið 1985 meðal annars á megasmelli Hebba Can't Walk Away. Hvernig má þetta vera?

Þannig var að þegar Hebbi vann við að hljóðblanda plötuna í London í október árið 1984 í félagi við íslenskan hljóðmann ónefndan þá fannst þeim sem það vantaði almennilegt trommusánd. Hebba minnir að þetta hafi verið í Tapestry Records og hljóðmaðurinn spurði hvort ekki væri rétt að bæta sum laganna með trommuslætti frá Charlie Watts. „Stones höfðu þá verið að taka þarna upp og snerillinn hans Charlies hafði orðið eftir í „samplernum“. Hann sagðist eiga þennan rosalega feita og þétta og sneril og sagði hann vera frá þessum manni kominn. Og við notuðum hann í nokkur lög. Sennilega í Can´t walk away, örugglega í Wild Town og einhver rokklög önnur,“ segir Herbert. Sem jafnframt lofaði því þá að þetta færi ekki lengra. „Ég þorði ekki að tala um þetta svo ég fengi ekki yfir mig málaferli. Eða að ferli hljóðmannsins yrði rústað,“ segir Hebbi og telur ólíklegt að Stones fari í málaferli við sig nú þetta mörgum árum síðar. En þetta var vitanlega ólöglegt og Charlie Watts var aldrei spurður.

Þannig var að áður en Stones ætla í stúdíó þá mætir Charlie Watts hálfum mánuði áður til að stilla trommurnar og „sándið“. Og er einmitt frægur fyrir að ná sérstaklega góðu „sneril-sándi“. Hann spilar þá inn takta og sóló sem tekin eru upp á sérstakar rásir. Sé litið til ártalsins þá er þetta reyndar frá niðurlægingarskeiði í sögu Rolling Stones, þegar fátt var með þeim Mick Jagger og Keith Richards og Charlie Watts átti við heróínfíkn að stríða. En líklega eru þetta trommurásir sem Steve Lillywhite tók upp fyrir plötuna Dirty Work sem kom út árið 1986. Tvö ár liðu en áður höfðu Stones sent frá sér hljóðversplötuna Undercover árið 1984 þannig að tæplega getur verið um trommurásir af þeirri plötu að ræða. Á Dirty Work er til dæmis lagið Harlem Shuffle og geta rokksögugeggjarar nú borið saman Dirty Work og Dawn of the Human Revolution og hlustað einkum eftir snerilhöggum Watts.

„Jújú, auðvitað er það sérstakt að vera með trommuslátt frá Charlie. Og ég hef legið á þessum upplýsingum eins og ormur á gulli allan þennan tíma. Og ekki þorað að segja nokkrum manni,“ segir Hebbi sem nú vinnur að nýrri plötu þar sem fólk verður tjaldað til – Spegill sálarinnar – en þó ekki trommara Stones.

jakob@frettabladid.is



**CHARLIE WATTS** Einhver flottasti trymbill sögunnar lagði Hebba til sneril á plötuna Dawn of the Human Revolution.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Upptökur á myndinni Reykjavík Whale Watching Massacre munu hefjast í byrjun ágúst. Myndin er í leikstjórn **Júlíusar Kemp** en framleiðslufyrirtæki hans og **Ingvars Þórðarsonar**, Kisi, framleiðir myndina. Leikarar myndarinnar koma víða að, meðal annars frá Japan. Ekki fæst gefið upp hvaða erlendu leikarar leika í myndinni en meðal Íslendinga verða Leðurfésið **Gunnar Hansen**, **Helgi Björnsson**, **Stefán Jónsson** og **Guðrún Gísladóttir**.



**Þorvaldur Davíð Kristjánsson** ferðast nú um landið ásamt tveimur bandarískum leiklistarnemum úr Juiliard og Columbia í New York. Vinna þau að leikgerð upp úr Íslendingasögunum, eins og Fréttablaðið greindi frá á vormánuðum. Þremenningarnir eru nú staddir á Egilsstöðum þar sem þeir munu skemmta bæjarbúum með örverki eftir þá sjálfa. Herlegheitin munu verða sýnd í Sláturhúsinu þar í bæ en það eru **Guðjón Sigvaldason** leikstjóri og leikhópurinn Frú Norma sem ráða yfir því húsnæði.



**Heiðar Austmann**, útvarpsmaðurinn geðþekki, lumar oft á ýmsu góðgæti fyrir hlustendur sem hringja inn. Á dögunum var hann að gefa nýju plötu Merzedes Club, I wanna touch you, sem hlotið hefur prýðis dóma víðast hvar. Einn hlustandi Heiðars kunni þó ekki að meta þessa gjöf Austmannsins og fussaði í símann yfir því að hann væri að gefa diskinn. Vildi hlustandi þessi frekar verða sér úti um ókeypis tjald og afþakkaði því geisladiskinn kröftuglega. Kannski hann hafi verið hestamaður. **-shs**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

**Glænýr viltur lax**

**Úrval fiskrétta á grillið**

***Óbreytt fiskverð frá áramótum***



**opið**
**mán-fös 10-18:15**
**og lau 11-14:00**

# Fótboltamaður fékk vítamíneitrun

„Það var einhver flensa að ganga í vinnunni svo ég ákvað bara að taka góðan skammt af vítamínum í forvarnarskyni. Í kjölfarið varð ég svo bara veikur og lá í rúminu í tvo daga,“ segir Guðjón Baldvinsson sem starfar hjá Visa Valitor og leikur knattspyrnu með meistaraflokki KR. Guðjón hefur staðið sig vel með KR í sumar og leist ekki á blikuna fyrst um sinn.

„Þegar ég spurði aðila sem þekkir til, sagði hann að þetta væri eflaust vítamíneitrun af völdum of mikillar neyslu á A-vítamíni sem skilst ekki út úr líkamanum líkt og vatnsleysanleg vítamín gera,“ útskýrir Guðjón sem þjáðist af miklum höfuðverk í tvo daga. „Mér fannst frekar heimskulegt að lenda í því að fá eitrun útaf of mikilli vítamínneyslu, en núna er maður bara eiturhress,“ segir Guðjón og hlær.

Aðspurður hvað sé framundan segist Guðjón stefna á háskólanám. „Ég er að fara að hætta hjá Visa í næsta mánuði og fer í viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík í haust. Svo er það auðvitað fótboltinn með KR,“ segir Guðjón að lokum. **-ag**



**ALLT BEST Í HÓFI** Guðjón segist framvegis ætla að taka vítamín í hófi, en hann þjáðist af miklum höfuðverk og slappleika eftir að hafa tekið stóran skammt af vítamínum í forvarnarskyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Útsala hefst í dag
15-60%
afsláttur!
Öndvegi
mood
heima
Bjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**


## MEST LESIÐ:

- Opið beinbrot með hafnaboltakylfu - synjað um gæsluvarðhald
- Um 42% landsmanna andvígir álveri í Helguvík
- Átján ára stúlka tekin á 199 km hraða á Reykjanesbraut
- Fisvél flaug á rafmagnslínu

vísir.is
...ég sá það á visir.is



**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

# *Útilegumenn*

Það var úr vöndu að ráða þegar ungt par á þrítugsaldri ætlaði að skella sér í útilegu á dögunum. Ekki vantaði útbúnaðinn. Nýtt tjald var komið í skottið og kæliboxið hafði verið fyllt af nesti. Það var aðeins einn hængur á. Aldurinn. Fólk á hinum alræmda þrítugsaldri er nefnilega ekki sérlega velkomið á sumum tjaldsvæðum landsins. Það er að segja ekki nema það hafi slysast til þess að búa til barn í tæka tíð til að geta dröslað því með í útileguna.

**ÁFANGASTAÐURINN** var löngu ákveðinn en samt var um sannkallaða óvissuferð að ræða. Skyldu þau fá að tjalda eða ekki? Hafði tjaldvörðurinn á Laugarvatni ekki sagt í fréttunum um daginn að þar vildu menn ekki sjá „óæskilega hópamyndun fólks undir þrítugu sem ræður ekki við útrás sína“? Hvernig átti að túlka þessi orð? Skyldi par á þessum vafasama aldri vera dæmi um óæskilega hópamyndun í augum tjaldvarðanna?

**NÚ RIFJUÐUST** upp löngu gleymdar aðferðir sem reynst höfðu notadrjúgar til að smygla sér inn á skemmtistaði í den. Það var reyndar of seint að útvega fölsuð skilríki en ýmislegt annað mátti reyna. Þeirri hugmynd skaut upp að fá lánaðan barnabílstól og ljúga síðan að tjaldvörðunum að krakkinn væri á leiðinni, hann hefði bara fengið far með ömmu og afa. Í framhaldinu kviknaði sú hugmynd hvort ef til vill væri að skapast hér markaður fyrir barnaleigu. Vanti foreldra pössun um helgina má eflaust leigja afkvæmin út til barnlausra á þrítugsaldri sem langar í útilegu.

**Í RAUN** var svolítið hressandi að uppgötva að þótt þrítugsafmælið nálgist þá er enn þá eitthvað (fyrir utan það að bjóða sig fram til forseta) sem við tuttuguogeitthvaðfólkið erum of ung til að gera. Sextán ára urðum við sjálfráða, sautján ára fengum við bílprófið og tvítug máttum við kaupa bjór. Allir afmælisdagar síðan þá hafa verið hver öðrum leiðinlegri en nú getum við hlakkað til að fylla þrjá tugi og mega loksins tjalda. Það er ekki svo langt að bíða. Hins vegar er fermingarbörnunum vorkunn. Alltént þessum sem fengu glænýtt kúlutjald í fermingargjöf og þurfa að bíða í 16 ár með að nota það.

**PARIÐ** unga datt að lokum niður á einfalda aðferð til að blekkja tjaldverðina. Góður púði var hafður með í för sem undirrituð ætlaði að troða inn á sig ef vígalega útkastara tjaldsvæðanna bæri að garði. Þeir fara varla að neita þungaðri konu um gistingu. Svoleiðis gerist bara í allra svæsnustu ævintýrunum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 18. júlí, 201. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.51 | 13.34 | 23.15 |
| Akureyri | 3.09 | 13.29 | 23.25 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


